


# Bændablaðið

4. tölublað 2025 • Fimmtudagur 20. febrúar • Blað nr. 674 • 31 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



Magnús Þór Eggertsson, bóndi í Ásgarði í Borgarfirði, er hér í nýju nautahúsi sem hann reisti, ásamt fjölskyldu sinni, á nágrannajörðinni Litla-Kroppi. Með byggingunni skapast aukið pláss fyrir mjólkurkýrnar í Ásgarði og gefur aðstaðan færi á auknum árangri í ræktun nautgripa til kjötframleiðslu. Nokkurt hagræði felst jafnframt í því að hafa hluta bústofnsins nálægt ræktarlandinu á Litla-Kroppi. *– Sjá nánar á síðu 28.* Mynd / Ástvaldur Lárusson



## Sumri sáð

Unnendur sumarblóma huga þessa dagana að sáningu. Ekki er ráð nema í tíma sé tekið og fylgja þarf nokkrum einföldum meginreglum.

**– 34 –**



## Riðuvarnir

Innleiðing verndandi arfgerða í sauðfé er á fljúgandi ferð. Samkvæmt Fjárvís eru nú lifandi 2.566 hrútar sem bera hina verndandi arfgerð ARR, þar af 55 hrútar sem eru arfhreinir (ARR/ARR).

**– 36 –**

### Frumvarp fjármála- og efnahagsráðherra:

# Ostur með viðbættri jurtafitu verði tollfrjáls

**Áform eru um breytingu á tollflokkun á mjólkurosti með viðbættri jurtafitu þannig að slíkar vörur falli í tollfrjálsan tollflokk.**

Þau koma fram í máli númer 14 í þingmálaskrá fjármála- og efnahagsráðherra, þar sem frumvarp er kynnt um breytingar á ýmsum lögum, þar með töldum tollalögum.

Í niðurstöðum Héraðsdóms Reykjavíkur, sem staðfestur var í Landsrétti í byrjun árs 2022, var kveðið upp úr með að greiða ætti toll af tilteknum osti sem var með viðbættri jurtafitu. Í áformunum er vitnað í álit Alþjóðatollastofnunarinnar (WCO) frá því í mars 2023 sem hafi ekki verið í samræmi við áðurnefnda niðurstöðu íslenskra dómstóla. Þar kemur fram að samkvæmt 189. grein tollalaga sé heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á íslensku tollskránni til samræmis við úrskurði eða álit WCO. Nú sé því áformað að innleiða túlkun WCO og því þurfi að breyta tollskránni með lagabreytingu. Lagabreytingin mun ekki hafa afturvirkt gildi.

### *Tollflokkunin verði í samræmi við álit WCO*

Í svari Jóns Steindórs Valdimarssonar, aðstoðarmanns Daða Más Kristóferssonar fjármála- og efnahagsráðherra, við fyrirspurn um tilgang frumvarpsins, segir að Ísland sé aðili að alþjóðlegum samningi um samræmda vörulýsingar- og vöruheitaskrá.

Hann segir að niðurstöður dómstóla í fyrrgreindu dómsmáli hafi ekki verið í samræmi við túlkun WCO. Þá hafi Evrópusambandið (ESB) gert athugasemdir við núgildandi fyrirkomulag og talið það vera viðskiptahindrun. Samkvæmt tollalögum sé heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á íslensku tollskránni til samræmis við úrskurði eða álit WCO.

„Fjármálaráðuneytið hefur haft þessi mál til skoðunar og nýr fjármálaráðherra ákvað að leggja fram umrætt frumvarp til breytingar á íslensku tollskránni þannig að tollflokkun verði framvegis í samræmi við fyrrnefnt álit WCO, og þar með í samræmi við þær þjóðréttarlegu skuldbindingar sem felast í aðild Íslands að WCO og fyrrnefndum samningi um samræmdu tollskrána," segir í svari Jóns Steindórs.

### *Ígildi ársframleiðslu 60 kúabúa*

Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur Mjólkursamsölunnar, segist draga þá ályktun af málinu að breyta eigi íslensku tollskránni þannig að mjólkurvörur sem innihalda að einhverju leyti jurtafitu, falli í tollfrjálsa tollflokka undir vörulið 2106 í íslensku tollskránni.

„Vörur sem innihalda 85–90 prósent mjólkurhráefni en einungis 10–15 prósent hráefni úr jurtaríkinu, á hér að fara að flokka sem jurtavörur með opinberu inngripi sem að auki ómerkir þegar fengnar niðurstöður dómstóla hér á landi.

Þetta mun hafa gríðarleg áhrif á íslenskan markað fyrir mjólkurafurðir og þar með íslenska mjólkurframleiðendur. Umrædd vara, rifinn ostur, er ígildi ársframleiðslu 60 kúabúa í dag. Ef þetta á að taka til fleiri vara erum við að tala um tugi milljóna lítra til viðbótar." */smh*

***– Framhald á síðu 2.***

Tollamál:

# Brostnar forsendur búvörusamninga

**Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur Mjólkursamsölunnar, segir að stórar spurningar vakni vegna áforma stjórnvalda um breytingu á tollflokkun á mjólkurosti með viðbættri jurtafitu, þannig að slíkar vörur falli í tollfrjálsan tollflokk.**

„Það má leiða mjög sterk rök fyrir því að forsendur búvörusamninga bænda við hið opinbera séu brostnar,“ segir Erna og spyr hvort hér sé mögulega gengið þvert gegn markmiðum búvörulaga.

„Þá má nefna að við gerð viðskiptasamninga við Evrópusambandið um landbúnaðarafurðir leit ekki nokkur maður svo á að vörur eins og þessar, sem innihalda jafnvel 85–90 prósent mjólkurhráefni, gætu verið að koma tollfrjálsar til landsins. Allar forsendur búvörusamninga og viðskiptasamninga um landbúnaðarvörur eru því gerbreyttar og má segja að séu brostnar,“ heldur Erna áfram.

### *Tvö mál um tollun pitsuosta*

Þegar Erna er spurð frekar um þessi mál og meðferð þeirra fyrir íslenskum dómstólum á undanförnum árum, segir hún að eitt mál hafi verið höfðað árið 2021, sem vitnað sé til í áformunum með frumvarpi fjármála- og efnahagsráðherra.

„Það var höfðað af hálfu innflutningsaðila, sem taldi að hann ætti ekki að borga toll af ostinum Festino IQF Mozzarella Pizza Mix, í samræmi við bindandi álit Skattsins. En hann tapaði því máli fyrir héraðsdómi og Landsrétti, fékk ekki áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar og tapaði beiðni um endurupptöku þess fyrir Endurupptökudómi. Dæmt var í öðru máli af sama toga mánudaginn 17. febrúar síðastliðinn. Þar sem innflytjandinn reyndi á ný að hnekkja fyrri niðurstöðu dómstóla með því að krefjast ógildingar á öðru bindandi áliti Skattsins á sambærilegri vöru um tollflokkun á pitsuosti. Dómurinn féll á þann veg að íslenska ríkið var sýknað af kröfum Danól og fyrirtækið dæmt til að greiða 950.000 krónur í málskostnað.

Það sem vekur nokkra furðu er að hér eru boðuð áform um lagasetningu til að hnekkja niðurstöðum íslenskra dómstóla og það jafnvel meðan enn er tekist á fyrir dómstólum um mál af sambærilegum toga. Spyrja má hvort hér sé vegið að þrískiptingu valds á Íslandi sem kveðið er á um í annarri grein stjórnarskrárinnar,“ segir Erna.

### *Ekki lagaleg skuldbinding*



Erna Bjarnadóttir.

Félag atvinnurekenda (FA) fjallaði um þessi mál á vef sínum í kjölfar birtingar þingmálaskrárinnar og fagnaði frumvarpi fjármála- og efnahagsráðherra. Þar segir meðal annars að Evrópusambandið hafi í fyrsta sinn sett Ísland á lista yfir viðskiptahindranir, sem útflutningsfyrirtæki í ESB-ríkjum eru beitt í ríkjum utan sambandsins. Ástæðan sé ákvörðun Skattsins árið 2020, sem tekin hafi verið undir þrýstingi frá fjármálaráðuneytinu, Bændasamtökum Íslands og Mjólkursamsölunni, um að breyta tollflokkun á pitsuosti með íblandaðri jurtaolíu þannig að greiða ætti toll af slíkum vörum. Það hefði verið þvert gegn áliti starfsmanna tollstjóra hjá Skattinum. Með áformum um lagabreytingu nú verði tollflokkuninni breytt aftur til lögmæts horfs.

Erna segir að þarna sé fjallað um tollflokkun á pitsuosti í villandi hátt og litið fram hjá staðreyndum. „Danól ehf., félagsmaður FA, tapaði á öllum stigum mála – bæði í Héraðsdómi Reykjavíkur og Landsrétti. Hæstiréttur hafnaði áfrýjun og síðar hafnaði Endurupptökudómur beiðni um endurupptöku. Þrátt fyrir þetta heldur FA áfram að þrýsta á stjórnvöld að breyta tollflokkun í andstöðu við niðurstöður dómstóla.

FA fullyrðir að Ísland hafi verið sett á „viðskiptahindranalista ESB“ vegna ólögmætrar tollflokkunar, en þetta er einföldun. Noregur hefur verið á þessum lista allavega síðan 2012 án viðskiptalegra afleiðinga, og fjölmörg önnur lönd eru þar einnig. Þetta er fyrst og fremst pólitískt þrýstingsverkfæri ESB, ekki lagaleg skuldbinding.

Fullyrðing FA um að tollflokkunin hafi farið gegn áliti Skattsins stenst ekki. Skatturinn hefur aldrei gefið út annað bindandi álit en að pitsuosturinn eigi að flokkast í 4. kafla tollskrár, eins og íslenskir dómstólar hafa staðfest.

FA virðist frekar verja hagsmuni stórfyrirtækja ESB en íslenskra framleiðenda. Það væri fordæmalaust og hættulegt ef Ísland breytti tollflokkunum vegna erlends þrýstings í stað þess að fylgja eigin lögum og dómstólum.“ /smh




Dýrahræ og -leifar flokkast sem „aukaafurð dýra“ í regluverki úrgangsmála og á að farga í brennslu. Aðeins brennslustöðin Kalka í Helguvík á Reykjanesi getur tekið við áhættuúrgangi í flokki 1, sem hræ af jórturdýrum eru. Urðun á viðurkenndum urðunarstöðum er aðeins leyfð fyrir aukaafurðir dýra í áhættuflokki 2, eftir viðeigandi sótthreinsun. Engin slík sótthreinsistöð er hins vegar til staðar í landinu. Mynd / smh

Úrgangsmál:

# Ólögleg förgun dýrahræja

**Um 87 prósent dýrahræja fóru til urðunar á árunum 2020 til 2022, samkvæmt tölum Umhverfis- og orkustofnunar, þrátt fyrir að í reynd sé urðun dýrahræja bönnuð.**

EFTA-dómstóllinn felldi dóm yfir fyrirkomulaginu hér á landi sumarið 2022.

Dýrahræ og -leifar flokkast sem „aukaafurð dýra“ í regluverki úrgangsmála – en það er ein gerð úrgangs. Aðeins brennslustöðin Kalka í Helguvík á Reykjanesi getur tekið við áhættuúrgangi í flokki 1, sem hræ af jórturdýrum eru. Urðun á viðurkenndum urðunarstöðum er aðeins leyfð fyrir aukaafurðir dýra í áhættuflokki 2, eftir viðeigandi sótthreinsun. Engin slík sótthreinsistöð er hins vegar til staðar í landinu.

Samkvæmt bráðabirgðatölum Umhverfis- og orkustofnunar var hlutfallið af urðuðum dýrahræjum sem fór til förgunar árið 2023 komið niður í um 53 prósent. ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, áminnti svo stjórnvöld í lok júní á síðasta ári fyrir að hafa ekki komið málum í lag frá því dómurinn féll.

### *Ábyrgð heilbrigðisnefnda sveitarfélaga*

Stjórnkerfi fyrir þennan málaflokk er fjölþætt á Íslandi og ógegnsætt að mörgu leyti. Matvælastofnun, Umhverfis- og orkustofnun, sveitarfélög, auk ráðuneyta matvæla og umhverfis-, orku- og loftslags, hafa aðkomu að þessum málum og skipta með sér stjórnsýsluhlutverkum.

Það eru heilbrigðisnefndir sveitarfélaga sem hafa eftirlit með því að þessi og annar úrgangur sé færður til viðeigandi meðhöndlunar og hefur einnig eftirlit með þeim aðilum sem hafa starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd.

### *Matvælastofnun fer með málefni aukaafurða dýra*

Umsjón með almenna úrgangsregluverkinu á Íslandi er hjá Umhverfis- og orkustofnun. Matvælastofnun fer hins vegar með málefni aukaafurða dýra og um þær gildir viðamikið regluverk sem innleitt var úr Evrópulöggjöfinni um aukaafurðir dýra. Sveitarstjórn ákveður fyrirkomulag söfnunar á úrgangi í sveitarfélaginu og hefur heimild í lögum um meðhöndlun úrgangs til að kveða á um hvernig skuli staðið að söfnun á dýraleifum og dýrahræjum, eða aukaafurðum dýra.

### *Sum sveitarfélög með eigin söfnunarkerfi*

Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson, sérfræðingur á sviði orkuskipta- og hringrásarhagkerfis hjá Umhverfis- og orkustofnun, segir að sögulega hafi gengið illa á Íslandi að koma dýraleifum og dýrahræjum í rétta meðhöndlun og því hafi sum sveitarfélög farið þá leið að safna þessum úrgangi á vegum sveitarfélagsins.

Hann segir að þótt sveitarstjórnir beri ábyrgð á því að starfræktar séu söfnunar- og móttökustöðvar fyrir þann úrgang sem fellur til í sveitarfélögum þá sé alveg ljóst að eigendur dýrahræja og -leifa hafi ríka skyldu til að tryggja að sá úrgangur sé meðhöndlaður bæði samkvæmt úrgangslögum og lögum um aukaafurðir dýra.

### *Gjald í samræmi við kostnað*

Sveitarstjórn er ekki heimilt að niðurgreiða úrgangsmeðhöndlun nema upp að vissu marki, heldur á hún að innheimta gjald sem sé í samræmi við kostnaðinn við meðhöndlun úrgangsins.

Jóhannes segir að urðun dýrahræja sé ekki lögleg leið til meðhöndlunar þeirra, hvorki fyrir sveitarfélög né bændur. „Ef menn fá lágt verð í meðhöndlun á dýrahræjum og dýraleifum ætti fyrsta spurningin sem kemur upp í hugann að vera hvort verið sé að fara að lögum við losun á þessum úrgangi eða hvort hann sé nokkuð að enda í ólöglegri urðun,“ segir Jóhannes. /smh

*– Sjá nánar á síðum 20–23.*




# Mótmæla breytingum á tollflokkun osta

**Sex hagsmunasamtök á sviði landbúnaðar og matvælaframleiðslu hafa sent fjármála- og efnahagsráðherra bréf þar sem áformum um breytingar á tollflokkun mjólkurafurða er mótmælt.**

Í bréfinu segir að gangi áformin eftir munu mjólkurvörur, sem áður báru 30 prósent toll og 798 krónu magntoll, í reynd verða tollfrjálsar við innflutning til landsins. Með breytingunni gæti innflutningur aukist verulega á þessum vörum, innlend framleiðsla minnkað og hundruð milljóna króna á ársgrundvelli færast frá íslenskum bændum til erlendra bænda og fárra innflutningsfyrirtækja.

### *Sérhagsmunir örfárra heildsala*

Telja samtökin sex að breytingarnar geti haft verulega neikvæð áhrif á innlenda matvælaframleiðslu, samkeppnisstöðu íslenskra bænda og stöðugleika í greininni. Bent er á að stóraukinn innflutningur gæti orðið á slíkum vörum í kjölfar tollalagabreytinga sem áformaðar séu. „Með þessum málatilbúnaði er ekki verið að gæta almannahagsmuna Íslendinga heldur þröngra sérhagsmuna örfárra heildsala sem láta sig rekstrarskilyrði landbúnaðarins, og um leið fæðuöryggi íslenskrar þjóðar, engu varða,“ er haft eftir Trausta Hjálmarssyni, formanni Bændasamtaka Íslands, í fréttatilkynningu.

### *Ekki skuldbundið að fylgja WCO*

Í bréfinu er bent á að íslenska ríkið sé ekki skuldbundið til að fylgja niðurstöðu Alþjóðatollastofnunarinnar (WCO) um þessa tollflokkun, enda hafi íslenskir dómstólar þegar kveðið upp úr með að þessar vörur skuli flokkast sem rifinn ostur. Fullyrðingar um að Ísland hafi verið sett á viðskiptahindranalistann hjá Evrópusambandinu vegna ólögmætrar tollflokkunar séu settar fram með afar villandi hætti.

„Skilgreining ESB á viðskiptahindrunum er pólitískt mótuð að teknu tilliti til hagsmuna þess og hefur ekki lagalega þýðingu gagnvart EES-samningnum. Þá hefur Noregur verið á umræddum lista í yfir 12 ár,“ segir enn fremur í tilkynningunni.

Undir bréfið rita forsvarsmenn Bændasamtaka Íslands, Beint frá býli, Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði, Samtaka fyrirtækja í landbúnaði, Samtaka smáframleiðenda matvæla og Samtaka ungra bænda. /smh



LAND CRUISER 250
KOMDU OG REYNSLUAKTU LAND CRUISER 250 HJÁ VIÐURKENNDUM SÖLUAÐILUM. SÖLURÁÐGJAFAR OKKAR TAKA VEL Á MÓTI ÞÉR.
Land Cruiser 250 er flaggskip Toyota. Útlitið er óður til fortíðar og undir kraftalegri yfirbyggingunni liggur ósigrandi torfærutæki.
Land Cruiser 250 er konungur jeppanna.
TOYOTA
LAND CRUISER 250
TOYOTA FÖRUM LENGRA
Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070
Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300
Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600
Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000
7
3+4 ÁBYRGÐ
3
ÁRA ÞJÓNUSTA
VEGAAÐSTOÐ
2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.

Bændablaðið:

# Þröstur ráðinn ritstjóri

**Þröstur Helgason hefur verið ráðinn sem ritstjóri Bændablaðsins og mun hann taka við ritstjórn miðilsins á næstu vikum.**

Þröstur á að baki langan feril í blaðamennsku, ritstjórn og stjórnun fjölmiðla. Hann var dagskrárstjóri Rásar 1 á RÚV í níu ár en lauk störfum þar í mars 2023. Áður starfaði hann sem blaðamaður á Morgunblaðinu um árabil, þar af sem ritstjóri Lesbókar árin 2001 til 2009. Hann hefur komið að útgáfustarfsemi með ýmsum hætti og síðustu tvö ár rekið bókaforlagið KIND útgáfu. Þröstur er með doktorspróf í almennri bókmenntafræði og hefur sinnt kennslu við Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands, auk þess sem hann er höfundur þriggja bóka.

Þröstur segist spenntur að taka við Bændablaðinu: „Bændablaðið er traust og gott blað með mikinn lestur. Ég hlakka til að halda áfram því frábæra starfi sem þarna hefur verið unnið undanfarin ár. Mér finnst vinsældir blaðsins segja mikið um þann góða hug sem landsmenn bera til bænda og málefna landsbyggðarinnar. Mér þykir afar vænt um það traust sem mér hefur verið sýnt með þessari ráðningu og hlakka til að taka við þessu frábæra blaði.“

Margrét Ágústa Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna, segir samtökin hlakka til að starfa með Þresti. „Við kveðjum Guðrúnu Huldu Pálsdóttur, fráfarandi ritstjóra, með söknuði. Hún hefur unnið afar öflugt starf í þágu fjölmiðilsins og leitt á þann málsmetandi stað sem Bændablaðið er í dag, sem mest lesni prentmiðill landsins. Ásýnd og hróður Bændablaðsins hefur aldrei verið meiri enda hafa efnistök og gæði blaðsins orðið enn betri á síðustu árum. Ég óska henni velfarnaðar í sínum framtíðarverkefnum. Það er því afar mikill fengur fyrir Bændasamtökin að fá jafn reynslumikinn mann eins og Þröst til starfa. Við bjóðum hann velkominn til starfa og erum sannfærð um að Þröstur muni gera gott blað enn betra. Þekking hans og reynsla í störfum sínum á fjölmiðlum mun nýtast í að efla umræðuna um landbúnaðinn og landsbyggðina.“



Þröstur Helgason.

# Innviðaskuld í Öræfum

**Íbúða- og þjónustuskortur er í Öræfum að sögn íbúa sem skorar á sveitarstjórn Hornafjarðar og ríkisstjórn að blása til sóknar fyrir sístækkandi samfélag þar.**

Íbúafjöldi Öræfa hefur margfaldast á áratug. Árið 2010 voru þeir tæplega 90 talsins en telja í dag 235 að því er fram kemur í aðsendri grein Írisar Ragnarsdóttur Pedersen fjallaleiðsögumanns, en hún er búsett í Svínafelli í Öræfum. Þrátt fyrir íbúafjöldann sé ekki að finna matvöruverslun, heilsugæslu eða sundlaug eins og í mörgum byggðarlögum af sömu stærðargráðu.

„Víða um landið eru byggðarlög með 200–300 íbúum með gott þjónustustig, s.s. Laugarvatn, Bíldudalur, Tálknafjörður, Búðardalur og Hólmavík. Á öllum þessum stöðum er hægt að komast í sund eða heitan pott, stunda íþróttir í íþróttahúsi, fá sendan pakka í póstbox, komast til læknis á innan við 30 mínútum, kaupa í matinn og leigja íbúð. En íbúar Öræfa fara á mis við öll þessi almennu lífsgæði. Er það einungis vegna þess að sveitin er dreifbýli en ekki byggðarkjarni? Eða hefur sveitarfélagið gleymt að sinna íbúum Öræfa? Hefur sveitarfélagið gleymt að sinna tæplega 15% íbúa sinna?“ spyr Íris meðal annars í greininni.

Hún bendir þar á að hartnær fjórutíu ár séu síðan síðasta opinbera bygging í Öræfum var byggð. „Í Öræfum sárvantar mannaðan sjúkrabíl og heilbrigðisþjónustu sem hlýtur að teljast til almennra mannréttinda allra á Íslandi. Enginn á að þurfa að bíða í klukkustund eftir sérhæfðri aðstoð. Og að lokum vantar hér aðstöðu til íþróttaiðkunar innandyra.“ */ghp*



Íris Ragnarsdóttir Pedersen.

*– Sjá nánar á síðu 48.*

Ný áburðarverðskrá og ný vefsíða - aburdur.is
Við kynnum með stolti nýja vefsíðu fyrir sölu áburðar




GRÆÐIR
Fyrir íslenskan jarðveg

FÓÐURBLANDAN
FB Reykjavík
Korngarðar 12
570 9800
FB Selfoss
Austurvegur 64 a
570 9840
FB Hvolsvöllur
Duftþaksbraut 1
570 9850
www.aburdur.is
aburdur@aburdur.is

Kornrækt:

# Kornþurrkstöð fyrir allt Austurland

## – Mun geta annað 1.000 tonnum á ári

**Setja á upp kornþurrkstöð við Egilsstaði sem þjónað getur öllum kornræktendum á Austurlandi. Fyrirhuguð gangsetning er í haust.**

Unnið er að því að koma á fót kornþurrkstöð á Fljótsdalshéraði. Hana á að reisa við Egilsstaði nú í vor og sumar og gangsetja í haust. Gert er ráð fyrir að aðalorkugjafinn verði heitt vatn.

Kornþurrkun Austurlands mun starfrækja móttöku á blautu korni til þurrkunar ásamt geymslu fyrir þurrt korn. Þurrkstöðinni er ætlað að þjónusta alla þá kornframleiðendur á Austurlandi sem vilja þurrka sitt korn, sem síðan er mögulegt að fullvinna. Verkefnið hlaut nýlega 1,5 m.kr. styrk úr Uppbyggingarsjóði Austurlands og áður styrk úr fjárfestingarstuðningi í kornrækt.



Kornskurður á Héraði. Þar á að byggja upp kornþurrkstöð. Myndir / sá

### *Gjörbreytir kornræktarmöguleikum*

Jón Elvar Gunnarsson, bóndi á Breiðavaði í Eiðaþinghá, er einn af þeim sem eru í forsvari fyrir uppbyggingu kornþurrkstöðvarinnar. Hann segir að tilkoma hennar muni gjörbreyta landslagi kornræktar á Austurlandi og fjölgi möguleikum á nýtingu byggs fyrir bændur.

„Vonandi verður þetta einnig til að fleiri sjái hag sinn í að rækta korn til fóðurs eða manneldis og eflir landbúnað á svæðinu,“ segir Jón Elvar. Dýrmætt sé að geta gefið heimaaflað fóður í stað aðkeypts. „Þeir sem hafa ræktarland geta þá ræktað korn, þurrkað það og selt. Þannig minnkar hlutur innflutts hráefnis í kjarnfóðri,“ bætir hann við.

### *Kostnaður yfir 100 milljónir*

Níu aðilar koma að verkefninu og eru allir í kornrækt, flestir á Héraði. Utan um verkefnið heldur stjórn Kornþurrkunar Austurlands ehf., sem stofnuð er af níu kornræktendum af svæðinu en verkefnið er unnið í samstarfi við Búnaðarfélag Eiðaþinghár. Stöðin mun geta annað fleiri kornræktendum og segir Jón Elvar bændur utan hópsins þegar farna að kanna möguleika á þurrkun á korni. Stöðin á að geta þurrkað allt að 1.000 tonn á ári. Líklegt magn til að byrja með er talið vera 250–300 tonn en ætti fljótlega að fara yfir 500 tonn. Þurrkstöðinni hefur verið valinn staður á iðnaðarsvæði norðan Fellabæjar, nokkuð miðsvæðis. Þar er stutt í heitt vatn sem notað verður við þurrkunina. Húsið verður um 300 m² að stærð. Í því verður þurrkari með búnaði til að nýta heitt vatn til þurrkunar og geymslusíló fyrir þurrt korn.



Jón Elvar Gunnarsson.

Áætlaður kostnaður þegar lagt var af stað með verkefnið var um 91 milljón en útlit er fyrir að heildarkostnaðurinn nemi rúmum 100 milljónum.

### *Fóðurkorn í fyrstu*

Í fyrstu mun allt korn sem kemur í stöðina hugsað til fóðurgerðar. Þegar reynsla er komin á tækin verður hugað að þurrkun byggs í sáðbygg.

„Bændur vilja rækta sjálfir það sem þeir gefa sínum gripum. Það er keppikefli bænda að vera eins sjálfbærir í sinni fóðuröflun og mögulegt er. Með því að rækta meira sjálf stuðlum við að enn frekara fæðuöryggi þar sem framleiðendur verða ekki eins háðir innflutningi,“ segir Jón Elvar.

Bygg sé undirstaðan í kjarnfóðri sem keypt er og gefið í dag. „Kornþurrkstöð á Austurlandi gerir bændum kleift að rækta sjálfir þennan grunn, en byggrækt hefur verið stunduð á svæðinu undanfarin ár með ágætis árangri,“ segir hann jafnframt.

Langalgengustu aðferðir til að geyma korn eru tvenns konar: sýrt blautt beint af akri eða þurrkað. Blautt korn er valsað og gefið beint út á hey, eða skepnur hafa óheftan aðgang að því. Þurrkaða kornið er hægt að köggla sem gerið það mun auðveldara í notkun og nýtist betur. Einnig þykir það betri söluvara en það sýrða.

Þurrt korn hefur það fram yfir hið blauta að auðvelt er að blanda saman við það próteini, steinefnum og vítamínum, þ.e.a.s. búa til sína eigin blöndu þegar það er kögglað. Kögglaða kornið er jafnframt hægt að gefa í fóðurkerfum. */sá*

Sauðfjárrækt:

# Minni afurðir en góður árangur

## – Áhrif af hretinu í fyrstu viku júní sjást greinilega

**Í niðurstöðum sauðfjárskýrsluhaldsins fyrir síðasta ár, sem Eyjólfur Ingvi Bjarnason, ráðunautur Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, fjallar um hér í blaðinu, kemur í ljós að afurðir eftir hverja fullorðna kind voru 28,4 kíló að meðaltali, sem eru minni afurðir en undanfarin ár.**

Líkt og fyrri ár er Gýgjarhólskot afurðamesta sauðfjárbú síðasta árs með 44,8 kíló eftir hverja fullorðna kind og Bræðratunga sem einnig er í Biskupstungum með 43,2 kíló eftir hverja kind í öðru sæti. Það voru einu búin sem náðu meira en 40 kílóum eftir allar kindur búanna. Efri-Fitjar í Fitjárdal er svo í þriðja sæti með 42,8 kíló eftir hverja fullorðna kind. Segir Eyjólfur að sífellt fleiri bú nái auknum afurðum. Sem dæmi nefnir hann að árið 2024 hafi 56 bú náð meira en 35 kílóum eftir hverja fullorðna kind, en árið 2010 náðu einungis 12 bú þeim árangri.

Í yfirliti Eyjólfs kemur fram að fædd lömb á hverja kind hafi verið 1,85 vorið 2024, en þeim hefur farið lítillega fjölgandi. Helsta ástæðan er að aukinn fjöldi kinda eignist þrjú eða fleiri lömb. Fór það hlutfall nú í fyrsta skiptið yfir tíu prósent.

Eyjólfur segir að þó að afurðirnar teljist minni en undanfarin ár sé árangurinn samt sem áður góður í ljósi þeirra áskorana sem bændur landsins bjuggu við á síðasta ári. „Áhrif af hretinu í fyrstu viku júní sjást greinilega í mörgum héruðum sem færri kíló eftir hverja kind en samt ekkert langt frá meðalafurðum síðustu 10 ára. Þó þarf að hafa í huga að fé hefur fækkað mikið síðustu ár sem hefur einhver áhrif á samanburð milli ára. Hlutfallslega hefur fækkun sauðfjár verið minnst í Austur-Húnavatnssýslu en mest á Vestfjörðum og í Vestur-Skaftafellssýslu,“ segir Eyjólfur í yfirliti sínu. */smh*



Eiríkur Jónsson í Gýgjarhólskoti er sem fyrr með afurðahæsta sauðfjárbúið. Mynd / smh

*– Sjá nánar á síðum 40–41.*



LANDSHÚS
Síðan 2013
ÍSLENSK HÚS - SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR
HRÍM HEILSÁRSHÚS
Hrím er splunkunýtt hús úr smiðju Landshúsa. Húsið er stílhreint, bjart og hannað í nútímastíl.
Húsið hentar vel sem sumarhús eða sem heilsárshús. Hægt er að breyta húsinu á ýmsa vegu og ráða stærð þess.
NÝTT
Íslenskt Jöklahús með stórum gluggum í nútímastíl
NÝTT
JÖKLAR GESTAHÚS
Henta vel sem gestahús, starfsmannahús, auka herbergi, heimaskrifstofa eða sem útleigueining í ferðaþjónustu.
Grunnstærð er 24,3fm og er stækkanleg að vild.
Jöklar Burst
Jöklar íslensku húsin
Jöklar Flat
KLETTAR HEILSÁRSHÚS
Klettar eru sterkbyggð hefðbundin timburgrindarhús með rúmgóðu svefnlofti. Húsin afhendast ósamsett, að hluta í forsmíðuðum einingum og að hluta sem forsniðið efni.
Uppsetning húsanna er afar fljótleg.
Vorpantanir hafnar á öllum húsunum okkar
Tryggðu þér pláss!
EFLA
Efla verkfræðistofa sér um tæknilega hönnun á húsunum okkar samkvæmt íslenskri byggingar-löggjöf.
UPPSETNINGARTEYMI
Vísum á vana uppsetningaraðila með mikla reynslu af húsunum okkar.
Húsið á myndinni er af gerðinni Klettar 80 sem reist var 2019 á Vesturlandi.
STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN
Landshús - Sími 553 1550 - www.landshus.is
Öll verð má finna á heimasíðu okkar
LANDSHÚS
Síðan 2013

# Bændablaðið

**Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.**
**Upplýsingar um dreifingarstaði er að finna á vef Bændablaðsins: www.bbl.is**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar kr. 17.500 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 13.900 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
**Sími:** 563 0300 – **Kt:** 631294-2279
**Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.

**Ritstjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
**Netfang auglýsinga:** thordis@bondi.is – **Vefur blaðsins:** www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** 33.000 – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


## Átök vegna osta

**Landbúnaður virðist ekki eiga sér viðreisnar von þessa dagana. Bændur eru skelkaðir yfir framgangi atvinnuvegaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra í þessari viku.**

Framleiðendur landbúnaðarvara eru að reyna að standa vörð um íslenska matvælaframleiðslu sem, þvert á pólitíska flokkadrætti, virðist vera samhugur um að eigi að vera til staðar hér á landi. En boðaðar lagabreytingar Stjórnarráðsins bera vott um annað.

Ráðherra fjármála og efnahags, Daði Már Kristófersson, áformar breytingu á inntaki tiltekinnar athugasemdar við fjórða kafla tollskrár, sem er viðauki við tollalög. „Bæta á viðbótarskýringu við c-lið 5. athugasemdar við 4. kafla tollskrárinnar á þá leið að vörur þar sem mjólkurfita hefur verið að öllu leyti eða hluta til skipt út fyrir aðra tegundir fitu (t.d. jurtafitu) teljist ekki vörur sem falla undir 4. kafla tollskrárinnar“.

> ...geti það reynst fordæmisgefandi og opnað fyrir innflutning á ýmsum vernduðum landbúnaðarvörum...

Eins átakanlega leiðinlegt og þetta hljómar þá mun þessi texti lögfestur þýða að hægt verði að flytja inn mjólkurost án þess að borga toll. Með viðbættum jurtaolíum teljist hann ekki ostur í skilningi áformaðra breytinga tollalaga, heldur jurtaostur. Ekki grænkera-ostur, heldur jurtaostur.

Lög gera hins vegar ráð fyrir að greiða skuli tolla ef flytja á inn mjólkurost. Tollvernd er viðurkennt stjórntæki alþjóðlega og liður í opinberri stefnu stjórnvalda landa til að viðhalda sínum innlenda landbúnaði, sem er m.a. ótvírætt fæðuöryggismál. Á Íslandi framleiða um 500 bú mjólk og þær fjölskyldur sem standa að búskapnum hafa sitt lifibrauð af framleiðslunni víðs vegar um landið.

Í áformunum segist ráðherra ætla að innleiða túlkun Alþjóðatollastofnunar (WCO), í stað þess að fylgja niðurstöðu íslenskra dómstóla – sem hafa síendurtekið vísað kærum innflutningsfyrirtækis til föðurhúsanna og sagt: Sú vara sem þið skráðuð inn í landið sem jurtaost er að meginhluta mjólkurostur og hann skal tolla samkvæmt tollalögum sem mjólkurost.

Áhyggjur bænda snúa að því að ef áformin raungerist geti það reynst fordæmisgefandi og opnað fyrir innflutning á ýmsum vernduðum landbúnaðarvörum í formi ótollaðra jurtavara. Þar með verði hið mikilvæga stjórntæki tollverndar endanlega að engu.

Ekki er skylt að lögleiða álit WCO en Félag atvinnurekenda reynir að þyrla upp moldviðri um að Ísland sé að kalla yfir sig einhvers konar viðskiptahindranir við Evrópu með því að ákveða að tolla jurtaostinn sem ost. Það er ekki svo. Staðreyndin er sú að ESB hefur á lista sínum 69 lönd sem sambandið telur beita viðskiptahindrunum, vegna 436 ákvarðana. Það að vera á þessum lista hefur ekki sjálfkrafa neinar afleiðingar á viðskipti þjóðanna við ESB. Í túlkun ESB er nefnt að tollar Íslands hindri innflutning á vörum úr mjólk frá Evrópusambandsríkjum til Íslands. En það er einmitt tilgangurinn.

Nokkur samtök landbúnaðar- og matvælaframleiðenda segja að breytingin sem ráðherra boðar gæti orðið þess valdandi að innflutningur aukist verulega og innlend framleiðsla muni þar með minnka, „m.ö.o. hundruð milljóna króna á ársgrundvelli munu færast frá íslenskum bændum til erlendra bænda og fárra innflutningsfyrirtækja“, segir í bréfi þeirra til ráðherra.

Það er því varla nema von að bændur séu uggandi um sinn hag.

*Guðrún Hulda Pálsdóttir ritstjóri.*


Einstök tækni fyrir þig

DeLaval



Bústólpi

VIÐ LEGGJUM GRUNN AÐ GÆÐUM




**Kjötvinnsla. Atvinnuvegaráðherra hefur boðað niðurfellingu á undanþáguheimild sláturhúsa og kjötafurðastöðva frá samkeppnislögum til samstarfs og sameiningar.** Mynd / smh

### Búvörulög:

# Frumvarp vekur furðu

**Frumvarp sem ætlað er að vinda ofan af breytingum sem gerðar voru á búvörulögum í fyrra mun ekki fara í samráðsferli. Ráðherra telur afturköllun undanþáguheimildar ekki hafa áhrif á ríkissjóð.**

Á þriðjudag lagði Hanna Katrín Friðriksson atvinnuvegaráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum. Með því er lagt til að felldar verði á brott þær umdeildu breytingar sem gerðar voru á lögunum í fyrra. Þær fólu í sér undanþáguheimild sláturhúsa og kjötafurðastöðva frá samkeppnislögum til samstarfs og sameiningar.

Í greinargerð með frumvarpinu er forsaga málsins rakin frá ferli þess inn á þingi, athugasemda Samkeppniseftirlitsins og annarra aðila eftir lagasetninguna til dóms sem kveðinn var upp í nóvember sl. Þar var undanþágan dæmd ólögmæt vegna formsatriða, á þeim rökum að frumvarpið hafi ekki fengið rétta þinglega meðferð á Alþingi.

Hinu nýja frumvarpi nú er ætlað að vinda ofan af breytingunum. „Með frumvarpinu er brugðist við þeirri stöðu sem upp er komin og þeim ábendingum sem ráðuneytinu hafa borist í kjölfar þess að Alþingi samþykkti lög nr. 30/2024,“ segir í greinargerðinni.

*Fer ekki í samráðsferli*

Frumvarpið mun ekki fara í gegnum samráðsgátt stjórnvalda og því gefst hagaðilum og almenningi ekki kostur á að senda inn umsagnir um fyrirhugaðar breytingar.

Samkvæmt samþykkt ríkisstjórnar um undirbúning og frágang



**Hanna Katrín Friðriksson.**



**Trausti Hjálmarsson.**

stjórnarfrumvarpa og þings ályktunartillagna gilda þær reglur að almenningi og hagsmunaaðilum skulu kynnt áform í opnu samráði og kostur gefinn á umsögnum og ábendingum. Þetta eigi þó ekki við ef sérstök rök mæla gegn því.

*Boðar nýtt frumvarp*

Þar stendur jafnframt að í undirbúningi sé nýtt frumvarp.

„Samhliða því stendur yfir vinna við nýtt lagafrumvarp sem miðar að því að tryggja að innlendir framleiðendur hafi ekki lakara svigrúm til hagræðingar og samstarfs en gengur og gerist í nágrannalöndum, líkt og markmið var með frumvarpi matvælaráðherra frá 14. nóvember 2023 og í samræmi við landbúnaðarstefnu til ársins 2040,“ segir í greinargerðinni.

Við þá vinnu verði teknar til skoðunar athugasemdir sem borist höfðu atvinnuveganefnd við vinnslu fyrra frumvarps.

*Telur að breytingin kalli ekki á útgjöld ríkissjóðs*

Atvinnuvegaráðherra telur að ef frumvarpið verði óbreytt að lögum muni það ekki kalla á aukin útgjöld ríkissjóðs, en í greinargerð er tiltekið að ráðuneytið búi ekki að upplýsingum um heildaráhrif þeirra laga sem samþykkt voru í fyrra.

„Samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins hafa félög ráðist í aðgerðir á grundvelli laganna og m.a. var samruni sláturfélaga á Norðurlandi fyrirhugaður,“ segir í greinargerðinni en þar er vísað í kaup Kaupfélags Skagfirðinga á Kjarnafæði Norðlenska.

Í áhrifakafla greinargerðar ráðherra er einnig tilgreint að áhrif þeirra breytinga sem lagðar eru til með frumvarpinu hafi lítil sem engin áhrif á stöðu kynjanna.

*Aftur á byrjunarreit*

Niðurfelling undanþáguheimildarinnar skapar óvissu meðal bænda að mati Trausta Hjálmarssonar, formanns Bændasamtaka Íslands.

„Það vekur furðu að ríkisvaldið ákveði að fara þessa leið þegar megintilgangur þess lagaákvæðis sem er fyrirhugað að fella úr gildi hafi verið að skila sér í bæði hærra afurðaverði til bænda og betra verði til neytenda,“ segir hann.

Hagræðing sem átti að skapast vegna fyrri laga hefði komið fram í haust en er nú fyrir bí. „Þess utan, ólíkt því sem segir í umræddu frumvarpi ráðherra um niðurfellingu, þá ætti hagræðingin af þeim lögum sem fyrirhugað er að fella úr gildi ekki að koma í ljós fyrr en við næstu sláturtíð, það er haustið 2025. Slíkt lá í augum uppi frá upphafi. Með þessu frumvarpi ráðherra lendum við bændur enn á ný á byrjunarreit og algjör óvissa um hvaða tæki ný ríkisstjórn ætlar að færa okkur til hagræðingar í rekstri fyrirtækja í okkar eigu,“ segir Trausti. */ghp*



Þórunn Jónasdóttir skólastjóri og Berglind Björk Guðnadóttir, formaður Kvenfélags Hraungerðishrepps, en félagið færði skólanum 200 þúsund krónur að gjöf, sem nýta á til uppbyggingar á tæknirými skólans.



Þórunn skólastjóri og Guðmunda Bríet Steindórsdóttir, formaður Ungmennafélagsins Þjótanda, en félagið færði skólanum 500 þúsund krónur að gjöf sem á að nýta til heilsueflingar, íþróttaiðkunar og útivistar nemenda skólans.



Elfa Rún Heimisdóttir frá Árprýði (t.v.), nemandi í 9. bekk, og Hugrún Svala Guðjónsdóttir frá Þjórsárnesi, nemandi í 10. bekk, lýstu því skemmtilega fyrir afmælisgestum hvernig er að vera nemandi í Flóaskóla en þær eru báðar í nemendaráði skólans.

# Fagnað í Flóaskóla

**Flóaskóli í Villingaholti í Flóahreppi fagnaði tuttugu ára afmæli á dögunum. Af því tilefni var blásið til veislu.**

Flóaskóli er staðsettur í Villingaholti og tók til starfa haustið 2004. Í grunnskólanum eru 110 nemendur og starfsmenn eru 33 talsins. Þórunn Jónsdóttir er skólastjóri Flóaskóla. „Það var gaman hve margir gáfu sér tíma til að koma til okkar að njóta dagsins með okkur. Ég hef ekki heyrt annað en gestir hafi verið ánægðir og við hér í skólanum vorum mjög sátt. Nemendur stóðu sig með prýði, tóku á móti gestum, kynntu skólastarfið og lögðu ýmiss konar þrautir og spurningar fyrir gestina. Boðið var upp á afmælisköku og skólanum bárust margar góðar gjafir,“ segir hún. Magnús Hlynur Hreiðarsson var viðstaddur afmælisfögnuðinn og tók meðfylgjandi myndir. /mhh



Hugrún Lísa Guðmundsdóttir Johnsen, nemandi í 10. bekk, söng fyrir afmælisgesti og Hafdís Gígja Björnsdóttir kennari spilaði á gítar.



Flóaskóli er vinsæll og skemmtilegur skóli þar sem nemendur og starfsfólk njóta sín saman í leik og starfi.



Hulda Kristjánsdóttir sveitarstjóri hélt stutt ávarp í afmælinu en Flóahreppur færði skólanum frá sveitarstjórn 5 milljónir króna til kaupa á leiktækjum á skólalóðina.



Guttormur Ólafarson, sem er í 2. bekk og frá Laugardælum, og Íris Harpa Kristinsdóttir frá Vatnsholti, nemandi 3. bekkjar.



Kvenfélag Villingaholtshrepps færði skólanum 800.000 króna peningagjöf til kaupa á leiktækjum á skólalóðina. Hér tekur Þórunn við gjafabréfinu frá þeim Ósk Unnarsdóttur og Miu Hellsten úr stjórn kvenfélagsins.



Nemendum var meðal annars boðið í pylsupartí í hádeginu á afmælisdaginn, sem allir kunnu vel að meta. Hér eru þeir frá vinstri, Jón Oliver Rúnarsson í 9. bekk frá Súluholti, Styrkár Freyr Birgisson í 9. bekk frá Oddgeirshólum og Albert Hellsten Högnason í 9. bekk frá Egilsstaðatjörn.



Hér eru vinkonurnar Margrét Lóa Stefánsdóttir í 10. bekk frá Gerðum (t.v.) og Katrín Lísa Guðmundsdóttir Johnsen, sem er 8. bekk og býr á Selfossi.



Frá vinstri, Ísak Nökkvi Bergþórsson nemandi í 8. bekk frá Lækjarbakka, Gunnar Elí Friðriksson Whalen nemandi í 10. bekk, sem býr Selfossi, Guðni Bóas Davíðsson nemandi í 9. bekk frá Ármótsflöt og Jón Oliver Rúnarsson nemandi í 9. bekk frá Súluholti, sem voru allir hressir og kátir í 20 ára afmælinu og hæstánægðir með skólann sinn.



Kristín Sigurðardóttir, fyrsti skólastjóri Flóaskóla mætti í 20 ára afmælið og sagði á skemmtilegan hátt frá fyrstu átta árum skólans, sem hún stýrði með sínu fólki. Í dag er hún skólastjóri Salaskóla í Kópavogi.

## Vísnahornið

Nýlega bárust ritara bækur eftir þá feðga **Gísla Skálda** og **Hjört Gíslason,** en Hjörtur var kunnur fyrir nokkrar góðar barnabækur, á æskudögum ritarans upp úr 1960.

Gísli yrkir þessa og kallar Vetur.

*Sumar betur stund fær stytt*
*stirðnað hvetur geðið,*
*þetta er vetur, því er mitt*
*þankasetur freðið.*

Um vorkomu yrkir Skáldi:

*Vorið kemur hlakkar hjörð*
*hlýrri og betri daga,*
*sólin glitrar, svitna börð,*
*sauðir fylla maga.*

Í fátæktarbasli yrkir Gísli:

*Ég er fuglinn fjötraði og*
*fjaðrabrotinn*
*úr sveitarinnar sultarneti*
*sagt er þó eg mikið éti.*

Hjörtur Gíslason Skálda orti á upphafsárum útvarpsins:

*Þó mig vanti í búið brauð*
*bý ég í fátækt,ríkur.*
*Því minn gleðir andans auð*
*Útvarp Reykjavíkur.*

**Áslaug** systir hans mun hafa bætt við:

*Ég vil heldur borða brauð*
*og bera hlýjar flíkur*
*en sækja rýran andans auð*
*í Útvarp Reykjavíkur.*

*Vökurím* heitir ljóðabók Hjartar. Þar eru þessar vísur:

*Dagsins köldu hríðar högl*
*huldu blóma slakka,*
*kleip að stofni næmri nögl*
*nóttin fingurblakka.*

*Sá ég vorsins rauðu rós*
*rísa úr grænu flosi*
*meðan nóttin lokkaljós*
*lést í árdagsbrosi.*

Vinur minn ágætur sem nú er látinn, **Oddgeir Guðjónsson,** fyrrrum bóndi í Tungu í Fljótshlíð, orti þegar miklar deilur stóður milli heiðinna og kristinna manna árið 2000 um ákveðna hátíðaraðstöðu.

*Kristnir menn á kristnum reit,*
*kamra sína að fullu nýta.*
*En Jörmundur með sína sveit,*
*situr út í hrauni að skíta.*

Deilan var leyst og heiðnir menn fengu gjaldfrí afnot af kömrum. Þá orti Oddgeir í Tungu:

*Hér er kamra sátt um sinn*
*samt er þörf að kvarta.*
*Því nú fær ekki áburðinn,*
*apalhraunið svarta.*

Þegar ég var ungur maður sagði Ólafur Jóhannesson, fyrrverandi forsætisráðherra, að nú yrðu menn að lifa sparlega.

**Benedikt frá Hofteigi** orti þá:

*Frétta menn úr ýmsri átt*
*örlög vona sinna.*
*Ólafur kvað nú eta smátt*
*aðrir fá þó minna.*

**Umsjón: Magnús Halldórsson**
*mhalldorsson0610@gmail.com*

# Málþing um framtíð landbúnaðar

**Tekið verður á mörgum hagsmunamálum landbúnaðarins á víðum grunni á opnum fundi sem nokkur samtök tengt landbúnaði standa fyrir í næstu viku.**

Bændasamtök Íslands, Samtök fyrirtækja í landbúnaði, Samtök ungra bænda, Samtök smáframleiðenda matvæla og Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði boða til fundar um framtíð íslensks landbúnaðar þann 26. febrúar á Hótel Nordica.

Ræða á um landbúnað í samhengi við almannahagsmuni, til að mynda í tengslum við fæðu- og þjóðaröryggi, hvernig Íslendingar geti orðið meira sjálfbærir í þeim efnum. Þá verður fjallað um mörg þau málefni sem eru ofarlega á baugi í þjóðfélagsumræðunni í dag, eins og tollamál, raforkumál og garðyrkjubændur, byggðamál, nýsköpun, smáframleiðendur, nýliðun og unga bændur.




**Meðal fyrirlesara á málþinginu verður Axel Sæland, formaður garðyrkjudeildar Bændasamtaka Íslands.** Mynd / smh

Á meðal fyrirlesara verða Björn Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri Dalabyggðar, Oddný Anna Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka smáframleiðenda matvæla, Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtaka Íslands, Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í landbúnaði, Steinþór Logi Arnarsson, formaður Sambands ungra bænda og Axel Sæland, formaður garðyrkjudeildar Bændasamtaka Íslands.

Fundarstjóri verður Margrét Ágústa Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands.

# Þróunarverkefni búgreina styrkt

**Matvælaráðuneytið úthlutaði rúmum 172 milljónum króna til 51 þróunarverkefnis í fjórum búgreinum árið 2024.**

Af verkefnunum eru 23 í sauðfjárrækt, sextán í nautgriparækt, níu í garðyrkju og þrjú í hrossarækt. Á síðasta ári var þróunarfé í fyrsta sinn úthlutað til hrossaræktar.

Verkefni í garðyrkjunni fengu samtals rúmlega 58,5 milljónir. Þar má nefna Bændasamtök Íslands sem fengu tæpar 27,3 milljónir til að standa straum af kostnaði við að fá erlenda garðyrkjuráðunauta til landsins. Sölufélag garðyrkjumanna fékk 13,5 milljónir vegna tilraunar við ræktun papriku allt árið. Skálpur ehf. í Stóru-Sandvík fékk tæpa 4,1 milljón til þróunar á ræktun á íslensku gulrófnafræi.

Verkefni innan nautgriparæktar fengu samtals rúmar 47,5 milljónir. Stærsti einstaki styrkurinn í þeirri búgrein var 7,7 milljónir og fór til Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði á Keldum vegna rannsóknar á stofnbreytileika kórónuveira í nautgripum á Íslandi. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) fékk tvo aðskilda styrki vegna bændahópa, einn upp á 5,5 milljónir og annan upp á fjórar milljónir. RML fékk jafnframt tvo fimm milljón króna styrki, en annar þeirra er vegna rekstrargreiningar kúabúa og hinn á að styðja við gagnaöflun til eflingar ræktunarstarfs holdagripa.

Til sauðfjárræktar var veitt rúmum 58,2 milljónum króna. Þar var stærsti einstaki styrkurinn upp á rúmar sex milljónir króna sem RML fékk út af verkefni sem heitir: Framtíð DNA-greininga í sauðfé – grunnur að erfðamengjaúrvali. Landbúnaðarháskóli Íslands fékk rúmar 5,5 milljónir vegna tæknilegs undirbúnings út af nýju rannsóknarátaki í fóðrun sauðfjár. Báðar hrútastöðvar landsins fengu 4,8 milljónir hvor vegna kaupa á hrútum með verndandi arfgerðir gegn riðu.

Átta milljónir fóru til verkefna innan hrossaræktar. Háskólinn á Hólum fékk fjórar milljónir til að kanna áhrif hreyfingar og umhverfis á atgervi unghrossa. Á sama stað fóru jafnframt tvær milljónir út af verkefni sem ber titilinn: Fræðslugátt og efling rannsókna tengdum íslenska hestinum. Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði fékk tvær milljónir til þess að þróa meðferð gegn sumarexemi í hestum. Heildarlista yfir úthlutanir þróunarverkefna má sjá í fréttatilkynningu á heimasíðu Stjórnarráðs Íslands. /ál






**Gömul hlaða sem notuð var sem vélageymsla fyrir Hvanneyrarbúið hrundi þegar ofsaveður gekk yfir landið í byrjun mánaðar. Flest tækin sluppu án mikils tjóns.** Mynd / Hvanneyrarbúið

## Óveðurstjón:

# Hlaða hrundi í Borgarfirði

**Geymsluhúsnæði á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands hrundi í óveðri í byrjun febrúar. Það var í Mávahlíð utarlega í Lundarreykjadal í Borgarfirði.**

Húsnæðið er gömul hlaða sem hefur verið nýtt sem geymsluhúsnæði fyrir landbúnaðartæki. Tjónið uppgötvaðist þegar óveðrið hafði gengið yfir, en enginn er búsettur í Mávahlíð. Við hlöðuna stóðu áður fjárhús sem voru nýtt af Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Egill Gunnarsson, bústjóri Hvanneyrarbúsins, segir húsið hafa verið bárujárnsklædda timburgrind á steyptum sökkli. Altjón var á hlöðunni og er búið að fjarlægja brakið af staðnum. „Timbrið var mjög gott í henni enn þá, en það sem olli því að hún fauk er að það voru ryðgaðir múrbolta í sökklinum og dregararnir voru fúnir. Það eru neðstu spýturnar í timburgrindinni,“ segir Egill.

Vélarnar sem voru geymdar inni í hlöðunni sluppu flestar án mikils tjóns. „Það er ekkert sem skiptir máli á þeim sem er sérstaklega ónýtt. Það er mikið hægt að laga með slaghamri og sum tækin sluppu algjörlega ósködduð. Ég setti ekki viðkvæm tæki þarna inn, eins og áburðardreifara eða dráttarvélar. Þetta eru mest jarðvinnutæki, en þau eru bara úr járni og stáli og ekkert pjátur. Svo voru þarna þrjár rakstrarvélar, ein heyþyrla og einn gamall heyhleðsluvagn. Það eru tækin sem ég þarf að athuga hvort að snúist rétt og eðlilega,“ segir Egill.

Tækjunum hefur verið komið fyrir á Hvanneyri og reiknar Egill með að flest verði geymd úti það sem eftir lifir vetrar, enda stutt í að fyrstu vorverkin hefjist. Á meðan veðrið gekk yfir var Egill á Hvanneyri. „Mér fannst það nú bara fínt þar. Þetta lá í sunnan- og suðvestanátt og þá er mjög hvasst á Hvanneyri, en það verða aldrei svona ofboðslegar hviður eins og það verður þegar veðrið er meira suðaustan. Þetta var mun verra uppi á Hesti og í Mávahlíð og ég veit að þetta var mjög vont uppi í Skorradal,“ segir Egill.

Aðspurður um góð lokaorð segir Egill glettinn: „Geturðu opnað söfnunarreikning fyrir nýrri vélaskemmu?“ /ál

## Austfirðir:

# Fjárhús fuku á Vattarnesi

**Á Vattarnesi í Fáskrúðsfirði varð mikið tjón á íbúðarhúsi, fjárhúsum, farartækjum, girðingum og fleiru í óveðrinu sem gekk yfir í byrjun febrúar.**

Óðinn Logi Þórisson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir Michelsen reka þar sauðfjárbú með 180 kindum. Klukkan 11 að kvöldi 5. febrúar kom sterk vindhviða sem reif hluta af þaki íbúðarhússins. Fjárhúsin á bænum fuku morguninn eftir. Austurfrétt greindi fyrst frá.

Með óveðrinu fylgdi mikið vatnsveður og lak talsvert inn í íbúðarhúsið þar sem hluta þaksins vantaði. Meðan á veðrinu stóð flúði fjölskyldan niður í kjallara og segir Óðinn lítið hafa verið hægt að gera annað en að bíða. Í mestu hviðunum um kvöldið fuku bílar til og feyktist þung dráttarvélaskófla á bifreið. „Bíllinn hjá konunni fauk upp á grjót þannig að afturhásingin náði ekki niður. Það fóru fimm rúður í bílnum og hann er eins og það hafi verið skotið á hann með haglabyssu. Allur beyglaður eftir grjótfok,“ segir Óðinn.



**Mikið tjón varð á Vattarnesi sem er yst í sunnanverðum Fáskrúðsfirði. Þakið af fjárhúsunum fauk af og þak íbúðarhússins skemmdist.** Mynd / Aðsend

### *Vindur úr öllum áttum*

„Um morguninn byrjaði þetta skrýtna veður sem hefur trúlega verið eins og á Stöðvarfirði. Vindurinn sló úr öllum áttum. Það var ekki nein ákveðin átt þegar allt fauk til andskotans. Þegar fjárhúsið fór sá ég að gaflarnir lögðust inn,“ segir Óðinn. Í kjölfarið fauk þakið í heilu lagi og lagðist án þess að brotna upp á klett sem er áttatíu metrum frá. „Í næstu svipum kom það af klettinum og lagðist samsíða fjárhúsunum. Svo, í einni andrá, sprakk það alveg í tætlur þarna á jörðinni,“ segir hann. Þessi atburðarás gerðist á nokkrum mínútum um ellefuleytið að morgni 6. febrúar og segir Óðinn að hvasst hafi verið til klukkan tvö síðdegis. „Svo datt veðrið niður í einni andrá – alveg eins og í bíómynd.“

Þrjár kindur drápust þegar fjárhúsin fuku. Aðrar virðast hafa sloppið án meiðsla og hefur flestum ánum verið komið fyrir í beitarhólfi, en þar sem snjólétt er á Vattarnesi telur Óðinn þær þola útivistina í nokkrar vikur. Nú er verið að leggja drög að viðgerð á fjárhúsunum og segist Óðinn hafa orðið að hálfgerðum byggingastjóra á einni nóttu. „Ég vona að ég fái svar frá smiðnum í dag og þá er ýtt á „go“ og farið að panta byggingarefni,“ segir hann, en vonir standa til að endursmíðin geti hafist í næstu viku og taki ekki mikið meira en tíu daga.

### *Þakklátur sjálfboðaliðum*

Óðinn og Ásta vilja koma á framfæri þakklæti til þeirra sem komu til að laga þakið á íbúðarhúsinu, safna saman braki úr fjárhúsunum og elda mat og bakkelsi fyrir mannskapinn, en það var allt unnið í sjálfboðavinnu. „Það er það sem er ómetanlegt við að búa í svona samfélagi. Þarna voru þrjátíu, fjörutíu manns þegar mest lét,“ segir Óðinn. Stór hluti sjálfboðaliðanna eru vinir og kunningjar, en Loðnuvinnslan sendi jafnframt starfsfólk, vinnutæki og smiði til að laga þakið á íbúðarhúsinu.

Tjónið hefur verið tekið út af tryggingarfélagi bændanna. „Sem betur fer er ég eitthvað tryggður fyrir þessu, en ég held að enginn komi vel út úr svona. Þetta tók fullt af alls konar girðingum, svo fauk þak af sjóhúsinu og gömlu fjósi. Það splundruðust fánastangir og skjólveggir,“ segir Óðinn. Þá voru stálhlið sem stóðu lokuð milli stólpa sem bognuðu eins og keyrt hefði verið á þau. Óðinn og Ásta tóku við búskap á Vattarnesi í apríl á síðasta ári. Þar voru Baldur Rafnsson og Elinóra Guðjónsdóttir áður bændur. /ál




POKASJÓÐUR

NÝMÖRK ER VERKEFNI POKASJÓÐS SEM HEFUR FRÁ ÁRINU 1996 VEITT MEIRA EN 3.000 MILLJÓNUM TIL GÓÐRA MÁLEFNA.

Bændasamtökin:

# Nýr verkefnastjóri

**Sérstakur verkefnastjóri var nýlega ráðinn til Bændasamtaka Íslands til að stýra hluta þeirra í samstarfsverkefninu Terraforming LIFE.**



Gyða Pétursdóttir.

Verkefnið gengur út á að þróa nýja aðferð hér á Íslandi við áburðar- og lífgasframleiðslu úr lífrænum úrgangi, sem fellur til við fiskeldi á landi og í landbúnaði.

Í júní 2023 hlaut verkefnið styrk úr Umhverfis- og loftslagsáætlun Evrópusambandsins, sem samsvaraði tæpum milljarði íslenskra króna, en samstarfsaðilar Bændasamtakanna eru Landeldi hf., Orkídea, Ölfus Cluster og færeyska ráðgjafarfyrirtækið SMJ.

Nýi starfsmaðurinn heitir Gyða Pétursdóttir og mun einnig sinna öðrum verkefnum á skrifstofum Bændasamtakanna. Hún segir að Terraforming LIFE sé fyrsta íslenska verkefnið til að hljóta styrk frá Umhverfis- og loftslagsáætlun Evrópusambandsins, en það miði að því að auka sjálfbærni og að efla hringrásarhagkerfi íslensks landbúnaðar með því að nýta auðlindir betur.

„Einnig mun það draga úr kolefnisfótspori með framleiðslu á kolefnishlutlausu eldsneyti, raforku og hita. Ein af stærstu áskorunum bænda síðustu ár er hækkun áburðarverðs, og mun Terraforming LIFE vinna að því að draga úr þessum áhrifum með auknu framboði af innlendum áburði. Ég er mjög spennt að taka þátt í þessu verðuga verkefni en nú stendur yfir mikilvæg grunnvinna í undirbúningsfasanum."

Grunnhugmyndin er, að sögn Gyðu, að ein verksmiðja þjóni svæðinu í kringum Þorlákshöfn þar sem mesta uppbygging landeldis fer fram. Næstu skref verði að prófa og greina efnasamsetningu fiskimykju og búfjárúrgangs í þeim tilgangi að ná sem bestri útkomu. „Í kjölfarið verður afurðin síðan prófuð í jarðvegi í samstarfi við bændur. Tímarammi framkvæmdanna liggur ekki enn fyrir. Terraforming LIFE er tilraunaverkefni og framhaldið ræðst af því hvernig og hvort tilraunin gengur upp," segir Gyða. /smh

# Lágmarksverð hækkar

**Verð á fyrsta flokks mjólk til bænda hefur hækkað um 0,46 prósent og heildsöluverð um eitt prósent.**

Verðhækkunin er komin til vegna kostnaðarhækkana við framleiðslu mjólkur frá síðustu verðákvörðun verðlagsnefndar búvara sem byggði á verðlagi 1 september 2024.

Gjaldaliðir í verðlagsgrundvelli kúabús hafa hækkað um 0,46 prósent og lagði verðlagsnefndin til að verð til bænda færi úr 136,30 krónum á lítrann upp í 136,93 krónur fyrir mjólk í fyrsta flokki.

Heildsöluverð á mjólk og mjólkurvörum hækkaði um sem nemur kostnaðarhækkun vegna hráefniskaupa og hækkun vinnslu- og dreifingarkostnaðar. Breytingarnar tóku gildi þann 17. febrúar síðastliðinn. /ál

Árshátíð Sauðfjárbænda!



Eftir langt hlé er komið að því!!

Árshátíð sauðfjárbænda verður haldin á nýjan leik! Gestgjafar að þessu sinni er Félag sauðfjárbænda í Suður-Þingeyjarsýslu.

**Árshátíðin verður haldin á Fosshótel Húsavík 12. apríl næstkomandi.**

Veislustjóri verður Dr. Sigurbjörn Árni Arngrímsson, frjálsíþrótta– og hrútasýningalýsandi.

Auk þess verða önnur skemmtiatriði að sið sauðfjárbænda.

Verð fyrir gistingu á Fosshótel Húsavík er kr. 18.690 nóttin fyrir einstaklingsherbergi og kr. 21.840 nóttin fyrir tveggja manna herbergi.

Miðaverð á árshátíðina er kr. 15.000 og inn í því er fordrykkur, þriggja rétta máltíð og dansleikur með hljómsveitinni „Í góðu lagi" sem nýbúin er að gera allt vitlaust á þorrablótsmarkaðnum í Þingeyjarsýslum.

**Miðapantanir skulu sendar á Aðalstein J. Halldórsson, formann F.S.S.Þ. á netfangið allihall67@gmail.com**

**Við hlökkum til að sjá ykkur í apríl!**
**Stjórn Félags sauðfjárbænda í Suður-Þingeyjarsýslu**



Endurheimt votlendis reynist skilvirkasta aðgerðin samkvæmt niðurstöðum greiningar á kostnaði og ábata af landnotkunaraðgerðum stjórnvalda. Mynd /ghp

# Aðgerðir í landnotkun reynast ábatasamar

**Mörg hundruð milljarða ábati er af landnotkunaraðgerðum stjórnvalda samkvæmt kostnaðar- og ábatamati Hagfræðistofnunar.**

Svokallaður núvirtur nettóábati af aðgerðum við endurheimt votlendis, landgræðslu og skógrækt á árunum 2022 til 2040 er um 265 milljarðar króna samkvæmt niðurstöðunum.

Stór hluti aðgerða stjórnvalda til að fylgja eftir langtímastefnu Íslands í landnotkun felur í sér beina uppbyggingu á kolefnisforða vistkerfa og má skipta þeim í fjóra þætti; endurheimt votlendis, landgræðslu, nytjaskógrækt og endurheimt náttúruskóga. Í skýrslu Hagfræðistofnunar, sem samin er af Kára Kristjánssyni hagfræðingi, eru aðgerðirnar metnar til fjár. Í greiningunni eru notaðar leiðbeiningar um kostnað við kolefni frá Alþjóðabankanum sem komu út á síðasta ári og er matið byggt á áætlunum Lands og skógar og umhverfisráðuneytisins um umfang aðgerða. Niðurstaða matsins er að aðgerðirnar séu afar ábatasamar. Núvirtur nettóábati af landaðgerðum á árunum 2022 til 2040 er mestur í landgræðslu, 103 milljarðar króna, en 74 milljarðar króna í nytjaskógrækt, 67 milljarðar króna í endurheimt votlendis og 22 milljarðar króna í náttúruskógrækt.

„Allt í allt munu aðgerðirnar nota samtals 113 þúsund hektara af landi, 269 þúsund ef haldið er áfram til 2040. Þetta mun leiða til bindingar á 279 þúsund tonnum af kolefni á ári, eða 888 þúsund ef haldið er áfram til 2040. Samtals verður núvirtur kostnaður aðgerðanna 27 milljarðar króna til 2030 eða 53 milljarðar til 2040," segir í samantekt greiningarinnar.

Allar aðgerðirnar eru hagkvæmar og veita meiri ábata en þær kosta, samkvæmt skýrslunni. Hins vegar eru þær ekki allar jafnskilvirkar hvað varðar fjárfestingu og notkun á landi. Þar reynist endurheimt votlendis skilvirkasta aðgerðin er varðar bæði landnotkun og fjárfestingu, en endurheimt þurrlendis (landgræðsla) hvað varðar landnotkun og náttúruskógrækt er þar talin óskilvirkasta fjárfestingin.

Kostnaðar- og ábatagreining aðgerða í landnotkun var framkvæmd að beiðni umhverfisráðuneytisins og verður hún notuð í skýrslugjöf til ESA, Eftirlitstofnunar EFTA. /ghp

# Háihólmi veltir meira en milljarði króna

**Háihólmi ehf. hagnaðist um 7,9 milljónir króna í fyrra. Rekstrartekjur heildsölunnar námu ríflega 1,7 milljörðum króna og hækkuðu um 192% milli ára.**



Háihólmi flytur aðallega inn nautakjöt. Mynd / Kyle Mackie

Í ársreikningi félagsins fyrir árið 2024 kemur fram að kostnaðarverð seldra vara hafi numið rétt tæplega hagnaði af vörusölu. Félagið greiddi tæpar 20 milljónir í laun fyrir eitt ársverk sem nemur 1.630 þúsund krónum á mánuði með launatengdum gjöldum.

Háihólmi ehf. er að fullu í eigu Birgis Karls Ólafssonar, sem hefur frá stofnun félagsins m.a. starfað sem innkaupastjóri hjá Esju gæðafæði, dótturfélagi Kaupfélags Skagfirðinga. Frá árinu 2023 hefur Háihólmi fengið úthlutað tollkvótum fyrir innflutningi á yfir 560 tonnum af landbúnaðarvörum.

Eignir námu um 188 milljónum króna og eigið fé 9,5 milljónum króna undir lok síðasta árs. Engar langtímaskuldir eru skráðar á félagið en viðskiptaskuldir þess voru um 171 milljón króna. Handbært fé í árslok nam 42,7 milljónum króna undir lok ársins 2024 en það var 260 þúsund krónur þá í ársbyrjun. /ghp

Æðarrækt:

# Vilja fella niður lög um gæðamat

**Sjö þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa lagt fram frumvarp til laga um að fella brott lögbundið kerfi um gæðamat á æðardúni.**

Í greinargerð með frumvarpinu segja þingmennirnir að lög um gæðamat á æðardúni sé byggð á gömlum viðskiptaháttum og að þróa þurfi verkunaraðferðir með tilliti til raunverulegra gæða æðardúns. Lögin nú kveða á um að allur æðardúnn skuli metinn og veginn af lögskipuðum dúnmatsmönnum eftir fullhreinsun og áður en kemur til dreifingar á markaði.

Í greinargerð kemur fram að lögskipaðir dúnmatsmenn á árunum 2021–2026 séu þrettán talsins. Í staðinn er lagt til að ábyrgð á gæðum æðardúns verði í höndum framleiðenda sjálfra, en til skoðunar komi að þeir setji gæðastaðla en Matvælastofnun yrði áfram gert að annast útgáfu á heilbrigðisvottorði.

Flutningsmenn frumvarpsins eru þau Ólafur Guðmundur Adolfsson, Diljá Mist Einarsdóttir, Njáll Trausti Friðbertsson, Vilhjálmur Árnason, Jón Gunnarsson, Hildur Sverrisdóttir og Guðlaugur Þór Þórðarson. Frumvarpið hefur áður verið lagt fyrir þingið en ekki verið afgreitt. /ghp

can-am®




ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.


Mannfjöldi í Tungurétt í haust. Mynd / Gabríel Gunnarsson

# Meðferð sauðfjár í réttum til umræðu

**Fagráð um velferð dýra telur nauðsynlegt að beina tilmælum til sveitarstjórna um bætta meðferð sauðfjár í rekstri og réttum.**

Það kemur fram í fundargerð fagráðsins frá 15. janúar sl. Þar kemur fram að við flutning á dýrum ber að tryggja velferð dýra eins og fært er. Gæta skuli þess við flutning og rekstur búfjár að dýr verði fyrir sem minnstu álagi og hvorki þoli þeirra né kröftum sé ofboðið eins og fram kemur í lögum um velferð dýra.

Talsverð umræða skapaðist meðal sauðfjárbænda í haust um óreiðukennt ástand sem skapaðist í réttum, inni í almenningi, vegna mannmergðar sem truflaði réttarstörfin.Fagráðið mun vinna málið áfram milli funda og er von á afgreiðslu þess fyrir vorið, skv. fundargerð. */ghp*

# Vilja borga afurðastöðvum fyrir geymslu neyðarbirgða

**Fimm þingmenn Framsóknarflokksins hafa lagt fram tillögu til þingsályktunar um fyrirkomulag matvælaframleiðslu til neyðarbirgða.**

Í henni er lagt til að atvinnuvegaráðherra verði falið að útfæra fyrirkomulag vegna neyðarbirgða landbúnaðarafurða sem hægt er að framleiða hér á landi við endurskoðun búvörusamninga árið 2026 þar sem markmiðið yrði að tryggja lágmarksbirgðir af landbúnaðarafurðum í landinu hverju sinni.

Í tillögunni er komið fram með hugmynd að fyrirkomulagi með inngripi ríkisvaldsins í formi stuðnings til að geyma afurðir í tiltekinn tíma hjá afurðastöðvum og framleiðendum til að tryggja birgðahald.

„Á sama tíma og afurðastöðvar/framleiðendur fengju greitt geymslugjald fyrir ákveðið magn afurða mættu þeir ekki afsetja þær vörur á markaði á sama tíma.“

Þingsályktunartillagan er endurflutt en hún hefur tvisvar áður verið lögð fram. */ghp*


## Auglýsing um skipulag

**Eftirfarandi skipulagsáætlanir eru í kynningu í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 20. febrúar til og með 6. apríl 2025.**

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga eru endurauglýstar eftirfarandi deiliskipulagstillögur sem samþykktar voru í sveitarstjórn þann 13. febrúar sl.

- **Langárbyrgi, veiðihús í landi Jarðlangsstaða (L177317) – Tillaga að nýju deiliskipulagi.**
  *Mál nr. 193/2025 í skipulagsgátt með athugasemdarfresti til og með 6. apríl.*

- **Sigmundarstaðir, mælimastur á Grjóthálsi (L134748) – Tillaga að nýju deiliskipulagi.**
  *Mál nr. 192/2025 í skipulagsgátt með athugasemdarfresti til og með 6. apríl.*

Fyrri ábendingar og athugasemdir er bárust um málin gilda í þessu ferli.
Ef óskað er nánari kynningu á málum, þarf að panta tíma hjá skipulagsfulltrúa.

**Borgarbyggð 20. febrúar 2025**
**Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar**


## Veiði:

# Hreindýrakvóti minnkað um helming frá 2020

**Leyft verður að veiða alls 665 hreindýr á þessu ári, 400 tarfa og 265 kýr. Fækkun er um 20,3% frá fyrra ári og helming síðan árið 2020.**

Heimilt verður að veiða allt að 665 hreindýr árið 2025, með fyrirvara um að ekki verði verulegar breytingar á stofnstærð fram að veiðum sem kalli á endurskoðun fjölda veiðiheimilda.

Fækkun er frá fyrra ári á öllum svæðum nema nr. 8 og 9 sem eru syðst. Nemur fækkun heimilda 20,3% frá fyrra ári, eða 135 dýrum, og þar af eru 132 hreinkýr. Veiðisvæði og skipting þeirra eftir sveitarfélögum er óbreytt frá fyrra ári.

Stöðugur samdráttur hefur verið í veittum leyfum hin síðari ár. Þannig mátti veiða 800 hreindýr í fyrra, 901 dýr árið 2023, 1.021 dýr 2022, 1.220 dýr 2021 og 1.325 árið 2020. Í ár má veiða um 33% hlutfall af kúm m.v. árið 2020 og um 77% hlutfall af törfum m.v. sama ár. Því hefur kvótinn stöðugt dregist saman síðustu ár, sérstaklega í hreinkúaveiði. Alls hefur leyfilegur hreindýraveiðikvóti minnkað um helming frá 2020, eða 50,1%.


Hreindýrakvótinn dregst enn saman um leið og ásókn í veiðileyfi er mikil. Hér er hreindýraveiðimaður með tarf í krosshárunum. Mynd / sá

### *Dýrin færri en við var búist*

Náttúrustofa Austurlands er vöktunaraðili hreindýrastofnsins og leggur til hvað hæfilegt er að veiða úr stofninum. Að sögn Hálfdáns Helga Helgasonar, sérfræðings hjá NA, er kvótatillagan varfærin í ljósi þeirrar óvissu sem skapast hefur um fjölda dýra og breytta dreifingu dýranna undanfarin ár.

„Kvótatillögurnar byggja á framreiknuðu stofnmati sem aftur byggir á heildartalningum, sem framkvæmdar eru á nokkurra ára fresti, og árlegum vöktunargögnum. Nýjasta heildartalning sem liggur fyrir, frá því í fyrravor, gaf til kynna að dýrin væru umtalsvert færri en við var búist,“ segir Hálfdán. Hafa verði þó í huga að slíkar talningar séu alltaf lágmarkstalningar.

„Samkvæmt framreiknuðu stofnstærðarmati, sem miðaði þá við eldri heildartalningu, hefði stofninn átt að telja rúmlega 4.100 dýr á þeim tíma, en niðurstöður talninga bentu til að stofninn teldi rétt rúmlega 3.200 dýr,“ útskýrir Hálfdán og heldur áfram: „Þau gögn sem hafa safnast síðan benda ekki til annars en að það stofnmat sé nærri lagi. Það má ekki gleymast að markmið veiðanna er stofnstýring, að halda þéttleika dýra innan marka til að takmarka líkur á ofbeit eða landskemmdum. Í því augnamiði hefur veiðiálag jafnan verið um 25–27%, sem að þó hefur ekki alltaf dugað til að hefta stofnvöxt, því að dýrunum hélt áfram að fjölga fram til 2010. Í ljósi óvissunnar sem hefur skapast þykir samt sem áður rétt að fara varlega og því er að auki dregið úr veiðiálagi niður í um 20%.

### *Margir samverkandi þættir*

Hálfdán segir ekkert benda til að hjarðirnar séu í vandræðum, a.m.k. ekki miðað við fallþunga og mælda nýliðun að sumri. „Þær helstu breytingar sem við höfum séð á síðustu árum er færsla út af ákveðnum kjarnsvæðum og breytt útbreiðsla. Fyrir því kunna að vera margar skýringar, t.d. of hátt veiðiálag, aukin truflun, rýrð gæði beitilands, en enn sem komið er er engin ein skýring líklegri en önnur og mögulega er um samverkandi þætti að ræða,“ segir hann. */sá*

## Nautakjötsskýrsla:

# Aukið kornhlutfall í fóðri hefur jákvæð áhrif á kjötgæði

## – Aðgreina þarf innlent nautakjöt betur í markaðssetningu

**Í niðurstöðum skýrslu sem Matís hefur gefið út um áhrif fóðrunar á gæði kjöts af íslenskum holdanautum kemur fram að helstu áhrifaþættir á kjötgæði og upplifun neytenda séu meðal annars sláturaldur og fitusprenging.**

Fóðurtilraunir með fjóra nautahópa lágu til grundvallar rannsóknunum, þar sem skoðuð voru áhrif á kjötgæði út frá annars vegar hlutfalli korns í fóðri og hins vegar nautgripakyni þar sem bæði voru holdanautablendingar og ungneyti af íslenska kúakyninu. Aukið kornhlutfall í fóðri holdablendinga hafði jákvæð áhrif á kjötgæði samkvæmt neytendakönnun. Kjötgæðin voru almennt meiri, það var safaríkara, meyrara og bragðbetra en samanburðarhópur af íslensku ungneytunum.

### *Aukinn vaxtahraði og meiri fitusprenging*

Með auknu kornhlutfalli náðust fram áhrif eins og aukinn vaxtarhraði, lækkun sláturaldurs, aukin fitusprenging og innanvöðvafita, ljósari kjötlitur, hækkað hlutfall Omega-6 fitusýra og lækkað hlutfall Omega-3 fitusýra.


Holdablendingsnaut úr tilrauninni. Mynd / Aðsend

Í skýrslunni er dregin sú ályktun að til að tryggja stöðugri gæði á íslensku nautakjöti með hærra verði og meiri arðsemi í huga þurfi að verða skýr aðgreining á íslensku nautakjöti, til dæmis hvað varðar aldur sláturgripanna í markaðssetningu. Þannig sé hægt að bæta markaðsstöðu og samkeppnishæfni nautakjöts af íslenskum holdablendingum.

### *Breytileiki í erfðasamsetningu holdablendinganna*

Markmið verkefnisins var að kanna hvaða áhrif kornhlutfall 0, 20 og 40 prósent af heildarþurrefnisáti holdablendinga hefði á gæði og eiginleika nautakjötsins. Að auki var verkefninu ætlað að afla upplýsinga um kröfur og upplifun neytenda á íslensku nautakjöti.

Sýni til mælinga voru af hryggvöðvum gripa úr fóðurathugun sem höfðu fengið uppeldi eftir ofangreindri fóðursamsetningu þar til þeir náðu um 620–630 kílóa lífþunga, eða um 300 kílóa fallþunga fyrir slátrun. Sláturaldur nautgripanna var á bilinu 15,9–27,5 mánaða.

Hver nautahópur taldi 12 naut. Þar af var einn hópur nauta af íslenska kúakyninu en þrír hópar holdablendinga, alls 48 gripir. Töluverður breytileiki var í erfðasamsetningu holdablendinganna en valið var í hópa eftir erfðagreiningu til þess að lágmarka breytileika vegna kúakyns eins og kostur var. Meðaltöl fyrir kyn holdablendingshópanna voru; 21 prósent íslenskt kúakyn, 34 prósent Angus, 41 prósent Galloway og þrjú prósent Limosin. */smh*


LOFTPRESSUR
FYRIR MATVÆLAIÐNAÐ
& BÆNDUR
DYNJANDI.IS
Pressurnar eru með ISO 8573-1:2010
vottun, class 1//4//1
Einnig hægt að fá í class 0//4//0.
5 ára ábyrgð.
Compact and Elegant Design | Best-in-Class Reliability
Industry Leading Warranty | Encapsulated Airend
ELGi
E euenquiry@elgi.com
70
1954 DYNJANDI 2024
allt fyrir öryggið
Dynjandi · Skeifunni 3h · Sími: 588 5080 · dynjandi.is



Nautgripafóður hjá SS helst óbreytt fram í september 2025, en verð á kúafóðri hefur verið óbreytt hjá fyrirtækinu frá því í september 2023. Mynd / Bbl

# Hækkanir á fóðurmörkuðum

**Á undanförnum vikum hafa orðið verðhækkanir á fóðri hjá nokkrum fóðursölum. Sláturfélag Suðurlands (SS ) hefur hins vegar gefið út að verðið hjá þeim verði óbreytt á nautgripa- og ærfóðri.**

Koma verðhækkanir fóðursala í kjölfar kostnaðarhækkana á ýmsum liðum rekstrar, verðhækkana á hráefnum á heimsmarkaði og hærri flutningskostnaði. Verðhækkanirnar nema fáeinum prósentum að jafnaði.

### *Hagræðing í ferlum tengdum innkaupum*

Ástæðan fyrir óbreyttu verðlagi hjá SS er sú, eins og fram kemur í tilkynningu á vef félagsins, að með samningum og hagræðingu í ferlum tengdum innkaupum hafi náðst að tryggja óbreytt verð þrátt fyrir hækkanir á markaði.

Vill félagið með þessu tryggja bændum fyrirsjáanleika og þannig auðvelda bændum að gera rekstraráætlanir fyrir rekstur búanna.

Alexander Áki Felixson, deildarstjóri búvörudeildar SS, segir að félagið taki sjálft á sig hækkun milli samningstímabila auk áhættu vegna gengis og annarra kostnaðarhækkana eins og á flutningi til landsins og heimkeyrslu á fóðrinu til bænda. Þessu sé mætt með hagræðingu í ferlum tengdum innkaupum og flutningi til landsins.

### *Óbreytt verð fram í september*

Óbreytt verð á nautgripafóðri verður fram í september 2025. Á vef SS kemur fram að verð á kúafóðri hafi verið óbreytt frá því í september 2023 og verði áfram.

Þá helst verð á ærfóðri einnig óbreytt út sama tímabil, en lækkaði síðasta haust um fimm prósent frá fyrri verðskrá. /smh

# Uppgjör fjárfestingastuðnings

**Matvælaráðuneytið hefur greitt út lokagreiðslu fjárfestingastuðnings í sauðfjár- og nautgriparækt vegna framkvæmda á árinu 2024.**

Nautgripabændur fengu stuðning upp á samtals 266 milljónir króna vegna 126 framkvæmda. Raunkostnaður framkvæmda að baki þeim úthlutunum var rúmlega 3,1 milljarður króna.

Fjárfestingastuðningur til sauðfjárbænda var samtals 238 milljónir króna vegna 124 framkvæmda. Samanlagður kostnaður þeirra framkvæmda var 1,3 milljarðar króna. Í fréttatilkynningu frá matvælaráðuneytinu segir að markmið stuðningsins sé að stuðla að bættum aðbúnaði búfjár og hagkvæmari búskaparháttum. /ál






Jarðhitaleit hefur staðið yfir við Djúpavog og nú eru boraðar rannsóknaborholur á svæðinu á vegum HEF veitna ehf. Mynd / HEF veitur ehf

## Orkumál:

# Jarðhitaleitin mjakast

**Ráðherra orkumála boðar aðgerðir vegna jarðhitaleitar. Stór hluti hitaveitna hefur verið í vanda vegna versnandi rekstrarskilyrða.**

Í skýrslu sem Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR) unnu fyrir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, og kynnt var í maí 2023, segir að tveir þriðju af hitaveitum á Íslandi eigi í vanda. Í svari ráðuneytisins við fyrirspurn um hvort gripið verði til aðgerða vegna vanda hitaveitna á næstunni, segir m.a.: „Ekki þótti ástæða til að grípa til sérstakra aðgerða af hálfu stjórnvalda í kjölfar skýrslunnar 2023 og það hefur ekki breyst, enda er gert ráð fyrir að veiturnar sjálfar tryggi að framboð af heitu vatni sé í samræmi við eftirspurn," segir í svarinu. Hitaveitur þær sem fjallað er um í skýrslu ÍSOR séu í eigu ríkis eða sveitarfélaga.

Þá kemur fram að Jóhann Páll Jóhannsson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra muni innan skamms kynna næstu aðgerðir stjórnvalda vegna jarðhitaleitar en ekki gefinn ádráttur um í hverju þær muni felast.

### *Jarðhitaleit á rafhituðum svæðum*

Í greiningu ISOR vorið 2023 kom fram að rekstrarskilyrði hitaveitnanna hefðu versnað mikið og verð til notenda þeirra hækkað talsvert. Helsta ástæða þess væri að Landsvirkjun hefði þurft að skerða afhendingu á raforku til kyntra veitna vegna orkuskorts og veiturnar því þurft að nota olíu í staðinn með tilheyrandi kostnaði og mengun.

Í svari ráðuneytisins segir að áhersla stjórnvalda að undanförnu hafi verið á jarðhitaleit á rafhituðum svæðum. „Árið 2023 var farið í þriggja ára jarðhitaleitarátak, sem lýkur á þessu ári (átakið var fyrir árin 2023-2025). Alls var 450 m.kr. úthlutað í styrki til jarðhitaleitar á þessu tímabili, á grundvelli umsókna frá hitaveitum og/eða sveitarfélögum, með áherslu á stuðning við verkefni sem hafa það að markmiði að hefja nýtingu jarðhita til almennrar húshitunar á svæðum þar sem nú er notuð raforka og/eða olía til húshitunar," segir jafnframt í svari ráðuneytisins.

### *Mjakast í heitavatnsleitinni*

Í tíð forvera Jóhanns Páls var Orkusjóði falin framkvæmd átaks í leit og nýtingu jarðhita fram til ársins 2025. Hafði þá ekki verið farið í jarðhitaleitarátak í fimmtán ár.

Var einkum horft til svæða þar sem vísbendingar væru um að heitt vatn fyndist sem nýta mætti beint inn á hitaveitu, eða volgt vatn í nægilegu magni sem nýta mætti á miðlæga varmadælu á svæðum þar sem innviðir fyrir veitu væru þegar til staðar. Til ráðstöfunar voru 450 m.kr. og gat styrkupphæð fyrir hvert verkefni numið allt að tveimur þriðju af heildarkostnaði þess gegn mótframlagi umsækjanda. Hæsta styrkinn fékk Orkubú Vestfjarða, tæpar 188 m.kr. í þrjú verkefni á Ísafirði og Patreksfirði og HEF veitur ehf., tæpar 135 m.kr. í jarðhitaleit við Djúpavog. Aðrir styrkhafar voru Vopnafjarðarhreppur, Grundarfjarðarbær, Kaldrananes-hreppur og Skaftárhreppur.

Síðan þá hefur m.a. fundist heitt vatn á Ísafirði, boranir eru í gangi á Djúpavogi og Vopnafirði og varmadæla er komin í gang sem nýtir volgru á Grundarfirði, að sögn Sigurðar Friðleifssonar, sviðsstjóra orkuskipta og hringrásarhagkerfis hjá Umhverfis- og orkustofnun. Staða annarra verkefna sé á mismunandi stigi.

### *Tilraunavinnsluhola við Djúpavog*

Sem dæmi um hvað áunnist hefur í kjölfar átaksins má nefna að eftir töluverðar rannsóknir og tilraunaboranir við Djúpavog frá ársbyrjun 2024 eru HEF veitur ehf. nú að hefja borun tveggja nýrra rannsóknarborhola á svæðinu. Fyrri holan á að verða um 200 metra djúp og sú síðari allt að 400 metrar.

Er vonast til þess að í kjölfarið verði hægt að staðsetja tilraunavinnsluholu á svæðinu sem gæti orðið 800 metra djúp. Stefnt er á að bora þessa tilraunavinnsluholu í sumar, að sögn Glúms Björnssonar hjá HEF veitum ehf. /sá

## Rannsóknir:

# Matarsóun mælist mest á frumframleiðsluþrepi

**Matarsóun mælist mest í frumframleiðsluþrepi virðiskeðjunnar; 29.130 tonn, eða 48% af heildarmatarsóun árið 2022.**

Tæpur helmingur allrar matar- sóunar á sér stað í frumframleiðslu matvæla en um 40% á heimilum skv. niðurstöðum mælinga Umhverfis- og Orkustofnunar. Stofnunin hefur í fyrsta sinn mælt matarsóun í allri virðiskeðju matvæla eftir staðlaðri aðferðafræði Evrópusambandsins. Niðurstöðurnar hafa verið kynntar áður, en nákvæm skýrsla var birt 23. janúar sl.

Matarsóun var mæld fyrir öll stig virðiskeðjunnar; frumframleiðslu, vinnslu og framleiðslu, verslun og dreifingu, veitingahús og matvælaþjónustu og heimili. Niðurstöðurnar sýndu að matarsóun á Íslandi var alls 60,3 þúsund tonn fyrir viðmiðunarárið 2022. Það jafngildir 160 kg/íbúa. Mæld matarsóun var stærst í frumframleiðsluþrepi virðiskeðjunnar; 29.130 tonn, eða 48% af heildarmatarsóun árið 2022.

Næstmest var matarsóun frá heimilum, sem mældist 23.781 tonn, eða 39% af heildinni. Veitingastaðir og matarþjónusta nam 6% af heildar matarsóun (3,86 tonn), smásala og dreifing 3% (1,93 tonn) og vinnsla og framleiðsla nam 3% matvælaúrgangs, eða 1,6 tonn.



Matarsóun á Íslandi var 60,3 þúsund tonn fyrir viðmiðunarárið 2022. Mynd / Earth.org

Niðurstöðurnar skapa að sögn skýrsluhöfunda grunn fyrir framtíðarrannsóknir og markmið í minnkun matarsóunar.

Ísland hefur sett sér markmið um að draga úr matarsóun, bæði sem hluta af aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og framlags þjóðarinnar til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Lágmörkun matarsóunar er loftslagsmál, efnahagsmál og mikilvægur þáttur í innleiðingu hringrásarhagkerfisins, segir í kynningu Umhverfis- og orkustofnunar. /sá




Verkjastillandi Bólgueyðandi Sótthreinsandi

**Septabene citron og honning, Septabene lemon/elderflower og Septabene eucalyptus munnsogstöflur og Septabene munnholsúði, lausn (benzydaminehydrochloride/cetylpyridiniumchloride)** er ætlað fullorðnum, unglingum og börnum eldri en 6 ára til staðbundinnar og stuttrar bólgueyðandi, verkjastillandi og sótthreinsandi meðferðar við ertingu í hálsi, munni og tannholdi. Munnholsúðinn er einnig ætlaður til notkunar fyrir og eftir tanndrátt. Leysa á eina munnsogstöflu hægt upp í munninum á 3 til 6 klukkustunda fresti. Við notkun munnholsúða á að opna munninn vel, beina úðastútnum að kokinu og þrýsta 1-2 sinnum á úðadæluna. Haldið niðri andanum meðan úðað er. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir, sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.**
Krka. KRK250106 – Janúar 2025.

***Eina lyfið á markaði hérlendis með þríþætta virkni gegn hálsbólgu**

Virkjanir:

# Enn er deilt um Geitdalsárvirkjun

## – Reiknað með gangsetningu árið 2029

**Steinunn Ásmundsdóttir**
steinunn@bondi.is



**Fyrirhuguð framkvæmd allt að 9,9 MW virkjunar í Geitdalsá, á hálendi Austurlands, vekur enn blendin viðbrögð. Umhverfismatsskýrsla hefur verið í kynningu í gátt Skipulagsstofnunar.**

Skipulagsstofnun auglýsti nýlega umhverfismat framkvæmda, þ.e. umhverfismatsskýrslu Geitdalsárvirkjunar ehf. í kynningu, fyrir allt að 9,9 MW virkjun í Geitdalsá í Múlaþingi. Frestur til að skila inn umsögnum um skýrsluna í Skipulagsgátt rennur út 22. febrúar og er matið aðgengilegt á vef Skipulagsstofnunar.

Orkugeta Geitdalsárvirkjunar er áætluð verða um 56 GWst/ári, skv. kynningu Skipulagsstofnunar, og verður virkjað rennsli 5,2 m³/s. Fyrirkomulag virkjunar í Geitdalsá er á þann hátt að áin verður stífluð vestan Hesteyrarfjalls, neðan ármóta við Innri-Sauðá. Áætlað rúmmál Hesteyrarlóns er 3,9 GL og flatarmál þess 36 ha við hæsta flóðvatnsborð. Vatn verður leitt í stöðvarhús um 6.800 m langa pípu. Framkvæmdin krefst 13 km vegagerðar. Áætluð efnisþörf er um 400 þúsund rúmmetrar og verður efni sótt í sjö námur innan framkvæmdasvæðisins. Ætlunin er að tengja virkjunina inn á tengivirki Landsnets við Hryggstekk með 33 kV jarðstreng sem lagður verður meðfram Geitdalsvegi um 17 km leið.




**Upphafleg hönnun Geitdalsárvirkjunar. Hætt hefur verið við miðlunarlón sem er neðst til vinstri á kortinu.** *Kort / map.is-Bbl.*


Guðrún Óskarsdóttir.


Andrés Skúlason.


Skírnir Sigurbjörnsson.



**Hluti mögulegs inntaksstíflustæðis í farvegi Geitdalsár.**
Mynd / Umhverfismatsskýrsla Geitdalsárvirkjunar ehf., 2025.

### *Gangsetning líkleg árið 2029*

Geitdalsárvirkjun ehf. kynnti umhverfismatsskýrsluna á opnum fundi 30. janúar sl. á Egilsstöðum. Skírnir Sigurbjörnsson er í forsvari fyrir framkvæmdina. „Fljótlega eftir að kynningu umhverfismatsskýrslunnar lýkur ætti álit Skipulagsstofnunar að liggja fyrir. Eftir það hefst vinna við skipulagsmál, frekari hönnun og leyfisveitingar. Við erum að vona að öll tilskilin leyfi geti legið fyrir árið 2026. Við þurfum svo þrjú sumur í framkvæmdir. Virkjunin gæti því verið gangsett í fyrsta lagi 2028 en ég tel að 2029 sé líklegra. Það er nú þannig með íslenska stjórnsýslu að hún er ekki mjög skilvirk þegar kemur að þessum málaflokki,“ segir Skírnir.

Landið sem áætlað er að fari undir Geitdalsvirkjun er í eigu Múlaþings annars vegar og íslenska ríkisins hins vegar og liggja samningar um rannsókna- og nýtingarleyfi fyrir. Framkvæmdaraðili hefur óskað eftir nauðsynlegum breytingum á aðalskipulagi og er ætlunin að tillaga að breyttu aðalskipulagi liggi fyrir að loknu mati á umhverfisáhrifum.

### *Sveitarstjórnarfólk áhugasamt*

Áform um Geitdalsárvirkjun hafa mætt talsverðri andstöðu frá upphafi. Skírnir segir þó ekki upplifun forsvarsmanna virkjunarinnar að andstaða ríki um verkefnið. „Lýðræðislega kjörinn meirihluti í Múlaþingi hefur verið mjög áhugasamur um verkefnið. Við erum búin að vinna í mati á umhverfisáhrifum í þrjú ár og við kynntum niðurstöður á opnu húsi á Egilsstöðum nú í janúar. Þar mættu sjö manns og ég var ekki að skynja að neinn væri neikvæður. Það er því spurning hvort við getum ekki bara sagt að verkefnið sé vinsælt. Svo segja allar skoðanakannanir að vatnsafl njóti mikils fylgis á Íslandi,“ segir Skírnir enn fremur.

„Áformin um Geitdalsárvirkjun hafa allt frá upphafi verið mjög umdeild og almenningur innan og utan svæðis andsnúinn stórvirkjanaframkvæmdum þarna. Þetta er engin smávirkjun, svo það sé sagt,“ segir Andrés Skúlason, verkefnastjóri hjá Landvernd.

Hann segir lykilatriði í andstöðu við virkjunina vera víðtæk náttúruspjöll á ört þverrandi víðernum á þessum hluta hálendis Austurlands, við jaðar Hrauna. Auk þess sé um að ræða mjög neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni, vistgerðir, mófugla, hreindýr og vatnalíf. Þá skerðist rennsli í Geitdalsá frá stíflu að stöðvarhúsi um langan veg um 50% með tilheyrandi óvissu fyrir hið heildstæða vatnshlot, með áhrifum á lífríki.

### *Varði ekki raforkuöryggi*

„Það liggur fyrir að sveiflur í áætluðu lóni verða miklar og því mun fylgja rof á vel grónu landi og valda að óbreyttu áfoki og leir- og sandfjúki, sem er þó nægt fyrir,“ heldur Andrés áfram. „Þá er farið ranglega með að framkvæmdin hafi eitthvað með raforkuöryggi á Austurlandi að gera, því það er eins með þessa virkjun og aðrar í dag, að þeir munu einfaldlega selja hæstbjóðanda inn á almenna kerfinu. Og hvað sem öðru líður þá er ekki raforkuskortur á Austurlandi, þ.e. á því svæði jarðkringlunnar þar sem einmitt hvergi er framleidd meiri raforka, sé tekið mið af öllum mælikvörðum,“ segir hann.

### *Upplýsingaóreiða, segir NAUST*

Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST) fara nú yfir umhverfismatsskýrsluna. Samtökin hafa áður tjáð sig um málið, en vorið 2022 skilaði þáverandi formaður, Kristín Amalía Atladóttir, inn umsögn fyrir hönd samtakanna vegna matslýsingar virkjunarinnar. Þar var náttúru á svæðinu, sem nýtur sérstakrar verndar í náttúruverndarlögum, lýst og fram kom m.a. að samtökin fái ekki séð hvaða brýnu almannahagsmunir séu í húfi sem réttlæti fyrirhugaða röskun á náttúruverðmætum sem ekki megi annars spilla samkvæmt þeim lögum.

Guðrún Óskarsdóttir, formaður NAUST, segir að í þeirri umsögn sé fjallað um upplýsingaóreiðu í umræðum um orkuskipti og miður enn vel við. „Í þeirri skýrslu sem nú er í kynningu er virkjunin talin hafa talsvert jákvæð áhrif á raforkuöryggi á svæðinu og því hefur verið haldið fram að hún sé enda til þess gerð,“ segir Guðrún. NAUST álíti þessa framsetningu dæmi um slíka upplýsingaóreiðu og það geti ekki talist annað en að bera í bakkafullan lækinn að ganga enn einu sinni á síminnkandi náttúru þessa svæðis til orkuöflunar, svæðis sem sé líklega sá blettur á jörðinni þar sem langmest endurnýjanleg orka á hvert mannsbarn er framleidd.

### *Tilvistarréttur náttúrunnar*

„Það sem hins vegar er raunverulega takmörkuð auðlind á Austurlandi er lítt röskuð náttúra,“ heldur Guðrún áfram. „Það svæði sem hér um ræðir er lítt raskað og fáfarið og því hentugt fyrir hreindýr, fugla og fleiri dýr sem nýta svæðið og yrðu fyrir búsvæðatapi og ónæði af framkvæmdinni, auk þess sem vatnalíf myndi raskast mikið. Einnig bendir NAUST á tilvistarrétt náttúrunnar og þá auknu hættu á skaða fyrir lífríki sem aukinn aðgangur að svæði getur haft í för með sér. Af þessum sökum telja náttúruverndarsamtökin áform um Geitdalsárvirkjun vera óráð og vekja athygli á orkusóun í fjórðungnum og leiðum til að minnka hana,“ segir hún.

Varðandi orkuskiptin segir Guðrún NAUST vilja benda á hugtakið „carbon tunnel vision“, sem megi þýða sem kolefnisþröngsýni og lýsi því þegar einblínt er á útblástur koltvísýrings frá bruna jarðefnaeldsneytis við skilgreiningu umhverfisvandans sem við glímum við. „Þetta hefur í sífellt meira mæli verið notað til að réttlæta framkvæmdir við öflun „grænnar“ orku, framkvæmdir sem geta jafnvel verið mjög skaðlegar náttúrunni og því aðeins til þess fallnar að skjóta okkur í fótinn,“ segir hún. NAUST kalli eftir því að tekið verði fyrir notkun þessarar réttlætingar sem ekki eigi við rök að styðjast áður en hún leiði til aðgerða sem bæti gráu ofan á svart fyrir bæði náttúru og samfélag.

„Rót allra umhverfisvandamála er ofnýting og sóun auðlinda og með því að taka á því, í stað þess að eltast við afleiðingar þess, getum við náð raunverulegum árangri,“ segir Guðrún.

### Geitdalsá

Geitdalsá á upptök sín í lækjum og tjörnum á hálendinu upp af Hamarsdal og Fossárdal vestan Ódáðavatna, í jaðri svæðis sem nefnist Hraun. Geitdalsá rennur í norður, að hluta um gljúfur og í fossum og tekur á leiðinni við mörgum þverám og lækjum. Megin innrennslið í Geitdalsá er úr Leirudalsá, sem rennur í gegnum nokkur vötn á leið sinni úr vestri. Við ármót Leirudalsár og Geitdalsár, rennur sú síðarnefnda til norðurs niður Geitdal, sem er upp af Norðurdal. Áin rennur áfram niður Norðurdal og sameinast svo Múlaá í Skriðdal. Saman mynda þessar ár Grímsá, sem rennur út í Lagarfljót, rúmum 6 km frá Egilsstöðum.

### *Breytingar en sama ferli*

Um það hvaða breytingum verkefnið hafi tekið frá því að hugmyndin kom fyrst fram opinberlega, segir Skírnir að skoðað hafi verið að miðla vatni inn á Leirudal og að veita vatni inn um hliðarinntak úr Miðá. „Við höfum fallið frá þeim áformum og verðum nú bara með miðlun í fyrirhuguðu inntakslóni við Hesteyri,“ útskýrir hann. Þannig hafi verið dregið verulega úr umfangi mannvirkja frá því sem kynnt var í matsáætlun.

Andrés gagnrýnir að forsvarsmenn Geitdalsárvirkjunar ehf. hafi fengið að setja fram nýjar áætlanir um nýja virkjun í Geitdalsá í miðju ferli. Breytingar á áformunum, m.a. minnkað framkvæmdasvæði, hafi átt að gera að verkum að hætt yrði við virkjunaráformin í þáverandi formi og virkjunin með breytingum færi í nýtt ferli sem önnur og ný framkvæmd, með öðrum áskorunum og áhrifum á umhverfi og náttúru. Segir hann að vandamálið hafi einfaldlega verið fært til þar sem veruleg stækkun á inntakslóni verði framkvæmd í staðinn.

„Stíflumannvirki sem áður áttu að vera fyrir inntakslón neðar í ánni verður nú samkvæmt ætlunum samhliða breytt í miðlunarlón með mikilli stækkun stíflumannvirkja. Því er að því marki verið að færa vandamálið til enda virkjunin áætluð jafnstór, þ.e. 9,9 MW, eins fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir,“ segir Andrés. ■




Nýtt útibú
Sjóvá opnar á Höfn
Við höfum opnað skrifstofu á Höfn í Hornafirði á 2. hæð í verslunarmiðstöðinni Miðbæ við Litlubrú 1.
Við tryggjum góða þjónustu og hlökkum til að sjá ykkur.
Opið:
mán.–fim. 11:00–16:00
fös. 11:00–15:00
Sjóvá Höfn | Litlabrú 1 | 440 2000 | sjova@sjova.is
SJÓVÁ



Nú geta breskir hundar gætt sér á vistkjöti sem er ræktað á rannsóknarstofum. Mynd / M. Burke

# Ræktað kjöt í hundamat

**Gæludýraverslun í Bretlandi hefur sett á markað hundanammi með kjúklingakjöti sem er ræktað upp frá frumum úr einu eggi.**

Verslunarkeðjan Pets at Home heldur því fram að þetta sé í fyrsta skipti á heimsvísu sem afurðir úr vistkjöti (e. cultivated meat), sem er ræktað upp frá stofnfrumum dýra, eru settar á markað. Takmarkað magn hefur verið sett í eina verslun fyrirtækisins í vesturhluta Lundúna. Frá þessu greinir Guardian.

Hundamaturinn, sem nefnist Chick Bites, er að mestu úr jurtaafurðum sem er blandað við vistkjötið. Samkvæmt framleiðandanum Meatly er vistkjötið jafn bragðgott og næringarríkt og hefðbundnar kjúklingabringur. Lítil takmörk eru fyrir því hversu mikið er hægt að rækta upp frá frumum úr einu eggi.

Í júlí á síðasta ári varð Bretland fyrsta landið í Evrópu til að heimila notkun vistkjöts í gæludýramat eftir að vörur frá Meatly fengu grænt ljós hjá ólíkum eftirlitsstofnunum. Fyrirtækið vonast til þess að á næstu þremur til fimm árum muni aukin framleiðsla gera vörurnar fáanlegar víða. Stjórnendur Meatly eru bjartsýnir á að það takist miðað við hversu stór stökk hafa verið tekin í þróun vistkjöts á allra síðustu árum. /ál

Skógar:

# Lifandi fræbanki Amasón

## – Varðveitir villtar upprunategundir

**Lifandi fræbanki varðveitir villtar upprunategundir Amasónfrumskóganna.**

Á 130 hekturum Camino Verde-stofnunarinnar á Madre de Dios-svæðinu í Perú má finna ríflega 400 upprunalegar tegundir trjáa og plantna. Svæðið er kallað hinn lifandi fræbanki Amasónregnfrumskógarins.

Amasón-svæðið spannar um 6,7 milljónir ferkílómetra í átta löndum og er heimkynni um 30% af tegundum lífríkis jarðar og 20% ferskvatns.

Sjálfseignarstofnunin Camino Verde (Græna leiðin) var stofnuð árið 2007, af bandaríska skógræktarmanninum Robin Van Loon, í kjölfar þess að hann heimsótti Madre de Dios sem námsmaður.

Hugmyndin að baki Camino Verde er að rækta upprunalegar tegundir Amasón í lifandi fræbanka sem tryggi framtíð þeirra, ásamt því að efla sjálfbæra notkun þeirra á Amasón sem uppsprettu lífsviðurværis fyrir samfélög.

Stofnunin beitir sér fyrir að endurheimta frumskógarlandslag Amasón. Villtar tegundir trjáa eru gróðursettar, þ.á m. tré í útrýmingarhættu. Úr trjánum eru síðan framleiddar skógarafurðir sem eru ekki úr timbri eða krefjast skógarhöggs, þ.á m. sjaldgæfar hágæða ilmkjarnaolíur úr brasilískum rósaviði og moena alcanfór-olía sem fræg er fyrir lækningamátt og rík ilmgæði. Þannig geta samfélög innfæddra hagnast, skógum er viðhaldið og þeir auðgaðir, stutt er við sjálfbæra lífshætti og hvatt til sanngjarnrar og endurnýjandi þróunar á svæðinu.

***Sérstæðar tegundir að glatast***

Camino Verde (Græna leiðin) hefur aðsetur í friðlandi við Tambopataána í Perú en vatnasvið árinnar er eitt vistfræðilega ríkasta svæði jarðar. Það fóstrar staðbundnar fuglategundir, skriðdýr, spendýr eins og jagúar og púmu, og að minnsta kosti 1.255 plöntutegundir. Hinn einstaki líffræðilegi fjölbreytileiki þessa svæðis – sem enn er lítið rannsakað af vísindamönnum – hefur þó verið að rýrna undanfarna áratugi. Hið margverðlaunaða, rauðbrúna timburmahóní er til dæmis þegar útdautt í Perú vegna ofnýtingar og margar aðrar tegundir, eins og brasilískur rósaviður, í bráðri hættu.



Starfsfólk Camino Verde fær samfélög með sér í lið í gróðursetningu villtra upprunatrjátegunda, þ.á m. tré í útrýmingarhættu. Úr trjánum eru síðan framleiddar skógarafurðir sem eru ekki úr timbri eða krefjast skógarhöggs.

Árið 2020 skráði umhverfisráðuneyti Perú mestu frumskógareyðingu til þessa, en alls hurfu þá 203.272 hektarar af Amasón-skógi – svæði sem er 2,5 sinnum stærra en t.d. New York-borg – að mestu vegna skógarhöggs og námuvinnslu. Frá árinu 2001 hefur tæplega þremur milljónum hektara skóglendis verið eytt og talið að margar sérstæðar tegundir séu að glatast.

Viðleitni Camino Verde-fræbankans hefur beinst að ofnýttum tegundum og tegundum í útrýmingarhættu. Markvisst eru ræktaðar trjáplöntur úr fræbankanum og þær gróðursettar á Madre de Dios- og Loreto-svæðunum í Perú. Til þessa hafa meira en 200.000 tré verið gróðursett og tugþúsundir trjáplantna framleiddar í trjárækt Camino Verde á hverju ári og þær gefnar eða seldar gegn kostnaðarverði.



Perúskur bóndi handeimar ilmkjarnaolíu á Amasón-svæðinu. Myndir / Camino Verde

***Ný tekjuleið fyrir bændur svæðisins***

Van Loon hefur sagt sláandi að verða vitni að því hvernig unnt er að vera á einum tíma með fjölmargar trjátegundir á svæðum en glata þeim næstum öllum á mjög stuttum tíma. „Ef tré er að týnast úr náttúrunni og enginn veit hvernig fræin líta út, þá er það á leiðinni til útrýmingar,“ segir hann. Á Amasón-svæðinu sé ekki hægt að geyma trjáfræ úr regnskógum í fræbönkum því þau lifi iðulega ekki af þegar reynt sé að þurrka þau. Geyma þurfi slík fræ við mínus 20 gráður ef vel eigi að vera.

Áralangt starf Camino Verde-fólks að gróðursetningu trjáa í Perú er orðið verkfærakista, lifandi fræbanki, sem geymir rúmlega 20 þúsund tré af yfir 400 tegundum af villtum Amasón-trjám og er uppspretta fyrir gróðursetningu tegundanna um Amasón-svæðið. Samfélög svæðisins, frumbyggjar og bændur, eru hvött til að nota fræin til gróðursetningar, sem aftur stuðlar að því að horfið sé frá ræktun á maís, hrísgrjónum og yuca, hinum ráðandi tegundum í landbúnaði svæðisins og sem kallar á að skóglendi sé rutt undir ræktunarland til skaða fyrir líffræðilegan fjölbreytileika.

Áfram er þrotlaust unnið að söfnun sjaldgæfra villtra trjátegunda og þeim fundinn staður í lifandi fræbankanum. /sá



Costa del Azahar
& Valencia

7. – 18. júní 2025
Fararstjórn: Aðalsteinn Jónsson
Verð 399.900 kr. á mann í tvíbýli

Ævintýraleg ferð til Costa del Azahar á Spáni eða hinnar svokölluðu Appelsínustrandar. Þessi glæsilega ferð hefst í Barcelona en aðaldvalarstaðurinn er hinn söguríki bær Peñíscola. Þaðan verður farið í spennandi dagsferðir m.a. til borganna Morella og Valencia og í töfrandi siglingu á ánni San José og um neðanjarðarhella hennar.

bænda FERÐIR

Bókaðu núna á bændaferðir.is

Sími 570 2790 • bokun@baendaferdir.is • Síðumúla 2 • 108 Reykjavík



Vísbendingar eru um að búrhvalir noti sérhæft tungumál og fjölbreyttar mállýskur til að eiga í samskiptum og veita hver öðrum upplýsingar. Mynd / The Marine Mammal Center

Sjávarlíffræði:

# Búrhvalir spjalla

**Búrhvalir spjalla saman og skiptast á upplýsingum.**

Búrhvalir, þessar gríðarstóru og flóknu lífverur, eiga samskipti í flóknum mynstrum. Þeir syngja ekki hljómmikinn, stynjandi hvalasöng eins og t.d. hnúfubakarnir, heldur nota smelli sem kallaðir eru *codas*. Líkja má hljóðunum við þau sem heyrast þegar popp poppast eða beikon er steikt á pönnu. Vísindamaðurinn David Gruber segir smellina þó mest líkjast mors-kóða eða teknótónlist, í samtali við veftímaritið Reasons to be cheerful.

Gruber, stofnandi CETI-verkefnisins (Cetacean Translation Initiative), hlustar tímunum saman á búrhvalaspjall sem teymi hans tekur upp í austurhluta Karíbahafsins.

Sýnt hefur verið fram á að búrhvalafjölskyldur hafa mismunandi mállýskur. Hnúfubakar syngja fyrst og fremst til pörunar en búrhvalir skiptast á upplýsingum og nota hljóð í samskiptum. CETI hefur þegar uppgötvað að samskiptamynstrið er flókið.

„Kóðar þeirra eru smellir, líkt og einn og núll, sem er mjög gott fyrir dulmálsfræðinga,“ útskýrir Gruber. „Þróun háþróaðs vélanáms og lífhljóðvistar er ætlað að verði næsta verkfæri eða tól hvað varðar getu okkar til að hlusta dýpra og skilja lífið á nýju stigi,“ segir hann.

CETI-vísindamennirnir eru að búa til þrívítt gagnvirkt kort af hvölunum í 20 kílómetra radíus undan ströndum Dóminíku, eldfjallaeyju í Karíbahafinu, þar sem búrhvalir halda til. Þar eru hljóð búrhvalanna samkeyrð með ýmsum gögnum, svo sem hjartsláttartíðni hvalanna. /sá

# Vetrartilboð

*Janúar og febrúar*

**STEINSMIÐJA AKUREYRAR**

***Uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi innifalin.***
***Sendum frítt um allt land. Geymum steina ef óskað er.***




***TILBOÐ 1 (ljósmynd)***
***Svartur, grár eða paradiso.***
***Sett eins og á mynd***
***585.000***
***án blómarammans***
***485.000***

***TILBOÐ 2***
***Demantur - passar líka á duftleiði***
***149.000 (199.000 með lukt)***




***Svartur***




***Paradiso***




***Blár***




***Grár***

***TILBOÐ 3***
***Sett eins og á mynd - 380.000***
***Svartur, grár eða paradiso***




***Rúmar tvö nöfn***

***VIÐHALDSFRÍR GRANÍTBEKKUR***

***Svartur, grár eða paradiso.***
***Hægt að fá áletrun gegn aukagjaldi.***
***130cm 150kg***
***frí sending um allt land.***
***230.000 kr***



***s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is***

# Meirihluti dýrahræja urðaður ólöglega

## – Fimm stjórnsýsluaðilar í stjórnkerfi málaflokksins hafa ábyrgðar- og eftirlitshlutverk

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



**Dýrahræ og -leifar flokkast sem „aukaafurð dýra“ í regluverki úrgangsmála, sem ein gerð „úrgangs“. Það er á ábyrgð bænda sjálfra og annarra eigenda aukaafurðanna að koma þeim til viðeigandi förgunar, innan þeirra lögformlegu leiða sem eru í boði.**

Um 87 prósent dýrahræja fóru til urðunar á árunum 2020 til 2022, samkvæmt tölum Umhverfis- og orkustofnunar, þrátt fyrir að í reynd sé urðun dýrahræja bönnuð. Samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árið 2023 var hlutfallið af urðuðum dýrahræjum komið niður í um 53 prósent.

Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson, sérfræðingur á sviði orkuskipta- og hringrásarhagkerfis hjá Umhverfis- og orkustofnun, segir að sögulega hafi gengið illa á Íslandi að koma dýraleifum og dýrahræjum í rétta meðhöndlun og því hafi sum sveitarfélög farið þá leið að safna þessum úrgangi á vegum sveitarfélagsins. Sveitarstjórn sé ekki heimilt að niðurgreiða úrgangsmeðhöndlun nema upp að vissu marki, heldur eigi hún að innheimta gjald sem sé í samræmi við kostnaðinn við meðhöndlun úrgangsins. Það sé þess vegna eðlilegt að gjald sé innheimt fyrir rétta meðhöndlun dýraleifa og dýrahræja. Það eigi þó ekki að vera úr hófi og sá sem greiðir gjaldið hefur rétt á að fá að sjá sundurliðun á þeirri þjónustu sem býr að baki.

### *Íslenska fyrirkomulagið ekki talið standast EES-löggjöf*

Sumarið 2022 féll dómur EFTA-dómstólsins þar sem fram kemur að fyrirkomulag á förgun á þessum aukaafurðum dýra á Íslandi sé ekki í samræmi við ákvæði EES-löggjafar.

ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, áminnti svo stjórnvöld í lok júní á síðasta ári fyrir að hafa ekki aðhafst í málinu frá því að dómurinn féll.

Aðeins brennslustöðin Kalka í Helguvík á Reykjanesi getur tekið við áhættuúrgangi í flokki 1, sem hræ af jórturdýrum eru. Urðun á viðurkenndum urðunarstöðvum er aðeins leyfð fyrir aukaafurðir dýra í áhættuflokki 2, eftir viðeigandi sótthreinsun. Engin slík sótthreinsistöð er hins vegar til staðar í landinu.



Teikning / Hlynur Gauti

*Greiðir hvort sem hann missir grip eða ekki*

### *Óánægja bænda með gjaldtöku*

Dæmi eru um að bændur í Skagafirði og Flóahreppi hafi lýst óánægju sinni með gjaldtöku vegna söfnunar og förgunar á dýrahræjum og -leifum í sveitarfélögunum. Sveitarstjórnir ákveða fyrirkomulag þessara mála og útfæra nánari ákvæði í samþykktum um meðhöndlun úrgangs og í gjaldskrá þeirra. Málefni söfnunar, meðferðar og förgunar aukaafurða dýra eru hins vegar á ábyrgð fimm stjórnsýsluaðila og enginn virkur samráðsvettvangur fyrir samhæfingu aðgerða. Matvælastofnun fer formlega með málefni aukaafurða dýra. Þar innanborðs er viðurkennt að skortur sé á úrræðum í málaflokknum, til að mynda of fáir förgunarstaðir, og leita þurfi viðunandi lausna.

Fjallað var um tvö tiltekin mál í síðasta Bændablaði, þar sem fyrirkomulag er með misjöfnum hætti hvað varðar möguleika bænda á að sækja sér þessa þjónustu með öðrum leiðum en þeirri sem sveitarfélagið leggur til.

### *Hagstæðara gjald utan sveitarfélagsins*

Gísli Björn Gíslason, kúabóndi á Vöglum í Skagafirði, lýsti stöðu sinni þar og mikilli hækkun á gjaldskrá sveitarfélagsins sem hafði orðið á þessu ári vegna þjónustunnar. Þar hefur skipulögð söfnun verið í mörg ár og er þessi úrgangur sóttur heim á bæi á sérstakri bifreið, eftir þörfum. Samkvæmt samþykktum Sveitarfélagsins Skagafjarðar er ekki gert ráð fyrir að undantekningar séu frá þessu fyrirkomulagi og hafa bændur því ekki valkosti.

Í Flóahreppi gildir öðru máli, þar geta bændur samkvæmt samþykktum valið sér hagstæðari leið til endurvinnslu eða förgunar á sínum úrgangi, sé hún í boði. Hún þarf þó að uppfylla þær ströngu kröfur sem gerðar eru til meðhöndlunar á þessum úrgangi. Svanhvít Hermannsdóttir, sauðfjárbóndi á Lambastöðum, fékk tilboð utan sveitarfélagsins sem var mun hagstæðara en gjaldskráin gerði ráð fyrir. Haft var eftir henni í umfjölluninni í síðasta Bændablaði að sveitarfélagið hefði lækkað gjaldið umtalsvert, alveg niður í lágmarksflokk, sem lagt var á Lambastaði eftir að bændurnir létu sveitarstjóra vita af þessu misræmi í gjaldtöku.

Gísli sagði í umfjölluninni að árgjaldið sem á hans bú væri lagt hefði hækkað verulega á milli ára. „Með þessu nýja kerfi er búið að ákveða að ég greiði fast gjald á hverja kú og lægra fyrir geldneyti og kálfa. Þannig er fengin upphæð sem ég á að greiða sama hvort ég missi grip eða ekki,“ sagði Gísli.

Sigfús Ingi Sigfússon, sveitarstjóri í Skagafirði, segir að gjaldskrárbreytingarnar um síðustu áramót hafi tekið mið af nokkrum þáttum. „Álagning milli búfjártegunda var leiðrétt úr frá fyrirliggjandi upplýsingum og sem dæmi lækkaði gjaldið á hross um 20 prósent á meðan álögur á sauðfé og mjólkurkýr hækkuðu um 10–20 prósent frá gjaldskránni sem byrjað var með í upphafi árs 2023.

Einnig þarf að horfa til þess að urðunarkostnaður hjá Norðurá bs. hækkaði um 15 prósent um síðustu áramót og að vísitölubundnir samningar við söfnunaraðila hækkuðu um liðin áramót. Einnig var reynt að hagræða eins og kostur var með því að hafa eina ferð í viku frá ágúst til apríl en að sækja áfram vikulega frá maí til júlí. Breytingar á gjaldskránni hjá bændum voru því í heild ekki miklar þó hlutfallslega hafi álögur á kúabændur hækkað mest en þaðan kemur líka stærstur hluti magnsins sem safnað er,“ segir Sigfús.

### *Aðalmálið að gjaldið standi undir kostnaði*

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, segir að við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024 hafi sveitarstjórn ákveðið að setja upp gjaldskrá vegna reksturs á gámi fyrir aukaafurðir dýra og dýraleifar. „Það kom fram í fundargerðum, fréttum á heimasíðu, íbúafundi og pistlum sveitarstjóra í fréttabréfi þannig að það hefði ekki átt að koma mörgum á óvart.

Gjald fyrir söfnun á dýrahræjum þekkist í öðrum sveitarfélögum og hefur verið lagt á búfjáreigendur víðar en í Flóahreppi en sveitarfélög eru ekki endilega öll með sömu gjaldflokka eða aðferðir við innheimtu gjaldsins. Aðalmálið er að gjaldið



20% afsláttur af KA rennihurðaskápum út febrúar.
Við hönnum draumafataskápinn að þínum þörfum.
FRÍFORM 2000 – 2025
Virka daga 10–17
Laugardaga 11–15
562-1500
Friform.is
Friform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur


Jarle Reiersen.


Hulda Kristjánsdóttir.


Sigfús Ingi Sigfússon.


Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson.

standi undir raunkostnaði við rekstur gámsins hjá sveitarfélaginu og eru það búfjáreigendur sem greiða gjaldið en ekki þeir sem engan bústofn eiga.“

### *Hægt að sækja um niðurfellingu eða lækkun gjalds*

Hulda tekur fram að hægt hafi verið að óska eftir því að fá gjaldið fellt niður samkvæmt gjaldskrá 2024 með því að sýna fram á að viðkomandi bændur sjái sjálfir um löglega förgun á sínum dýrahræjum. „Urðun er óheimil en nokkrir búfjáreigendur nýta sér þann möguleika að fara sjálfir með dýrahræin til þjónustuaðila og greiða þar samkvæmt gjaldskrá fyrir kílóið. Þeir hafa þá þessa tvo kosti hjá okkur; að nýta söfnunargáminn eða fara sjálfur með á gámasvæði.

Í einhverjum tilfellum voru búfjáreigendur farnir að nýta klippikort sem sveitarfélagið afhendir fasteigneigendum sem greiða sorpeyðingargjald. Inneignarkortið var ekki hugað til að mæta kostnaði við dýrahræ og hefur gjaldskrá fyrir árið 2025 verið uppfærð samkvæmt því ásamt öðrum minni háttar breytingum er varðar gjald fyrir meðhöndlun á dýraleifum,“ segir hún.

### *Söfnun að frumkvæði bænda*

Sigfús segir að upphaflega hafi skipulögð söfnun dýrahræja í Skagafirði verið að frumkvæði bænda sjálfra, vegna umræðu um smitsjúkdóma, mismunandi umgengni aðila vegna förgunar og þeirrar hættu sem af því gæti stafað. Hann rekur forsögu núverandi gjaldskrárkerfis þannig. „Í upphafi var kostnaðurinn hluti af því fastagjaldi sem búrekstraraðilar greiddu til sorpmála sveitarfélagsins. Með breytingum á lögum um meðhöndlun úrgangs sem gerð var 1. janúar 2023 breyttist þetta umhverfi mikið, en þá var aukin til muna flokkunarskylda heimilanna með fjórtunnukerfi, sveitarfélögum bannað að greiða með málaflokknum og reyndar líka bannað að hafa hagnað af rekstri hans ásamt mörgum öðrum breytingum.

Á sama tíma og þessi lagabreyting var að taka gildi var tekin sú ákvörðun hér í Skagafirði að afleggja opna ruslagáma og frjálst aðgengi að þeim. Farið var að sækja allt heimilissorp til hvers og eins, jafnt í dreifbýli sem þéttbýli, og var sú ákvörðun tekin að undangenginni könnun meðal íbúa í dreifbýli. Búrekstraraðilar hættu þá einnig að greiða fast gjald vegna sorpsins en sömdu í stað þess beint við verktaka um þjónustu eða að greiða eftir magni á móttökustöð. Það var hins vegar ákveðið að halda söfnun dýrahræja áfram sameiginlegri, en gerð krafa um að málaflokkurinn stæði undir sér fjárhagslega. Því var farin sama leið og farin er í nokkrum öðrum sveitarfélögum, það er að leggja gjald á allt búfé samkvæmt búfjárskýrslum. Gjaldtakan á að dekka kostnað við málaflokkinn í heild. Allir hafa síðan sama rétt til að fá hræbílinn heim til sín til að taka það sem fellur frá. Árin 2023 og 2024 voru því fyrstu árin þar sem gjaldtakan var með þessum hætti og var þá jafnframt reynt að skrásetja umfang dýrahræjanna eftir búfjártegundum svo hægt væri að hafa skiptingu gjaldsins sem sanngjarnasta á milli búfjártegunda.“

### *Sátt um þjónustuna í Skagafirði*

Sigfús segir enn fremur að við vinnslu fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins fyrir árið 2025 hafi landbúnaðar- og innviðanefnd Skagafjarðar farið mjög rækilega yfir þau gögn sem til voru og í kjölfarið hafi nokkrar breytingar verið gerðar á bæði fyrirkomulaginu og gjaldskránni. „Í þeirri vinnu var jafnframt haldinn opinn fundur í samstarfi við Búnaðarsamband Skagfirðinga með bændum um ráðstöfun og framkvæmd þessa verkefnis. Kom þar fram skýr vilji meirihluta bænda að halda sameiginlegri söfnun áfram. Í kjölfar fundarins gátu svo forsvarsmenn búfjáreigenda kosið á milli mismunandi leiða í útfærslu á fyrirkomulagi söfnunar og gjaldtöku. Í framhaldinu samþykkti landbúnaðar- og innviðanefnd að velja þá leið sem flest atkvæði fékk, en það er í grunninn óbreytt kerfi þar sem innheimt er fyrir akstur og söfnun dýrahræja eftir bústofnsskýrslum og fjölda hvers og eins búfjáreiganda, en að vigtað verði sérstaklega það sem kallast sláturúrgangur og greitt fyrir þann úrgang aukalega af þeim sem til hans stofna.“

Hann telur að mjög mikil sátt sé um þessa þjónustu í Skagafirði og það sé vilji bænda að hún sé í boði með þeim hætti að dýraleifarnar séu sóttar heim. Ekki sé ætlast til að einstaka bændur komi með dýrahræ til urðunar hjá Norðurá bs. og urðun á dýrahræjum eða dýraleifum í eigin landi sé einfaldlega bönnuð samkvæmt lögum. Samkvæmt útreikningum sveitarfélagsins sé litlu ódýrara að vera með opna hrægáma víðs vegar um fjörðinn sem bændur kæmu sjálfir dauðu skepnunum í.

Slíkir söfnunarstaðir væru líka mjög umdeildir hvað varðar ásýnd og möguleg umhverfiáhrif, en þeir þyrftu að vera allnokkrir í jafnstóru sveitarfélagi og Skagafjörður er. Sigfús bendir á að þegar bornar eru saman verðskrár annarra sveitarfélaga við þá í Skagafirði sést að gjaldið þar sé hagstætt bændum, sérstaklega í því ljósi að þjónustan þar er meiri en víðast annars staðar.

### *Málaflokkur sem á alfarið að vera hjá ríkinu*

Hulda telur nauðsynlegt að ráðuneytin sem fari með mál dýraleifa og aukaafurðir dýra finni lausnir á þessum málum sem fyrst á landsvísu. „Sveitarfélögin eru mörg hver að sinna söfnun á dýraleifum og aukaafurðum dýra þrátt fyrir að allt bendi til þess að þessi flokkur eigi alfarið að vera hjá ríkinu og þar vísa ég meðal annars í minnisblað sem Samband íslenskra sveitarfélaga lét vinna fyrir sig árið 2023 um þessi mál. Það er því umhugsunarefni hvort sveitarfélög eigi yfir höfuð að vera að standa í því að sinna söfnun á dýraleifum og aukaafurðum dýra – hvað þá ef búfjáreigendur greiða ekki fyrir þessa söfnun. En þar sem farvegurinn er ekki til staðar af hendi ríkisins þá er ljóst að bændur lenda í miklum vandræðum ef sveitarfélögin hætta að sinna þessu.

Það er að minnsta kosti alveg ljóst í mínum huga að sveitarfélög eiga ekki að samþykkja að greiða með þessum flokki, enda er þetta ekki eiginlegur úrgangur og ekki um lögbundið hlutverk sveitarfélags að ræða,“ segir Hulda.

### *Möguleg brennslustöð*

Árið 2023 féllu til 88 tonn af dýrahræjum í söfnunargám í Flóahreppi og kostnaður hjá sveitarfélaginu var að sögn Huldu rúmlega sex milljónir, eða um 8.500 krónur á hvern einasta íbúa Flóahrepps.

Jóhannes Bjarki sagði í áðurnefndri umfjöllun hér í blaðinu að Flóahreppur stefndi á að byggja upp brennslustöð, sem gæti tekið á móti dýraleifum og dýrahræjum í samstarfi við aðrar sveitarstjórnir.

„Þessu er velt upp sem möguleika í svæðisáætlun fyrir Suður-, Suðvestur- og Vesturland um meðhöndlun úrgangs en þar er orðalagið reyndar þannig að stefnt verði að uppbyggingu á brennslugámi fyrir hluta sláturúrgangs sem þarf brennslu auk brennslu dýrahræja að Strönd í Rangárvallasýslu,“ segir Hulda.

### *Stórt hagsmunamál bænda*

„En annars gott að velta upp þessum umræðum og mikilvægt að þessi mál séu skoðuð enda ekki allir sammála um hvort þetta eigi að vera á ábyrgð ríkis eða sveitarfélaga. Ef það kemur í ljós að sveitarfélögin beri ekki ábyrgð á dýraleifum þá auðvitað er gjaldtöku sjálfhætt fyrir söfnunina og förgun og þá einnig eðlilegt að sveitarfélögin hætti alfarið að sjá um þau mál eða hafa aðkomu að þeim. Ef sveitarfélög hins vegar bera ábyrgð á þessu þá þurfa að vera leiðir til að rukka fyrir þjónustuna eins og gildir með annan úrgang. Þannig að þeir sem þurfa á þessu að halda greiði fyrir það en ekki hinir. Sveitarstjórn Flóahrepps mun að sjálfsögðu endurskoða sínar ákvarðanir, gjaldskrár og samþykktir á formlegan hátt ef skýr niðurstaða fæst um þessi mál, til dæmis frá umboðsmanni Alþingis,“ heldur Hulda áfram.

„Þangað til gildir sú gjaldskrá sem var samþykkt við gerð fjárhagsáætlunar 2025 en þar er búfjáreigendum í Flóahreppi áfram boðið að fara aðra leið ef þeir geta sýnt fram á löglega förgun á dýraleifum en þó helst lágmarksgjaldið alltaf inni hjá öllum sem eru með skráðan bústofn.

Ég vil hvetja formann, framkvæmdastjóra og stjórn Bændasamtaka Íslands til að fara af þunga í þessi mál varðandi söfnun, meðhöndlun og förgun dýraleifa og aukaafurða úr dýrum.

Bændasamtökin eru heildarsamtök bænda og málsvari þeirra og eiga að vinna að framförum og hagsæld í landbúnaði. Þetta mál er stórt hagsmunamál fyrir bændur og finna þarf varanlegan farveg í þessum málum í samvinnu við viðkomandi ráðuneyti og þar eiga Bændasamtökin að koma inn sem málsvari bændastéttarinnar gagnvart ríkisvaldinu og öðrum aðilum þjóðfélagsins sem stéttin hefur samskipti við og beita sér fyrir nýmælum í löggjöf og breytingum á lögum sem snerta bændastéttina og landbúnaðinn eins og kemur fram á heimasíðu Bændasamtaka Íslands.“

### *Fjölþætt stjórnkerfi fyrir förgun dýraleifa*

Jóhannes segir að það sé gagnlegt að það komi fram að urðun dýrahræja er ekki lögleg leið til meðhöndlunar þeirra, hvorki fyrir sveitarfélög né bændur. „Ef menn fá lágt verð í meðhöndlun á dýrahræjum og dýraleifum ætti fyrsta spurningin sem kemur upp í hugann að vera hvort verið sé að fara að lögum við losun á þessum úrgangi eða hvort hann sé nokkuð að enda í ólöglegri urðun.

„Dýrahræ og -leifar flokkast sem „aukaafurð dýra“ í regluverki úrgangsmála – en það er ein gerð „úrgangs“. Hugtakið „aukaafurðir dýra“ er bara nafnið á þessum úrgangsflokki, eins og „garðyrkjuúrgangur“ eða „plast“. Í lögunum stendur að aukaafurðir dýra teljist sem úrgangur þegar þær eru á leið í urðun, brennslu eða myltingarstöð,“ segir Jóhannes.

– Framhald á næstu síðu.


# Opinn fundur um framtíð íslensks landbúnaðar

Hótel Nordica
26. febrúar
kl. 13 – 15.30







Öll velkomin.
Léttar veitingar að loknum fundi.

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS
SAFL



**Það er á ábyrgð eigenda dýrahræja að þeim sé fargað löglega. Þegar sveitarfélög bjóða upp á farvegi fyrir þessar aukaafurðir dýra er því frumkvæði fagnað af hálfu Matvælastofnunar, en talið er að í um helmingi sveitarfélaga fari fram skipuleg söfnun.** Mynd / smh

> ... alveg ljóst að eigendur dýrahræja og -leifa hafi ríka skyldu til að tryggja að sá úrgangur sé meðhöndlaður bæði samkvæmt úrgangslögum og lögum um aukaafurðir dýra ...

Stjórnkerfi fyrir þennan málaflokk er fjölþætt á Íslandi og ógegnsætt að mörgu leyti. Matvælastofnun, Umhverfis- og orkustofnun, sveitarfélög, auk ráðuneyta matvæla og umhverfis-, orku- og loftslags, hafa aðkomu að þessum málum og skipta með sér stjórnsýsluhlutverkum.

Umsjón með almenna úrgangsregluverkinu á Íslandi er hjá Umhverfis- og orkustofnun. Matvælastofnun fer hins vegar með málefni aukaafurða dýra og um þær gildir viðamikið regluverk sem innleitt var úr Evrópulöggjöfinni um aukaafurðir dýra. Sveitarstjórn ákveður fyrirkomulag söfnunar á úrgangi í sveitarfélaginu og hefur heimild í lögum um meðhöndlun úrgangs til að kveða á um hvernig skuli staðið að söfnun á dýraleifum og dýrahræjum, eða aukaafurðum dýra.

Matvælastofnun skiptir sér ekki af gjaldtökunni, sá hluti málaflokksins á heima í Umhverfis- og orkustofnun og í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu.

### *Viðeigandi förgunarleiðir*

Sveitarfélögum er ekki skylt að sinna því hlutverki að taka við þessum dýraleifum og koma þeim til viðeigandi förgunarstaða. Þeim ber ekki heldur að leggja til innviði fyrir þennan úrgang umfram það að sjá til þess að farvegur sé til staðar fyrir viðeigandi förgun. Hræ af jórturdýrum skal til dæmis brenna á viðeigandi brennslustöð. Sveitarstjórn fjallar um fyrirkomulag og framtíðaráætlun úrgangsmála á sínu svæði í svæðisáætlun sinni og útfærir nánari ákvæði í samþykkt um meðhöndlun úrgangs og í gjaldskrá sveitarfélagsins. Það eru svo heilbrigðisnefndir sveitarfélaga sem hafa eftirlit með því að þessi og annar úrgangur sé færður til viðeigandi meðhöndlunar og hefur einnig eftirlit með þeim aðilum sem hafa starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd.

Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með þeim aðilum sem hafa starfsleyfi frá þeirri stofnun, til dæmis þauleldisbú eins og stór svína- og alifuglabú, en stofnunin hefur einnig eftirlit með framkvæmd laga um meðhöndlun úrgangs að öðru leyti. Til dæmis hvað varðar hlutverk og ábyrgð sveitarstjórna og að þær setji sér svæðisáætlanir sem séu í samræmi við lög og reglur. Þá hefur stofnunin umsjón með veitingu urðunarleyfa og veitir urðunarstöðum og úrgangsbrennslum starfsleyfi. Almennt er þó bannað að urða aukaafurðir dýra.

### *Rík skylda búfjáreigenda*

Jóhannes Bjarki segir, að þó að sveitarstjórnir beri ábyrgð á því að starfræktar séu söfnunar- og móttökustöðvar fyrir þann úrgang sem fellur til í sveitarfélögum þá sé alveg ljóst að eigendur dýrahræja og -leifa hafi ríka skyldu til að tryggja að sá úrgangur sé meðhöndlaður bæði samkvæmt úrgangslögum og lögum um aukaafurðir dýra. Algengt sé að handhafar þessa úrgangs séu sláturhús, kjötvinnslur, þauleldisbú og bændur. Þessir lögaðilar eigi að sjá til þess að settar kröfur séu uppfylltar á öllum stigum söfnunar, flutnings, annarrar meðhöndlunar, geymslu og förgunar.

Hann segir að Matvælastofnun beri ábyrgð á að rétt sé staðið að meðferð dýraleifa og dýrahræja, hvort sem er hjá sveitarfélögum eða öðrum aðilum.

### *Förgunin á ábyrgð eigendanna*

Jarle Reiersen, deildarstjóri aukaafurða dýra og aðfanga hjá Matvælastofnun, segir að förgun hræja eigi að fara fram samkvæmt lögum um aukaafurðir dýra á viðurkenndum móttökustöðvum. Lögum samkvæmt sé óheimilt að farga hræjum heima á bæjum, en það sé á ábyrgð eigenda aukaafurðanna að farga þeim löglega. Þegar sveitarfélög bjóða upp á farvegi fyrir þessar aukaafurðir dýra sé því frumkvæði fagnað.

„Viðurkenndir förgunarstaðir eru of fáir hérlendis svo þessi förgun er ákveðið vandamál sem þarf að finna viðunandi lausnir fyrir. Matvælastofnun er í samstarfi við matvælaráðuneytið og umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið, auk Umhverfis- og orkustofnunar, við að finna fullnægjandi lausnir," segir Jarle.

### *Hræ jórturdýra skulu fara í brennslu*

Hann segir að hræ séu í dag brennd eða unnin í kjötmjöl að hluta, en einnig séu hræ urðuð. „Það er skilningur okkar að samkvæmt lögum um aukaafurðir skulu hræ jórturdýra fara í brennslu og hræ einmaga dýra má farga einnig í kjötmjölsvinnslu auk brennslu

„Sum bú eru með hrægáma sem þau senda til brennslu eða í kjötmjölsgerð. Flestir bændur eru hins vegar ekki með neina ferla til að meðhöndla hræ. Sum sveitarfélög hafa reynt að koma á söfnunarkerfi til að koma hræjum í förgun á urðunarstöðum sem séu með förgunarleyfi. Þótt Matvælastofnun sé með eftirlit með förgunarverklagi fyrir aukaafurðir dýra hefur stofnunin lítið getað beitt sér vegna skorts á úrræðum," segir Jarle enn fremur.

### *Skortur á samráðsvettvangi*

Halla Margrét Viðarsdóttir, sérfræðingur á sviði umhverfisgæða Umhverfis- og orkustofnunar, segir að vert sé að benda á að þar sem svo margir aðilar koma að úrgangsmálum og til þess að eftirlitið og farvegirnir séu sem skilvirkastir og virki rétt frá öllum hliðum, frá upphafi til enda, þá þurfi allir aðilar að ganga í takt með eitt markmið. „Samvinnan hérna til dæmis á milli sveitarfélaga, heilbrigðiseftirlita og Matvælastofnunar sem og þeirra sem eiga þessar afurðir mun alltaf skila okkur bestu útkomunni og því fagna ég allri umfjöllun um málefnið, enda hagsmunamál fyrir alla að hafa þetta í lagi," segir Halla.

Hún játar því að það gæti verið að samráðsettvang vantaði fyrir alla þá aðila stjórnsýslunnar sem koma að málum. „Vandamálið snertir einnig innviðina, sem og samstiga lausnir. Það er þó ekki þannig að við séum alveg innviðalaus og getum ekkert í því gert, en landið er stórt og víðfeðmt og við fámenn. Það eru úrræði til staðar en við þurfum aðlögunartíma til að straumlínulaga ferlið og brúa bilið þar til fleiri lausnir verða í boði.

Það fer eftir áhættuflokk efnisins hvernig meðhöndlun þarf að fara fram áður en heimilt er að urða úrganginn. Dýraleifar ættu í flestum tilfellum að vera meðhöndlaðar á viðeigandi hátt eftir því hvaða áhættuflokki efnið tilheyrir áður en til urðunar kemur, og urðunarstaðir þurfa að hafa til þess heimildir og viðeigandi mengunarvarnir til staðar til að koma í veg fyrir að möguleg mengun gæti dreifst yfir í grunnvatn til dæmis eða í umhverfið. Sérstaklega þarf að huga að möguleikum á mengun í vatni, það vill enginn fá sitt drykkjarvatn mengað og ber okkur að standa vörð um þá auðlind."

### *Líforkuver og samræmt söfnunarkerfi dýrahræja*

Síðastliðið sumar var vefurinn Líforka. is formlega opnaður af þáverandi matvælaráðherra, Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur. Um upplýsingavef er að ræða um líforkuver sem áformað var að reisa á Dysnesi í Eyjafirði og gæti tekið við þeim dýraleifum sem teljast til áhættuúrgangs. Sá vefur hefur hins vegar verið óvirkur frá síðasta sumri.

Í viðtali hér í blaðinu af því tilefni, sagði Kristín Helga Schiöth, þáverandi framkvæmdastjóri Líforku ehf., að það efni sem í dag endar í svokölluðum hrægámum sveitarfélaga, eða er urðað heima á bæ, muni eiga sér farveg í líforkuverinu á Dysnesi, ásamt áhættuvef frá afurðastöðvum. „Áhersla verður áfram á að uppfylla skyldur Íslands gagnvart EES-samningnum þegar kemur að vinnslu og meðhöndlun áhættumesta efnisins og felur það meðal annars í sér að tekin séu heilasýni úr jórturdýrum og að skimað sé skipulega fyrir smitandi svampheilakvillum. Samkvæmt nýsamþykktri Landsáætlun um útrýmingu sauðfjárriðu þarf að vinna skipulag fyrir sýnatöku úr hræjum samhliða skipulagi söfnunar dýrahræja. Líforkuver ehf. hefur unnið tillögu að slíku söfnunarkerfi að finnsku og norsku fordæmi, og heldur vinna við útfærslu og framkvæmd slíks kerfis nú áfram í samvinnu við stjórnvöld," sagði Kristín Helga.

### *Söfnun fer fram á um helmingi landsins*

Í viðtalinu kom einnig fram að í dag væri staðan sú að söfnun á dýraleifum á vegum sveitarfélaga færi fram á um helmingi landsins, en þar sem úrvinnslustöðvar væru engar sé efnið keyrt til urðunar. „Þetta fyrirkomulag uppfyllir ekki skilyrði til meðhöndlunar áhættuúrgangs, þó að sveitarfélögin séu víða að gera sitt besta til að þjónusta bændur," sagði Kristín Helga.

Í svari matvælaráðuneytisins um afdrif þessara tillagna Líforkuvers segir að matvælaráðuneytið og umhverfisráðuneytið hafi samið við Líforkuver ehf. um að halda utan um verkefni er varðaði hönnun á kerfi til söfnunar dýraleifa á landsvísu.

„Þessu verkefni er lokið og ráðuneytin hafa tekið við afurð vinnunnar frá Líforkuveri. Ráðuneytin vinna nú í sameiningu að næstu skrefum sem miða að því að slíkt söfnunarkerfi verði komið í gagnið fyrir lok þessa árs," segir í svarinu. Þar segir enn fremur að ekki sé hægt að afhenda upplýsingar um fyrirkomulag væntanlegs líforkuvers þar sem fullmótaðar tillögur hafi ekki enn verið lagðar fram. ■



EYLÍF

# **Hrein** íslensk fæðubót **frá Eylíf**

*Ókeypis sending á Dropp stað ef keypt er fyrir 7500 kr eða meira*

*Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó*




## Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm vörur, **Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR, Happier GUTS** og **Stronger LIVER,** allt vörur sem hafa reynst fólki vel.

Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaefnum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík.

„Vinsælasta varan er **Active JOINTS** sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á staðfesta virkni þeirra. Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina, íslenska náttúruafurð, hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum."

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:
- Kalkþörungar frá Bíldudal
- Smáþörungar (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica kísill frá Hellisheiði
- Kollagen frá Grindavík og Sauðárkróki
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði

algalíf




## Skapið er miklu betra

**Guðjón Gunnþórsson kynntist Active JOINTS frá Eylíf á síðasta ári og segist hafa uppgötvað algjörlega breytta líðan á heilsu sinni eftir að hann hóf inntöku á þessu einstaka íslenska fæðubótarefni.**

Guðjón segist hafa verið mjög slæmur í mjaðmarliðum og taldi að ekkert annað væri í stöðunni en að fara í aðgerð. Eftir að hann kynntist **Active JOINTS** hafa verkirnir svo til horfið og hann segist ekki lengur þurfa aðgerð. „Það kom mér stórkostlega á óvart hversu fljótt ég fann mun á líðan minni til hins betra," segir hann. Ég er með slitgigt og kölkun í mjaðmarliðum og var oft mjög verkjaður, átti erfitt með gang. Ég fór að finna fyrir þessum verkjum árið 2022 en ef ég sat lengi í stól átti ég erfitt með að standa upp," segir Guðjón og bætir við „Einnig var ég með verki í axlarliðum sem ég fann fyrir þegar ég lagðist til svefns á kvöldin. Ég fór í sjúkraþjálfun og tók mikið af verkjalyfjum. Það var ekki fyrr en ég kynntist **Active JOINTS** á síðasta ári sem mér fór að líða betur og gat sleppt þessum verkjalyfjum," segir hann.

**Það var virkilega ánægjulegt að finna að Active JOINTS virkar svona vel og ég get mælt 100% með því fyrir alla sem finna fyrir liðaverkjum," segir Guðjón og bætir við að nú sé hann orðinn áskrifandi og fái því Active JOINTS sent heim sem sé mjög þægilegt. „Það er eins og Active JOINTS smyrji liðina," bætir hann við. „Ég hef séð reynslusögur á heimasíðu Eylíf þar sem fólk lýsir betri líðan með Active JOINTS og get tekið undir þær umsagnir.**

Fyrst tók ég tvær töflur en var svo bent á að besti árangurinn næðist með þremur á dag sem ég tek núna. **Active JOINTS** virðist líka vera bólguhamlandi. Svo treystir maður betur vöru sem er unnin úr hreinum íslenskum hráefnum," segir hann.

Guðjón er kominn á eftirlaun en hann er menntaður vélfræðingur og starfaði á Landspítalanum í fjörtuíu ár. Þar þjónustaði hann meðal annars loftræstikerfi spítalans. „Þetta var vaktavinna sem ég kunni vel við og var ánægður í starfi. Eftir að ég hætti að vinna fer ég í sund og göngu. Hef sömuleiðis gaman að skák og tefli svolítið. Síðan erum við hjónin dugleg að ferðast utanlands en kuldinn hér heima er ekki góður fyrir liðina."

**Guðjón segir að miklir verkir skapi pirring í skapi og því sé ánægjulegt að losna við þá. „Skapið er miklu betra," segir hann og hlær.**




## Gerir lífið mitt auðveldara

**Brenda Pretlove sjúkraliði hefur tekið inn Active JOINTS frá Eylíf til að minnka óþægindi í liðum sem hafa fylgt slitgigt hjá henni. Hún segist finna mun til hins betra eftir að hún kynntist vörunni.**

„Ég hef glímt við slitgigt í mörg ár en þeim fylgdu miklir liðverkir. Ég er öflug hestakona og fer daglega í hesthúsið þar sem ég er með þrjá hesta. Þar kynntist ég Ólöfu Tryggvadóttur sem framleiðir **Active JOINTS** og hún hvatti mig til að prófa vöruna. Ég gerði það og **Active JOINTS** hefur hentað mér einstaklega vel. Þótt það lækni ekki gigtina getur það haldið óþægindunum niðri og mér líður betur eftir að ég fór að taka **Active JOINTS** reglulega," segir Brenda. „Það er alveg klárt að þetta hjálpar mér," bætir hún við. „Ég tel að það sé engin spurning að fæðubótarefni geta hjálpað fólki með slitgigt."

Brenda segir að hún hafi verið með verki í fingrum og slæm í annarri mjöðminni en **Active JOINTS** hafi algjörlega bjargað henni. „Mér finnst líka alveg frábært að þetta er íslensk vara unnin úr íslenskum hráefnum," segi hún. „Önnur dóttir mín er líka að taka inn **Active JOINTS** með góðum árangri og er áskrifandi að vörunni og fær hana heimsenda."

Brenda segist bæði hafa prófað **Stronger BONES** og **Happier GUTS** frá Eylíf og hafi mikla trú á þessum vörum. „Ég get mælt 100% með vörunum frá Eylíf," segir hún.



Gróður:

# Eldar munu verða tíðari

## – Efla þarf varnir gegn gróðureldum

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is





„Mikilvægt er að leiða saman þekkingu og reynslu og innleiða heildræna og samþætta nálgun við stjórnun gróðurelda, allt frá viðbúnaði til áhættuminnkunar, viðbragða og endurheimtar," segir Rebekah D'Arcy skógfræðingur. Mynd / Pixabay

**Skógfræðingur sem rannsakað hefur brunahegðun og hermilíkön gróðurelda telur að Íslendingar þurfi að efla skilning á slíkum eldum og varnir gegn þeim.**

Rebekah D'Arcy er menntaður skógfræðingur og búsett á Íslandi. Hún hefur unnið við skógrækt á Íslandi í rúm þrjú ár og starfar nú sem aðstoðarmaður við rannsóknir hjá Landi og skógi.

Hún hlaut heiðursverðlaun haustið 2023 fyrir meistaraprófsritgerð sína í skógfræði við Bangor-háskólann í Wales, um áhrif gróðurelda á tré á Íslandi.

Nýlega vann Rebekah einnig að verkefni um hugsanlega innleiðingu á viðurkenndu eldhegðunarlíkani fyrir Ísland. Þetta líkan er hægt að nota til að líkja eftir brunahegðun í tilteknu landslagi, byggt á landssértækum gögnum.

„Í því verkefni lagði ég áherslu á viðkvæm svæði og fyrri eldsvoða," segir Rebekah.

### *Áhrif gróðurelda á Íslandi*

Í Bændablaðinu í janúar var fjallað um að Norðurlöndin skoði nú í sameiningu vaxandi hættu á víðtækum skógareldum og hvernig efla megi varnir og viðbrögð.

Rannsóknir Rebekuh eru forvitnilegar m.a. í ljósi þess og hún segir fulla þörf á að Íslendingar gefi þessum málum aukinn gaum.

Uppistaðan í meistararitgerð hennar var árslöng rannsókn á áhrifum gróðurelda hérlendis. „Til þess beitti ég sannreyndum aðferðum til að hanna og framkvæma mat eftir bruna á 56,5 ha gróðureldasvæði í Heiðmörk árið 2021. Með þeim gögnum áætlaði ég fyrst lífmassatap trjáa ofanjarðar.

Að því búnu gerði ég tölfræðilega greiningu, með því að búa til aðhvarfslíkan, til að greina hvaða áhrif gróðurelda orsökuðu mest tjón og afföll í trjám. Tæplega þriðjungur reita í úrtakinu voru grassvæði án trjáa. Af 223 skráðum trjám voru 58 ekki með sjáanlegar skemmdir og 119 enn lifandi. Ég kynnti niðurstöður þessarar rannsóknar á Fagráðstefnu skógræktar 2024 á Akureyri og hjá fleiri stofnunum," segir Rebekah.

Hún safnaði einnig gróðri, lífrænum niðurbrotsleifum (humus) og jarðvegssýnum sem hún undirbýr nú fyrir greiningu. Út frá þessu mun hún meta kolefnisbreytileika í lífmassa bæði ofan- og neðanjarðar eftir brunann.

Hún er einnig að undirbúa grein sem á að skila til birtingar í ritrýndu vísindatímariti um niðurstöður þessarar rannsóknar.



Rebekah við rannsóknir í Heiðmörk. Myndir / Aðsendar

### *Spálíkan fyrir brunahegðun*

Rebekah nefnir aðra rannsókn sína sem tengist sama efni. Um var að ræða þriggja mánaða hagkvæmni-athugun á innleiðingu á þekktu eldhegðunarlíkani, með íslenskum veður-, landslags- og gróðurgögnum, til að spá fyrir um brunahegðun. Rannsóknin var unnin með Þresti Þorsteinssyni, prófessor í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands.

„Þar sem þetta var hagkvæmni-athugun í þriggja mánaða tímaramma hefur líkanið ekki enn verið innleitt, því meiri vinnu þarf til að gera það nothæft," útskýrir Rebekah. „Við vitum ekki nóg um hvernig eldur hegðar sér í mismunandi tegundum eldsmats á Íslandi, þ.e.a.s. hugsanlega eldfimum gróðri sem líklegt er að kvikni í og dreifist, til að geta útfært gagnlegt líkan," bætir hún við. Því verði sótt um styrk til framhaldsrannsókna, til að rannsaka brunahegðun í íslenskum gróðurgerðum.

### *Efla viðbúnað vegna gróðurelda*

Rebekah er spurð hvort hún telji að íslensk náttúra sé viðkvæm fyrir gróðureldum. „Einfalda svarið er já," svarar hún og heldur áfram: „Við vissar aðstæður í veðurfari, landslagi og gróðurskilyrðum geta kviknað gróðureldar í öllum gerðum vistkerfa á landi, þ.m.t. í óframræstu votlendi. Hins vegar fer tíðni og alvarleiki gróðurelda eftir samsetningu fyrrnefndra þátta innan vistkerfis," segir hún. Til útskýringar nefnir hún að til dæmis geti sum vistkerfi haldið velli og náð sér þrátt fyrir minni háttar elda, á meðan önnur verði fyrir stórfelldu tjóni í miklum gróðureldum.



Rebekah D'Arcy.

> Gróðureldar munu verða tíðari með vaxandi gróðursæld ...

„Þrátt fyrir að við höfum séð fjölgun gróðurelda á Íslandi, hafa þeir aðeins verið skráðir frá árinu 2006. Flestir hinna skjalfestu gróðurelda urðu í lággróðri, aðallega graslendi. Mesti eldurinn sem mælst hefur var Mýraeldar, í votlendi. Því minna sem við vitum um eldhegðun og áhrif elds á íslensk vistkerfi, því berskjaldaðri erum við fyrir eldhættu. Það sem við vitum er að vegna þátta eins og áframhaldandi hlýnunar og minni beitar, er Ísland að verða grænna en áður. Á vorin höfum við séð lengri snjólaus tímabil að vetri og lengri þurrari tímabil að vori, sem aftur eykur líkur á að kviknað geti eldur í sinu. Magn gróðurs sem kviknað getur í á þurrkatímabilum er um leið að aukast, sérstaklega í þurrari og léttari eldsmat, t.d. grösum," segir hún.

Vitað er að svæði þar sem fólk fer um eða dvelur geta verið viðkvæmari en ella, t.d. vegkantar og sumarbústaðasvæði. „Þar sem við vitum ekki mikið um hvernig eldur hegðar sér í okkar einstaka landslagi, er erfitt að vita hvernig á að skipuleggja árangursríkar aðferðir til að draga úr eldhættu eða koma í veg fyrir að eldar breiðist út." Hún nefnir dæmi frá síðastliðnu vori þar sem sumarhúsaeigandi olli óvart neistaflugi í gróðri við notkun á vinnutæki. Talið er að þetta hafi leitt til margra blettaelda í mosaþekjunni og þurfti að kalla út slökkvilið. Þetta sýni að skýra aðgerðaáætlun þurfi vegna gróðurelda hérlendis.

### *Undirbúningur fyrir framtíðina*

Rebekah kveðst hafa verið í samtali við sérfræðinga innan íslenskra stofnana og stýrihóp íslenskra gróðureldvarna sem hafi áhuga á þessum málum. Mikilvægt sé að leiða saman þekkingu og reynslu og innleiða heildræna og samþætta nálgun við stjórnun gróðurelda, allt frá viðbúnaði til áhættuminnkunar, viðbragða og endurheimtar.

„Þótt gróðureldar séu ekki stórt vandamál á Íslandi nú, þá munu slíkir atburðir verða tíðari með vaxandi gróðursæld, loftslagsbreytingum sem leiða til hækkandi hitastigs og lengri þurrkatímabila, fjölgun íbúa og umferðar ferðamanna um landið. Ef við lærum að takast á við gróðurelda með samþættri stjórnun eldvarna, verðum við betur búin undir framtíðina," segir Rebekah. ■



ÁRSFUNDUR 2025

# Sterk framtíð á stoðum fortíðar

Silfurbergi, Hörpu

Þriðjudaginn 4. mars

14:00

## ÁVÖRP

Jón Björn Hákonarson
*stjórnarformaður*

Daði Már Kristófersson
*fjármálaráðherra*

## ERINDI

**Ábyrgð á auðlind þjóðar**
Hörður Arnarson
*forstjóri*

**Forsjálni til framtíðar**
Jóna Bjarnadóttir
*framkvæmdastjóri Samfélags og umhverfis*

**Enginn venjulegur raforkumarkaður**
Tinna Traustadóttir
*framkvæmdastjóri Sölu og þjónustu*

## PALLBORÐ

Jóhann Páll Jóhannsson
*umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra*
Hörður Arnarson
*forstjóri Landsvirkjunar*
Gestur Pétursson
*forstjóri Umhverfis- og orkustofnunar*
Guðrún Halla Finnsdóttir
*framkvæmdastjóri Viðskiptaþróunar, Norðurál*

Fundarstjóri er Þóra Arnórsdóttir
*forstöðumaður samskipta*

Landsvirkjun | 60 ára

Skráning á landsvirkjun.is/arsfundur25



Svæði norðan Bláfells á Biskupstungnaafrétti eins og það leit út í júlí 2008. Ekki stingandi strá að sjá.



Hér má sjá þetta sama svæði norðan Bláfells, sem er nú allt orðið uppgróið og fallegt, þökk sé uppgræðslustarfi félaga í Landgræðslufélagi Biskupstungna. Myndin er tekin í september 2023.
Myndir / Aðsendar

## Uppgræðsla:

# Þúsundir heyrúlla í rofabörð

## – Landgræðslufélag Biskupstungna 30 ára

Magnús Hlynur Hreiðarsson
magnushlynurh@gmail.com



**Mikil breyting hefur orðið á landgræðslusvæðum á Biskupstungnaafrétti á þeim þrjátíu árum sem Landgræðslufélag byggðarlagsins hefur verið starfandi.**

Landgræðslufélag Biskupstungna fagnaði þrjátíu ára starfsafmæli á liðnu ári. Félagið var stofnað árið 1994 og er eitt elsta landgræðslufélag landsins. Starfsemin er enn í miklum blóma en formaður félagsins er Ingvi Þorfinnsson á Spóastöðum.

Ingvi segir aðdragandann að stofnun félagsins mega rekja til uggs Biskupstungnamanna gagnvart uppblæstri á Biskupstungnaafrétti. Áður höfðu ýmis félög eins og Ungmennafélag Biskupstungna og Lionsklúbburinn Geysir unnið að uppgræðsluverkefnum á afréttinum.



Ingvi Þorfinnsson á Spóastöðum er formaður Landgræðslufélags Biskupstungna.



Unnið við rúlludreifingu í rofabörð á afréttinum. Í sumar mun félagið dreifa um 200 rúllum.

„Árangurinn af því var misjafn því verkefnum var ekki fylgt eftir eins og þörf var á. Þá var beitarálag mikið og veðráttan óhagstæð. Um 1970 hófst samstarf milli sauðfjárbænda, Biskupstungnahrepps og Landgræðslunnar um áburðardreifingu á stór ógirt landsvæði á afréttinum til að auka beitarþol svæðisins. Í framhaldi af því ákváðu áhugamenn um uppgræðslu á afréttinum að kanna áhugann á að stofna landgræðslufélag í Biskupstungum," segir Ingvi. Í nóvember 1993 var haldinn undirbúningsfundur í Aratungu með þáverandi landgræðslustjóra, Sveini Runólfssyni, til að kanna áhuga sveitunga og í framhaldi af því var Landgræðslufélag Biskupstungna stofnað 13. apríl 1994. Stofnfélagar voru fjörutíu talsins.

### *Notkun rúllutætara reyndist bylting*

Fyrstu ár félagsins fólust einkum í áburðardreifingu og ýmsar tilraunir voru gerðar með það að markmiði að stöðva uppblástur úr rofabörðum. Ingvi segir að bylting hafi orðið í meðhöndlun á þeim þegar félaginu bauðst að fá að láni rúllutætara til prufu við verkið. Mun það vera í fyrsta skipti sem rúllutætari var notaður til að blása rúllum í rofabörð á Íslandi. „Þessi tilraun gekk svo vel að við keyptum rúllutætarann og erum búin að dreifa að jafnaði úr 250 heyrúllum á ári frá þeim tíma, eða á sjötta þúsund rúllum alls. Rúllurnar hafa farið í rofabörð og moldir á Biskupstungnaafrétti. Í fyrra bárum við á áburð á um 250 hektara lands inni á afréttinni," segir Ingvi stoltur.

### *Hvetjandi að sjá árangur erfiðisins*

Mikil breyting hefur orðið á landgræðslusvæðunum á Biskupstungnaafrétti á þessum þrjátíu árum. Sum eru að fullu gróin og aðgerðum lokið, önnur þurfa lítinn áburð og eru í bata. „Það er mjög hvetjandi þegar maður sér árangur erfiðisins. Eins og að geta hætt aðgerðum þar sem þeirra er ekki lengur þörf. Mikilvægt er að fylgjast með framvindu á svæðunum og vera tilbúinn að grípa inn í ef land fer að hopa á nýjan leik með uppgræðsluaðgerðum, þá rúlludreifingu og áburðardreifingu. Um tíma var samstarf við Grunnskóla Bláskógabyggðar þar sem farnar voru ferðir með einn árgang úr Reykholtsskóla inn á afrétt í ferðir þar sem þau voru frædd um uppgræðslu á afréttinum og tóku þátt í uppgræðslustarfi. Þetta starf hefur legið niðri um tíma," segir Ingvi.

### *Óbilandi trú á verkefninu*

En hverju þakkar Ingvi þennan góða árangur á afréttinum? „Það er fyrst og fremst óbilandi trú á verkefninu. Allir vilja leggja hönd á plóg þó svo að launin séu oft ekki önnur en ánægjan og að sjá árangur af starfinu. Svo hefur það verið styrkur félagsins alla tíð að það eru ekki eingöngu sauðfjárbændur sem láta sig málið varða. Það er fólk úr öllum geirum samfélagsins sem hefur áhuga á starfseminni. Nú eru um fimmtíu bændur og aðrir, sem láta velferð afréttarins okkar sig varða, í félaginu. Gengið hefur vel að virkja bæði bændur og aðra sem hafa haft tæki og tól sem nýtast félaginu til uppgræðslustarfanna," segir Ingvi.

### *Halda ótrauð áfram*

Ingvi segir að árið 2025 leggist vel í hann og félagsmenn Landgræðslufélags Biskupstungna. „Við munum dreifa um 50 tonnum af áburði í lok júní og um 200 rúllum norðan Árbúða síðsumars. Ég tek þó skýrt fram að þó að verulegur árangur hafi náðst á síðustu þrjátíu árum þá er nóg eftir af rofabörðum og öðru landi sem þarf að græða upp, svo við höldum ótrauð áfram. Hlutverk félagsins verður áfram sem hingað til að virkja áhuga allra þeirra sem vilja bæta ástand afréttarins í samráði við eigendur og notendur svæðisins í góðu samstarfi við Land og skóg." ■






Við erum með sex verslanir á landinu með mikið úrval af rekstrarvörum og lyftibúnaði fyrir landbúnað, sjávarútveg, matvælavinnslur, byggingariðnað og aðra starfsemi.

HAMPIÐJAN
hampidjan.is/verslun · https://vefverslun.hampidjan.is

Reykjavík — Skarfagarðar 4 — Sími 530 3333
Ólafsvík — Ólafsbraut 19 — Sími 436 1214
Ísafjörður — Suðurtangi 14 — Sími 470 0830
Akureyri — Norðurtangi 1 — Sími 841 1322
Neskaupstaður — Naustahvammur 49 — Sími 470 0807
Vestmannaeyjar — Friðarhöfn — Sími 664 3340

## H.HAUKSSON EHF.

# Stöðluð stálgrindarhús

### 35 ÁRA REYNSLA Á ÍSLANDI

1 x Iðnaðarhurð | 2 x Gönguhurð | 1 x Gluggi

- Húsin standast mestu snjó- og vindálagskröfur
- Úrval lita á þak og veggi
- Þak klætt 80mm PIR yleiningum
- Veggir klæddir 60mm PIR yleiningum
- Reyklosunarplötur á þaki sem hleypa inn birtu
- Aðaluppdrættir, sökkulteikningar og burðarvirki fylgja
- Fjöldi annarra stærða í boði

**Breidd 16m / Lengd 25,2m**
Vegghæð 3,6m - 403 $m^2$



**TILBOÐ** kr. 24.965.000 m. vsk.

*Tilboðsverð gilda til 01.05.2025

**Breidd 9m / Lengd 16,8m**
Vegghæð 3,6m - 151 $m^2$



**TILBOÐ** kr. 11.835.000 m. vsk.

**Breidd 11m / Lengd 21,2m**
Vegghæð 3,6m - 231 $m^2$



**TILBOÐ** kr. 16.790.000 m. vsk.

**Breidd 14m / Lengd 21m**
Vegghæð 3,6m - 294 $m^2$



**TILBOÐ** kr. 18.979.000 m. vsk.

**Breidd 14m / Lengd 25,2m**
Vegghæð 3,6m - 353 $m^2$



**TILBOÐ** kr. 21.690.000 m. vsk.

**H. HAUKSSON EHF.** Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is

WECKMAN

---

## MHG VERSLUN

### KJARNABORVÉLAR - GÓLFSAGIR - VEGGSAGIR - KJARNABORAR - STEINSAGARBLÖÐ




**MHG VERSLUN | Þjónustuverkstæði og varahlutir | Víkurhvarfi 8 | 203 Kópavogi | S. 544 4656 | mhg.is**



Í júní á síðasta ári tóku feðgarnir Magnús Þór Eggertsson og Eggert Magnússon nýtt nautahús í notkun á Litla-Kroppi í Borgarfirði. Þeir reka jafnframt kúabú á nágrannajörðinni Ásgarði. Á milli bæjanna eru þrír kílómetrar, en feðgarnir segjast spara vélakostnað með því að hafa skepnurnar í nágrenni við ræktunina á hvorum stað. Magnús er 64 ára og Eggert 38 ára. Myndir / ál

## Nautgriparækt:

# Byggðu nautahús til að rýmka um kýrnar

– Gripirnir vaxa hraðar þegar þeim líður vel og hafa nóg pláss

**Feðgarnir Magnús Þór Eggertsson og Eggert Magnússon reka kúabú í Ásgarði í Borgarfirði ásamt fjölskyldum sínum.**

Síðasta sumar reistu bændurnir stórt og nútímalegt nautahús á nágrannajörðinni Litla-Kroppi. Með þessu skapast aukið pláss fyrir mjólkurkýrnar og sjá feðgarnir fram á að ná auknum árangri í ræktun nautgripa til kjötframleiðslu.

„Þetta nýja hús er bæði betra fyrir nautgripina og fyrir okkur," segir Magnús. Hann segir að með aukinni velferð nautanna verði þau stærri og fallegri. „Ef maður fylgir reglugerð um velferð nautgripa þá líður þeim betur og það er betra fyrir alla."

*Skepnurnar sem næst ræktuninni*

Í nautaeldishúsinu er pláss fyrir allt að 150 gripi, en þeir voru 90 þegar blaðamann bar að garði og eru bændurnir að fjölga þeim hægt og rólega. Þar eru eingöngu mjólkurkvígur í uppeldi og nautgripir ætlaðir í kjötframleiðslu, en geldar mjólkurkýr eru í fjósinu í Ásgarði. Mjólkandi kýr eru að jafnaði 60 á hverjum tíma.

Aðspurður af hverju þeir byggðu nautahúsið svo fjarri fjósinu, en á milli bygginganna eru þrír kílómetrar, segir Magnús: „Upp frá er sextíu hektara tún og þá þurfum við ekki að keyra heyið hingað niður eftir og skítnum aftur til baka. Það er minni olíu- og tækjakostnaður að hafa skepnurnar nær ræktuninni þó að við þurfum að skreppa upp eftir á litlum bíl til að gefa. Við þurfum hvort eð er að gera það af því að við erum með 200 kindur í fjárhúsum á Litla-Kroppi." Íbúðarhúsið sem fjölskylda Eggerts býr í er jafnframt steinsnar frá nýju útihúsunum.

*Helmingurinn í haughúsinu*

Uppbygging nautahússins er sambærileg og í nýbyggingum af þessu tagi. Í miðjunni er breiður fóðurgangur og í öðrum endanum er opið gólfpláss þar sem hægt er að athafna sig á vélum. Hvort sínum megin við fóðurganginn eru stíur fyrir gripina.

„Þú setur nautin inn í annan endann og svo stækka þau og færast inn og fara út um endahurð og gripabíllinn getur bakkað að stalli," segir Magnús.

Um það bil helmingurinn í kostnaði hússins liggur í haughúsinu sem er undir því. Það er að mestu leyti úr forsteyptum einingum og er tveggja og hálfs metra djúpt. Ofan á það kemur stálgrind og eru veggir og þak úr yleiningum. Húsið er 540 fermetrar.

*Gripirnir hreinir og slæða ekki*

Magnús bendir á að kyngreining sæðis muni auka nýtingu þeirra á húsinu enn fremur, en bændurnir stefna að því að sæða lakari kýrnar í fjósinu með kyngreindu sæði úr holdanautum og fá þar með fleiri nautkálfa. „Við gátum fjölgað mjólkurkúnum í fjósinu í Ásgarði með því að rýmka," segir Magnús. Smákálfar eru áfram í fjósinu í Ásgarði, en þegar þeir eru fjögurra til fimm mánaða eru þeir fluttir að Litla-Kroppi.

„Það er mjög auðvelt og þægilegt að gefa þarna. Ég get ekki séð annað en að gripirnir séu hreinir og slæði ekki heyinu undir sig," segir Magnús aðspurður um hvernig reynslan af notkun hússins hafi verið fyrstu mánuðina. /ál



Nautahúsið er stálgrind klædd með yleiningum. Helmingurinn af byggingakostnaðinum liggur í því sem er neðanjarðar, eða steyptum haugkjallara.



# Husqvarna

**Há Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi**

- Eigum jarðvegsþjöppur á lager uppí 500 kg
- Þjónustuverkstæði og varahlutir

**ERUM FLUTT AÐ LYNGHÁLSI 5**



**Husqvarna FS 500 E rafmagns gólfsög**
Sögunardýpt 19 cm



**Husqvarna DM230 Kjarnaborvél**
150mm Max



**Husqvarna K770 14" Steinsög/hellusög**
Sögunardýpt 12,5 cm



**Husqvarna K970 16"**
Sögunardýpt 15,5 cm



**Husqvarna LF75 Jarðvegsþjappa**
97 kg, 500 mm plata



**Husqvarna FS 400 LV gólfsög bensín**
Sögunardýpt 16,2 cm



**Husqvarna Rammer Hoppari LT6005 bensín**
230mm plata, 69kg



**Husqvarna Trowel BG 245**
Slípivél, vinnslubreidd 60 cm



**Husqvarna K4000 Steinsög, 230v**
Sögunardýpt 12,5 cm



**Husqvarna K3600 Steinsög, vökvadrifin**
Sögunardýpt 27 cm



**Husqvarna K7000 Ring rafmagnssög**
Sögunardýpt 32,5 cm



**Husqvarna K7000 Pre Cut rafmagnssög**
Sögunardýpt 14,5 cm

HÁ VERSLUN

Lynghálsi 5, 110 Reykjavík
Opið mán.- fös. Kl. 9 - 17
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

**Husqvarna Construction Products**
Gólfsagir, jarðvegsþjöppur, kjarnaborvélar, borstandar, hopparar, slípivélar, garðverkfæri, golfbílar, garðsláttuvélar og margt fleira!
Kíktu á úrvalið á haverslun.is eða til okkar að Lynghálsi 5

# Íbúðalóðir á Svalbarðseyri

**Nýjar byggingarlóðir í Valsárhverfi**

## Kostir hverfis og framtíðarsýn

- Nálægð við skóla og leikskóla
- Fjölskylduvænt umhverfi
- Blönduð byggð; einbýli, rað- og parhús, lítil fjölbýli
- Stórar lóðir
- Nálægð við sjó
- Leik- og útivistarsvæði innan hverfis og góðar gönguleiðir
- Aðeins 12 km vegalengd inn á Akureyri

**Nánari upplýsingar í síma 464 5500 og á svalbardsstrond.is.**







Guttormur Ármannsson frá Egilsstöðum við járningar. Hann var eftirsóttur járningamaður í Finnlandi og þjónustaði hrossabú víða um landið. Myndir / Aðsendar





Guttormur á Skímu og Marjatta Kojo á Sóldísi, í keppni. Þau voru jafnan stigahá.



Guttormur og Marjatta með dæturnar Elenu og Írisi. Marjatta lést árið 2015.

# Ólseigur hestamaður með ónýtt bak

## – Um tamningar og járningar í Suður-Finnlandi



Guttormur var lunkinn knapi og keppti oft á mótum sem ungur maður austur á Héraði og seinna í Finnlandi, bæði á svæðis- og landsmótum. Hér er hann með Skímu.

**Steinunn Ásmundsdóttir**
steinunn@bondi.is



**Egilsstaðabúinn og hestamaðurinn Guttormur Ármannsson flutti fyrir margt löngu til Finnlands með fjölskyldu sinni og stundaði þar tamningar og járningar um árabil.**

Guttormur er sonur Guðfinnu Sigurbjörnsdóttur frá Gilsárteigi á Fljótsdalshéraði og Ármanns Guðmundssonar úr Reykjavík, en þau eru bæði látin. Guttormur ólst upp á Egilsstöðum og fór snemma að stússast í hestum, enda voru foreldrar hans hestafólk og því ekki langt að sækja góðhrossin.

### *Frá Finnlandi til Íslands*

„Ég var bara pínupolli þegar ég fór að fara á bak,“ segir Guttormur, staddur á heimili sínu í bænum Loppi á Kanta-Häme-svæðinu norðan við Helsinki. Pilturinn fór snemma að taka þátt í Austurlandskeppnum og lagði fyrir sig tamningar. Um þrítugsaldurinn ákvað hann að bregða undir sig betri fætinum og fara til Finnlands, þar sem hann bjó í nokkur ár og vann m.a. við tamningar fyrir nokkur hrossabú. Þar kynntist hann fyrst sálfræðinemanum Marjöttu Kojo, sem var, líkt og hann, forfallin hestamanneskja. Hann flutti svo aftur heim á Hérað og Marjatta flutti nokkrum árum síðar til Íslands, þar sem hún, þá útskrifuð sem sálfræðingur, fékk sér til að byrja með vinnu við hestaferðaþjónustu í Skriðdal.

„Hún var uppi í Sandfelli að vinna og ég var oft þar í heimsókn,“ rifjar Guttormur upp. Þau voru par og héldu áfram að vera á bólakafi í hrossum, gerðu út frá Egilsstöðum og voru með hestaferðir, einkum fyrir Finna, og ráku hestaleigu um skeið. Marjatta fékk stöðu sálfræðings við Skólaskrifstofu Austurlands, þau byggðu sér hús á Egilsstöðum laust fyrir aldamótin 2000 og það ár eignuðust þau dótturina Elenu. Fyrir átti Guttormur soninn Davíð Snæ.

### *Keyptu litla jörð og nýja hesta*

Guttormur og Marjatta ákváðu skömmu eftir fæðingu Elenu að flytja aftur til Finnlands. Þau keyptu sér litla jörð norður af Helsinki og fengu sér hesta. „Þeir voru fáir í byrjun en það vatt upp á sig alveg um leið,“ segir Guttormur kíminn. „Við fluttum fullt af hestum, allt sem við áttum, frá Íslandi og seldum þá í Finnlandi og tókum nýja íslenska í staðinn,“ útskýrir hann. Þau eignuðust aðra dóttur, Írisi, árið 2002.

Marjatta hóf störf sem sálfræðingur, auk hestamennskunnar og Guttormur vann einkum í tamningum og járningum. Hann varð fljótt eftirsóttur járningamaður. „Ég fór út um allt að járna, já,“ segir hann en hnýtir við af hógværð að hans járningakúnst hafi ekkert verið merkilegri en annarra. „Ég gerði þetta í helvíti mörg ár, bara þangað til ég gat ekki meira. Ég var með ákveðin hesthús þar sem ég sá alveg um járningar á öllum hrossum. En nú er ég hættur járningum, fyrir nokkrum árum. Bakið á mér fór alveg í tætlur, eyðilagðist,“ segir hann.

### *Börðust eins og ljón*

Þau tömdu sína hesta, kepptu gjarnan á svæðis- og landsmótum og gekk iðulega vel. „Já, við vorum oftast einhvers staðar í toppnum,“ segir Guttormur. Sem dæmi kepptu þau á Finnlands-meistaramóti árið 2012 og þá varð Marjatta fjórða í tölti og önnur í fjórgangi en Guttormur fimmti í slaktaumatölti, þriðji í fjórgangi og annar í tölti. „Það var bara eðlilegt og algengt,“ úrskýrir hann. Þau voru bæði lunknir knapar. „Við börðumst alveg eins og ljón,“ bætir hann hlæjandi við.

Hann er beðinn um að rifja upp bestu gæðinga þeirra Marjöttu. „Þeir voru nú svo margir. En við getum nefnt Skímu sem var flutt út, undan graðhestinum Kjarki frá Egilsstöðum, Ingi Gunnlaugsson í Vaðnesi átti hann. Einnig var frúarhesturinn, Sóldís, sem fædd var í Finnlandi. Hún er farin yfir móðuna miklu en ég veit ekki um Skímu, hún var keppnishrossið mitt þangað til hún bilaði í fótum en þá seldi ég hana,“ segir hann.

Guttormur á enn eina fimmtán vetra meri, undan Skímu, og lánaði ungri stúlku til afnota því hann hefur ekki heilsu til útreiða eða umstangs við hesta lengur.

Aðspurður um finnskt hestakyn segir Guttormur það bara hafa tvær gangtegundir: brokk og stökk. „Þeir eru töluvert stærri en íslensku hestarnir. Svo er auðvitað hægt að fara út í alls konar hesta. Það eru ekki bara finnskir, heldur svokallaðir „warm-blood“-hestar, sem eru aðeins minni heldur en sá finnski en fara hraðar yfir. Þeir eru svona sporthestar í Finnlandi,“ segir hann. Slíkir hestar eru einkum upprunnir af meginlandi Evrópu, einkum í Þýskalandi.

### *Lífið tók stakkaskiptum*

Marjatta lést eftir stutta baráttu við briskrabbamein í árslok 2015, aðeins 46 ára að aldri. Skömmu síðar seldi Guttormur jörðina og allt sem henni fylgdi og flutti burt með Elenu og Írisi. Hann býr nú í íbúð í miðbæ Loppi. Dæturnar menntuðu sig og starfa báðar sem hjúkrunarfræðingar.

„Ég vildi fara í burtu þegar Jatta dó og var að spekúlera í að fara til Íslands aftur. Þá var bara flest allt mitt fólk sem ég þekki þar látið, eða farið í burtu, þannig að mér fannst það ekki fýsilegri kostur þegar til kom. Þá hefði maður bara verið eins og útlendingur heima hjá sér,“ útskýrir hann.

„Ég er bara hauglatur öryrki núna, með ónýtt bak,“ segir Guttormur kaldranalega, orðinn 67 ára gamall. Hann kemur þó stundum upp til Íslands og þá gjarnan með dætrunum.

Hann segist sakna Íslands annað slagið en Finnland sé líklega orðið hans heimaland eftir allan þennan tíma og ágætt sé að búa þar. „Það er allt ódýrara hér, maður getur lifað af launum sínum hér, en á Íslandi væri það ekki hægt,“ segir hann. Einnig sé meiri stöðugleiki í þjóðlífinu.

Hann fer enn á hestamót sér til skemmtunar og til að fylgjast með. „Ég var svo heppinn að temja mjög góðan hest sem heitir Freyr, hann er frá nágrönnum mínum hér í Loppi. Ég fékk þennan hest í frumtamningu á sínum tíma, gekk bara ansi vel og hann er sennilega einhver besti hestur sem ég hef tamið um dagana. Ég fylgist með honum í keppnum. Hann hefur farið á heimsmeistaramót í það minnsta tvisvar. Það er nú ekkert á hverjum degi sem maður fær þannig hest í hendurnar. Svo er maður tengdur við þessa kunningja og vini sem eru allir í hestum. Einn þeirra er járningamaður og búinn að taka við öllum járningum sem ég var með áður fyrr. Það er bara gangurinn í lífinu,“ segir Guttormur. ■




Límtréshús, bogahús
og færanlegar byggingar
Hýsi.is
Færanlegar byggingar
Bogahús
Límtréshús
HÝSI
BYGGJUM BETUR


M²ERLIN MJALTAÞJÓNN
Fullwood JOZ
Minnum á FAGFERÐ LANDSTÓLPA 18.-21. mars
M²
I Fullsense hjarðstjórnunarkerfi I Tveir inn- og útgangar I Innbyggð flokkun
I Aukin mjólk með Streampulse I Hámarkað júgurheilbrigði
I Hljóðlátur I Sveigjanleg staðsetning
LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600
Lyngási 11, 700 Egilsstöðum
480 5610
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

## Matvælaframleiðsla:

# Mjólkurbílstjóri á tímamótum

### – Hefur starfað fyrir bændur alla sína tíð

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Vernharður Stefánsson hefur starfað sem mjólkurbílstjóri frá árinu 1994. Hann hlakkar til að láta af störfum þegar hann verður 69 ára eftir nokkrar vikur. Hann segir starfið vera gott og öruggt en ekki skemmi fyrir að vera smá einfari fyrst að honum líkar starfið vel. Myndir / ál

**Vernharður Stefánsson mjólkurbílstjóri sest fljótlega í helgan stein eftir 31 ár í sínu starfi, en hann verður 69 ára gamall eftir nokkrar vikur.**

„Ég sagði upp um áramót, þannig að ég verð laus 31. mars,“ segir Vernharður. „Það hittir þannig á að ég á afmæli þá,“ en Vernharður er fæddur árið 1956 og ólst upp á Túni í Flóa. Hann hóf sinn feril sem mjólkurbílstjóri árið 1994, en þá hafði hann verið í öðrum störfum hjá Mjólkurbúi Flóamanna í eitt ár.

„Það má segja að ég hafi unnið fyrir bændur alla tíð. Fyrst hjá sláturfélaginu og síðan hjá mjólkurbúinu,“ segir Vernharður. Áður vann hann við gripa- og kjötflutninga hjá Sláturfélagi Suðurlands. „Ætli maður sé ekki svolítill einfari í sér fyrst að manni líkar þetta vel. Maður hefur stundum hugsað um að leita að einhverju öðru en ég gerði aldrei neitt í því. Eins og gengur koma tímabil þar sem maður er alveg að gefast upp á þessu og nennir þessu ekki lengur en svo líður það hjá.“

*Sjaldan kaffi núorðið*

Engar stórvægilegar breytingar hafa orðið á starfi mjólkurbílstjóra á hans ferli fyrir utan að búunum hefur fækkað og þau stækkað. „Síðustu árin hafa dagarnir styst. Það eru færri bæir og það er meiri mjólk á hverjum bæ.“

Vernharður segir að það sé í undantekningartilfellum sem mjólkurbílstjórar stoppa í kaffi, en hann nefnir sérstaklega að á Egilsstaðakoti í Flóa hafi mjólkurbílstjórum verið boðið í morgunkaffi um áratugaskeið. „Maður er eiginlega næstum því hættur að hitta menn. Þetta var þannig að maður hitti oft fólk í fjósinu og ef menn voru úti við komu þeir og kjöftuðu. Það heyrir til algjörra undantekninga ef það er í dag. Það er einhvern veginn svo mikið að gera hjá öllum,“ segir Vernharður.

> Ég er ekki með nein plön, en ég segi það stundum að ég ætli að fara að snúast í kringum sjálfan mig ...

*Er með fasta rútu*

Fyrstu árin sem mjólkurbílstjóri vann hann við að leysa af aðra mjólkurbílstjóra á ólíkum leiðum. Þegar hann var kominn með meiri reynslu fékk hann svokallaða fasta rútu, þar sem hann sinnti alltaf sömu leiðunum og fékk sinn eigin mjólkurbíl til umráða. Núna sækir hann mjólk á flesta bæi í Flóanum ásamt því að fara í Hrunamannahrepp neðan við Flúðir og hluta af Skeiðunum. „Maður er búinn að fara heim á ansi marga bæi hér á Suðurlandsundirlendinu,“ segir Vernharður. Hann hefur líka tekið ferðir í Borgarfirði og austur á Kirkjubæjarklaustur.

Rútan sem Vernharður fer í Flóanum samanstendur af átján bæjum og losar hann bílinn þrisvar á Selfossi. Þegar hann keyrði þá rútu fyrst í kringum aldamót voru bæirnir 37 og minna heildarmagn af mjólk. Hann leggur af stað klukkan sjö á morgnana og klárar leiðina milli þrjú og fjögur. Losun og þvottur á bílnum í lok dags getur tekið hátt í klukkutíma. Vernharður sér um að þrífa bílinn að utan á meðan starfsmaður í losunarstöðunni sér um að tappa mjólkinni af og þvo tankinn að innan.

*Lokað kerfi alla leið*

Starfið segir Vernharður í stuttu máli felast í því að smala saman mjólk frá bændum „með því vinnulagi sem til þarf svo þetta sé í lagi“. Miklu máli skiptir að gæta að hreinlæti og má segja að mjólkin sé í lokuðu kerfi frá því að hún kemur úr spenanum á kúnni og þangað til hún ratar til neytenda. Þegar Vernharður kemur að bæjunum bakkar hann



Vernharður er alltaf á sínum bíl. Þó svo að vörubílar virðist vera svipaðir geta þeir verið ólíkir í notkun og skiptir máli í erfiðum aðstæðum að þekkja ökutækið.



bílnum að dyrum mjólkurhússins. Þar inni er mjólkurtankur og tengir Vernharður slöngu við hann. Dælurnar á mjólkurbílnum eru öflugar og tekur örfáar mínútur að dæla nokkur þúsund lítrum.

Gætt er að rekjanleika og skráð í hvaða hólf á bílnum mjólkin fer. Dælan á mjólkurbílnum tekur sýni á hverjum bæ og eru þau öll rannsökuð áður en mjólkinni er dælt af bílnum. Ef eitthvað reynist ekki í lagi er hægt að koma í veg fyrir að ónýt mjólk rati í verksmiðju mjólkurbúsins.

### *Mikilvægt að þekkja bílinn*

Eina tilfellið þar sem Vernharður hefur lent í umferðaróhappi á sínum ferli má rekja til þess að hann var á bíl sem var honum ókunnugur og náði hann ekki að bregðast nógu hratt við í erfiðum aðstæðum. „Það getur skipt máli þegar þú lendir í hálku og ófærð að þekkja vel sinn bíl. Þetta er ekki allt eins, þó svo að þetta sé kannski svolítið líkt fyrir mörgum,“ segir hann. Mjólk er sótt alla daga nema sunnudaga og vinna mjólkurbílstjórar oft á laugardögum. Þeir vinna samt jafnmarga daga og aðrir þar sem þeir fá þriggja daga frí með reglubundnum hætti. Til undantekninga heyrir ef ferðir falla niður vegna veðurs og er farið af stað svo lengi sem hægt er að keyra á vegunum.

### *Ætlar að snúast í kringum sjálfan sig*

„Ég er ekki með nein plön,“ segir Vernharður aðspurður um hvað taki við eftir að hann hættir að vinna.

„En ég segi það stundum að ég ætli að fara að snúast í kringum sjálfan mig. Ég er í hestum og svo á ég bústað hérna í Flóanum. Ég hlakka svolítið til og er búinn að gera það í dálítinn tíma. Svo getur verið allt í lagi að skreppa í einhverja vinnu ef manni dettur það í hug og gera eitthvað allt annað.“





Mjólkin er sótt til bænda með reglubundnum hætti. Mjólkurbílstjórinn tengir slöngu við mjólkurtankinn og er afurðin í lokuðu kerfi allan tímann.



Dæling tekur örfáar mínútur.

Á landinu starfa 44 mjólkurbílstjórar við það að sækja mjólk til bænda, allt karlar. Nokkuð hefur fækkað í starfsstéttinni undanfarin ár í samræmi við fækkun kúabúa. Aldursforsetinn meðal mjólkurbílstjóra varð 71 árs í haust. ■



Í lok dags þrífur Vernharður bílinn að utan í góðri aðstöðu í mjólkurbúinu á Selfossi. Magnús Sigursteinsson, starfsmaður Mjólkursamsölunnar, sér um að tappa af mjólkinni og þrífa tankana að innan.





Vandaðar hurðir á frábæru verði. Stuttur afgreiðslufrestur, 6-8 vikur.

Fjölbreytt úrval áreiðanlegra og endingargóðra bílskúrs-, iðnaðar- og geymsluhurða.
Kynntu þér málið og veldu hurðir fyrir gæði sem vinna með þér - á hverjum degi.

Sölurágjafar um land allt

Höfuðborgarsvæðið
Sigurður Svavarsson, Hestamaður
660 3197 / siggi@husa.is

Egill Thorarensen,
660 3140 / egillt@husa.is

Norðurland
Viggó Maríasson
660 3058 / viggo@husa.is

Austurland
Aðalsteinn Hákonarson
766 2929 / adalst@husa.is

Vesturland
Valdimar Ólafsson, Hestamaður og fjárbóndi
660 3199 / valdi@husa.is

Vestfirðir
Slavyan Yordanow
664 3645 / slavyan@husa.is

Suðurland
Haukur Guðni Kristjánsson, Hestamaður
660 3044 / haukurk@husa.is

Suðurnes
Guðmundur Einarsson
660 3178 / gume@husa.is

Þjónusta fyrir þig
Nánari upplýsingar veitir:



Markús Gunnarsson
Viðskiptastjóri Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar
Sími: 664 3638
markus@husa.is

## Sáningartími nokkurra sumarblómategunda

**Febrúar**
Stjúpublóm *Viola x wittrockiana*
Drottningarfífill *Zinnia elegans*
Ljónsmunnur *Antirrhinum majus*
Mánafífill *Gazania x hybrida*
Stjörnuklukka *Campanula poscharskyana*

**Febrúar – Mars**
Brúðarauga *Lobelia erinus*
Frúarhattur *Rudbeckia fulgida var. speciosa*
Meyjarblóm *Clarkia amoena*
Svartauga *Thunbergia alata*

**Mars**
Apablóm *Mimulus cupreus*
Bláhnoða *Ageratum houstonianum*
Brúðarstjarna *Cosmos bipinnatus*
Daggarbrá *Leucanthemum paludosum*
Fiðrildablóm *Nemesia strumosa*
Garðajárnurt *Verbena x hybrid*
Hádegisblóm *Dorotheanthus bellidiformis*
Hengijárnurt *Verbena tenuisecta*
Héraskott *Lagurus ovatus*
Ilmskúfur *Matthiola incana*
Skógarmalva *Malva sylvestris*
Skrautkál *Brassica oleracea var. acephala*
Sólblóm *Helianthus annuus*
Sumarljómi *Phlox drummondii*
Tígurblóm *Mimulus luteus*

**Mars - apríl**
Aftanroðablóm *Lavatera trimestris*
Dalía *Dahlia x hortensis*
Flauelisblóm *Tagetes patula*
Garðakornblóm *Centaurea cyanus*
Klæðisblóm *Tagetes erecta*
Morgunfrú *Calendula officinalis*
Möggubrá *Argyranthemum frutescens*
Paradísarblóm *Schizanthus x wisetonensis*
Skrautnál *Lobularia maritima var. maritima*
Sólbrá *Coleostephus multicaulis*
Skjaldflétta *Tropaeolum majus*
Þorskagin *Linaria maroccana*

**Apríl**
Friggjarbrá *Ismelia carinata*
Njarðarbrá *Xanthophthalmum segetum*
Vinablóm *Nemophila menziesii*





Nú er rétti tíminn til að huga að sáningu sumarblóma. Myndir /sá







### Sáning:

# Fræ í frjóa jörð

## – Hugað að sáningu sumarblóma

**Nú er runninn upp tími sáningar og forræktunar sumarblóma innandyra, það er að segja allnokkurra tegunda en alls ekki allra. Þær tegundir sem fyrst þarf að sá, og ættu í rauninni að vera komnar í mold, eru einkum stjúpa, brúðarauga og ljónsmunnur. Ekki skiptir öllu máli hvort sá á fræjum af sumarblómum, krydd- og matjurtum eða fjölæringum, því aðferðin er í megindráttum sú sama.**

Auðvelt er að sá fyrir eigin sumarblómum. Allt sem þarf er dálítil sáðmold, hreinir sáðbakkar og suðurgluggi/góð birta. Að jafnaði má reikna með sex til tíu vikna þroskunarferli sumarblóma uns þau eru tilbúin. Almennt séð er ágætt að sá frá miðjum mars fram í apríl og halda græðlingum í sem mestri birtu eftir að þeir gægjast upp úr moldinni. Hafa þarf í huga að þvo vel áður notaða bakka og potta sem ætlað er að sá í.

Sáðbakkar þurfa 6-8 cm lag af góðri sáðmold. Líka má nota sáðtöflur. Einnig er hægt að setja venjulega gróðurmold í ílátið og tommuþykkt lag af sáðmold ofan á hana. Fræin spíra í sáðmoldinni og rótin vex síðan niður í gróðurmoldina. Þannig má spara sér að dreifplanta plöntunum í stærri potta um tíma.

Byrja þarf á að vökva moldina fyrir sáningu. Fræjunum er sáldrað jafnt yfir moldina og þess gætt að þau liggi ekki of þétt. Minnstu fræin, þau sem eru eins og sykurkorn eða minni, þarf ekki að hylja með mold, nóg er að þjappa þeim laust niður, önnur fá þunnt lag yfir sig.

Plastlok, eða plastpoka sem opinn er í endann, er gott að hafa yfir bakkanum eftir sáningu, sumir þekja með dagblaði uns græðlingarnir birtast. Góður spírunarhiti er yfirleitt um 18-22 °C en gott að lækka hitann um nokkrar gráður eftir að plönturnar koma upp.

Gætið þess að ekki myndist mygla í moldinni. Gamalt húsráð er að sáldra fínu lagi af kanel yfir sáðmoldina, það getur varnað myglu.

Vökvið vel og sjaldan, moldin á alltaf að vera rök.

Sáðbakkana þarf að hafa í góðri birtu og plastið er tekið af þegar plantan er komin með ca. fjögur laufblöð.

Í kjölfarið er fljótlega unnt að dreifplanta plöntunum í litla potta með góðri gróðurmold. Sé dreifplantað í bakka ættu að vera minnst 5 cm milli plantna. Áfram þarf að hafa plönturnar í góðri birtu.

Gott er að herða plönturnar áður en þær eru settar út. Það er gert með því að setja þær út á daginn þegar orðið er frostlaust og taka inn að kvöldi. Stjúpur, fagurfífill og fjólur þola vel kulda og hægt að setja í útireit með yfirbreiðslu í byrjun apríl. Útplöntun ræðst af tíðarfari en yfirleitt má setja harðgerðustu tegundirnar í beð í lok maí og þær allra viðkvæmustu kringum miðjan júní.

Ungplönturnar þola ekki frost og því getur reynst nauðsynlegt að skýla þeim þar til hætta á næturfrosti er liðin hjá. /sá

LAGERHREINSUN

YALE Linus Snjalllás fyrir ASSA læsingar Silfur – með WiFi brú
Afsláttarverð: 55.812
Fullt verð: 79.732

Lyklaborð fyrir Linus
Afsláttarverð: 10.416
Fullt verð: 14.880

30% afsláttur

YALE Linus Snjalllás fyrir ASSA læsingar Svartur – með WiFi brú
Afsláttarverð: 55.812
Fullt verð: 79.732

YALE Brú f. Linus WiFi
Afsláttarverð: 12.152
Fullt verð: 17.360

YALE Linus Snjalllás fyrir þýskar læsingar Svartur – án WiFi brúar
Afsláttarverð: 39.060
Fullt verð: 55.800

YALE Snjallopnari f. bílskúrshurðaropnara
Afsláttarverð: 25.085
Fullt verð: 35.836

YALE LINUS EINN LÁS MARGIR MÖGULEIKAR

LYKIL LAUSNIR
lykillausnir.is

Skútuvogi 1E
Opið mán.-fim. 8-18, fös. 8-17 og lau. 11-15

VÉLAR & VERKFÆRI





# FORSTEYPTIR STÆÐUVEGGIR

## Gott gróffóður er undirstaða í góðri fóðrun!






### STÆÐA - VERÐDÆMI

**Forsendur** (L:40m/B:15m/H: 2,0m)

- 40 vikna gjafatími
- 60 kúa bú
- með 50 kvígum, 3-24 mánaða
- og 10 törfum

**6.705.000 kr. + vsk.**

Athugið! Miðað við að einingarnar séu komnar heim á hlað hjá kaupanda en miðast þó við að um 150 km sé frá uppskipunarhöfn. Reiknað út m.v. gengi EUR 147,-



**Forsteyptir stæðuveggir frá Bosch Beton endast í kynslóðir og uppfylla allar gæðakröfur.**

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Lyngási 11, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is



# Innleiðing verndandi arfgerða á fljúgandi ferð

**Árið 2024 voru framkvæmdar umfangsmeiri arfgerðargreiningar í sauðfjárrækt en nokkru sinni áður.**


Eyþór Einarsson.

Íslensk erfðagreining framkvæmdi greiningar á nánast öllum sýnum sem tekin voru á síðasta ári. Fyrirtækið á hrós skilið fyrir sína aðkomu en greiningar gengu hratt og vel og óhætt að segja að þetta samstarf sé sauðfjárbændum ákaflega dýrmætt. Þá hefur úthlutun hylkja, móttaka sýna og utanumhald niðurstaðna í Fjárvís tekist með miklum ágætum og má jafnframt þakka þeim fjölmörgu samstarfsmönnum innan RML sem hér hafa lagt hönd á plóg.

### *Umfang arfgerðargreininga tvöfaldaðist á milli ára*

Alls bárust gildar niðurstöður fyrir 72.339 sýni. Til samanburðar, þá voru greind á árinu 2023 rúmlega 35 þúsund sýni. Ef aðeins er rýnt nánar í sýnasafnið frá síðasta ári þá var megnið af sýnunum úr lömbum, enda lögð rík áhersla á að fylgja eftir notkun arfblendinna hrúta með arfgerðargreiningum þannig að til ásetnings veljist þeir gripir sem hreppa góðu genin. Upplýsingar um allar niðurstöður eru varðveittar í Fjárvís.

Rúmlega 98% af niðurstöðunum er tengt við gripi inn í skýrsluhaldskerfinu en það sem upp á vantar er aðallega frá fjáreigendum sem ekki eru í skýrsluhaldi. Í töflu 1 er gerð grein fyrir hvernig sýnin sem skráð eru á gripi skiptast eftir aldri og kyni.



Mynd 1. Hlutfall arfgerðargreindra hrúta og áa, sem skráðir eru lifandi í Fjárvís, eftir sýslum.

| | Hrútar | Gimbrar/Ær |
|---|---|---|
| Fullorðnir gripir | 1.370 | 7.582 |
| Lömb fædd 2024 | 22.230 | 39.870 |

Tafla 1. Skipting sýna sem tekin voru árið 2024, eftir aldri og kyni.

### *Þátttaka í greiningum*

Í Fjárvís eru skráðir 17.725 lifandi hrútar og sauðir. Af þessum hópi eru 53% með þekkta arfgerð. Þetta hlutfall er reyndar nokkuð hærra í yngstu árgöngunum en af hrútum fæddum 2024 eru 64% með greiningu og er hlutfallið svipað fyrir 2023 árganginn. Á meðfylgjandi súluriti (mynd 1) er yfirlit yfir hversu hátt hlutfall hrúta og áa er með arfgerðargreiningu eftir sýslum. Þarna kemur í sjálfu sér ekki á óvart að mest sé um greiningar í þeim héruðum þar sem riðuógnin er mest og er það einnig stefnan samkvæmt landsáætlun um útrýmingu riðu að þar þurfi innleiðingin að ganga greiðast. Það skal þó áréttað að það er geysilega mikill akkur í því fyrir þetta verkefni að allir kynbótahrútar landsins séu arfgerðargreindir og því væri æskilegt að bláu súlurnar á mynd 1 væru enn hærri heilt yfir. Mikilvægið felst ekki eingöngu í því að stuðla að vali fyrir verndandi arfgerðum heldur er einnig fólgin í því leit í stofninum að fleiri nýjum upprunabúum góðra gena. Á síðasta ári kostaði einungis 300 kr. (sem var þá verðið á hylkinu) að arfgerðargreina ásetta hrúta og er stefnan áfram að styðja vel við þær greiningar.

Ef teknir eru saman allir lifandi gripir, hrútar og ær, þá eru 75.621 gripur með greiningu sem er 21% af þeim fjölda sem skráður er á lífi í Fjárvís. Þetta hlutfall var á síðasta ári 15%.



Mynd 2. Samsetning stofnsins (ær og hrútar) út frá arfgerðum lifandi kinda í Fjárvís í ársbyrjun 2025.

### *Hlutfall verndandi og mögulega verndandi arfgerð vex hratt*

Mynd 2 sýnir samsetningu stofnsins í dag út frá arfgerðum og byggir á þeim rúmlega 75 þúsund gripum sem skráðir eru lifandi í Fjárvís og hafa arfgerðargreiningu. Í þessari samantekt eru arfgerðir gripa flokkaðar í 5 flokka, í samræmi við litamerkingar breytileikanna í Fjárvís. Það er V eða verndandi (dökkgrænt flagg)sem eru arfgerðir sem innihalda ARR en mega þó ekki vera arfblendnar á móti VRQ. Þá er það MV eða mögulega verndandi (ljósgrænt flagg), en það eru arfgerðir sem innihalda breytileikana T137, C151 og H154 (AHQ) en þessar arfgerðir mega heldur ekki innihalda VRQ. Þriðji flokkurinn kallast lítið næmar arfgerðir (blátt flagg) en það eru bara arfgerðir sem innihalda N138, arfhreint eða á móti villigerðinni ARQ. Síðan er það villigerðin, ARQ/ARQ sem einnig er þekkt

| | Enginn | 1 til 49% | 50 til 99% | 100% | Fjöldialls |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi búa með V/X hrúta | 787 | 549 | 133 | 21 | **1.490** |
| Fjöldi búa með V/x eða MV/X hrúta | 597 | 580 | 254 | 59 | **1.490** |

Tafla 2. Yfirlit yfir fjölda búa skipt eftir því hve hátt hlutfall hrúta á búunum bera verndandi (V/X) og mögulega verndandi (MV/X ) arfgerðir.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VP HURÐIR
Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

> Samkvæmt Fjárvís eru nú lifandi 2.566 hrútar sem bera hina verndandi arfgerð ARR ...

sem hlutlaus (gult flagg) og að lokum áhættuarfgerðir (rautt flagg), en það eru allar arfgerðir sem innihalda VRQ. Þetta er aðeins ýtarlegri flokkun en landsáætlun um útrýmingu riðu gerir ráð fyrir, en í henni eru arfgerðir bara flokkaðar verndandi, mögulega verndandi eða næmar.

Miðað við sambærilega skoðun á gögnunum fyrir ári síðan lækkar hlutfall villigerðarinnar úr 69% í 54% og V og MV arfgerðirnar aukast úr 19% í 35%. Þetta gefur því til kynna að innleiðingin gangi fremur hratt og vel. Hins vegar verður að taka tillit til þess að greiningarnar koma fyrst og fremst frá búum sem eru að vinna mjög markvisst að innleiðingu og því má reikna með að hlutfall villigerðarinnar í stofninum í heild sé talsvert stærri biti af kökunni ef allur stofninn væri greindur.

***Hrútar með verndandi arfgerð finnast á helmingi búa***

Samkvæmt Fjárvís eru nú lifandi 2.566 hrútar sem bera hina verndandi arfgerð ARR, þar af 55 hrútar sem eru arfhreinir (ARR/ARR). Þá er 291 hrútur sem bera V/MV arfgerðir. Fyrir ári síðan voru aðeins til 667 hrútar sem báru ARR genasamsætuna og hefur því fjöldi þeirra fjórfaldast. Það eru 259 hrútar með MV/MV og 1.554 með MV/N.

Í töflu 2 kemur fram að á um helming búa sem skiluðu skýrsluhaldsgögnum fyrir árið 2024 er að finna hrúta sem bera ARR genasamsætuna, þar af eru á 21 búi 100% hrútanna með ARR genasamsætu (hrútar með a.m.k. eitt dökkgrænt flagg). Ef horft er bæði til verndandi og mögulega verndandi arfgerða þá er um 60% búa sem hafa yfir slíkum hrútum að ráða. Væntanlega leynast síðan fleiri slíkir hrútar á einhverjum búum ógreindir.

***Um næstu skref***

Á næstu dögum verður útlistað hvernig reglur um hvatastyrki verða útfærðar fyrir árið 2025 en áfram mun matvælaráðuneytið styrkja þetta verkefni. Ljóst er að í vor er von á margföldum fjölda lamba sem gætu borið V eða MV arfgerðir miðað við fyrri ár og verður því að velja þau lömb sem á að greina í vor af kostgæfni þannig að greiningar verði gerðar með sem hagkvæmustum hætti.

Óhætt er að segja að innleiðing verndandi arfgerða gangi vel. Það sést bæði á þessum niðurstöðum og eins á mjög góðri þátttöku í sauðfjársæðingum nú fyrr í vetur. Ný reglugerð byggð á landsáætluninni er í burðarliðnum og með tilkomu hennar verður hægt að fylgja innleiðingunni enn betur eftir. Mjög ánægjulegt er að ekki fannst riða í neinu sláturhúsasýni frá síðustu sláturtíð. En vissulega erum við ekki enn komin fyrir vind, þurfum að halda þétt á spöðunum áfram og muna að þetta er sameiginlegt verkefni allra sauðfjárbænda að byggja upp þolinn sauðfjárstofn.

*Höfundur er ráðunautur á búfjárræktarsviði.*






# Hvernig vernda hin Norðurlöndin gömlu kúakynin?



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com



Rauða Vesturkúakynið, hér á mynd, er eitt af sex kúakynjum í Noregi sem nýtur sérstakrar verndar þarlendra stjórnvalda. Mynd / Nationen



Agersø kúakynið, sem hér má sjá, er eitt fimm gamalla kúakynja í Danmörku sem nýtur verndar þarlendra stjórnvalda. Mynd / Oregaard, bevaringscenter



Sænska fjallakúakynið, hér á mynd, er eitt af sex kúakynjum í Svíþjóð sem nýtur sérstakrar verndar þarlendra stjórnvalda. Mynd / Liftarn – Wikipedia.

**Umræða um innflutning á erfðaefni, til þess að efla íslenska mjólkurframleiðslu, hefur nú komið upp á ný í kjölfar skýrslu Landbúnaðarháskólans sem sýndi svart á hvítu að bæta mætti verulega samkeppnishæfni íslenskrar mjólkurframleiðslu með afurðameira kúakyni.**

Samhliða umræðunni hefur einnig komið upp umræða um að vernda þurfi hið íslenska kúakyn enda eitt af fjölmörgum gömlum landkynjum á Norðurlöndunum sem standa eigi vörð um. Í raun blasir það við að gera þarf einhverjar ráðstafanir til að vernda íslenska kúakynið þegar til innflutnings kemur, enda er dagljóst að kynið er óhagkvæmara í rekstri en mörg erlend kúakyn.

Um þetta ætti í raun eiginlega ekki að eyða púðri, enda á það að vera sjálfsagt mál að vernda líffræðilegan fjölbreytileika og er auðvitað að fullu á ábyrgð íslenska ríkisins að sjá um það þar sem Ísland er aðili að alþjóðlegum samþykktum þar að lútandi. Það er því ekki bænda, og ætti ekki að vera áhyggjuefni bænda, að ræða um verndun kynsins heldur aðila á vegum hins opinbera. Það er einmitt þess vegna að hér á landi er starfrækt sérstök nefnd á vegum hins opinbera sem hefur það hlutverk að sjá um þessi mál. Nefndin fylgist náið með þessum málum og sér m.a. um að gera sérstakar áætlanir svo hið opinbera geti staðið við sínar skuldbindingar um verndun á líffræðilegum fjölbreytileika.

### *Hin Norðurlöndin*

Á hinum Norðurlöndunum eru einnig starfandi sambærilegar nefndir og ráð sem hafa svipað hlutverk, þ.e. að sjá um að framfylgja stefnu þarlendra stjórnvalda til þess að viðhalda erfðabreytileikanum í náttúrunni og þar á meðal að viðhalda gömlum kúakynjum hvers lands. Raunar er það svo að á vegum hins norræna samstarfs er til sérstök stofnun, NordGen, þar sem tugir sérfræðinga starfa, sem sérstaklega vinna að því að sinna verndun á erfðaefni á Norðurlöndunum og þar á meðal eru búfjárkyn, nytjaplöntur og skógar.

Líklega kannast margir lesendur Bændablaðsins við umræðu um gömul norsk landkyn, enda íslenska kúakynið einna helst tengt þeim. Það eru þó mun fleiri kúakyn til á Norðurlöndunum og eiga í dag öll það sameiginlegt að vera í verndarflokki hvers lands, þ.e. kynin hafa í raun tapað samkeppnislega séð fyrir afurðameiri kúakynjum en er viðhaldið með sértækum aðgerðum hvers lands. Verður hér því til fróðleiks farið lauslega yfir það hvernig staðið er að þessu á hinum Norðurlöndunum, lesendum Bændablaðsins til fróðleiks.

### *Hvenær þurfa kyn vernd?*

Samkvæmt viðmiði FAO, Alþjóðlegu matvælastofnunarinnar, er til einföld flokkunarregla fyrir kyn og hættu á útrýmingu þess. Þannig er miðað við að ef fjöldi kvendýra fer undir 1.000 og karldýra undir 20 þá er stofninn í hættu. Ef fjöldi kvendýra fer undir 300 og karldýra í 5 eða færri er stofninn í verulegri hættu og hreinlega metinn í útrýmingarhættu ef fjöldi kvendýra fer undir 100. Þessi viðmið eru notuð á hinum Norðurlöndunum til þess að meta hvort og þá hvenær hið opinbera eigi að grípa inn í með sértækum aðgerðum til þess að vernda erfðafjölbreytileikann.

### *Finnland*

Byrjum á Finnlandi en þar eru í dag þrjú gömul kúakyn í verndarflokki. Þessi kyn eru einfaldlega kölluð Finncattle eða finnska nautgripakynið að meginnafni en eru með þrjú undirkyn: Austurkyn, Norðurkyn og Vesturkyn. Þó nokkur munur er á þessum kúakynjum en öll eru þau frekar smágerð, kollótt en þó útlitslega frábrugðin hvert öðru. Þannig er finnska Vesturkynið rautt, Norðurkynið hvítt og Austurkynið bæði rautt og hvítt. Finnar hófu innflutning á öflugri kynjum ætluð mjólkurframleiðslu fyrir mörgum áratugum og þá fóru þessi gömlu landkyn að láta undan, nú er fjöldi kvendýra allra kynjanna kominn niður fyrir 3.000 og kynin öll því komin með verndaráætlun.

Verndunin fer þannig fram að bændur fá sérstakan styrk fyrir hvert hreint kvendýr eða karldýr sem er á skrá og gildir engu hvor um er að ræða eiginlegt kúabú eða einhvers konar annan rekstur, t.d. húsdýragarð svo dæmi sé tekið. Styrkurinn er reyndar mismunandi eftir því um hvaða kyn er að ræða og þar sem flestar kýr eru til á skrá af Vesturkyninu, og það einnig afurðahæst, fá þeir sem eru með slíkar kýr 300 evrur í styrk á ári fyrir hvert dýr á skrá, eða um 44 þúsund krónur. Fyrir hin kynin tvö fá skráðir eigendur aftur á móti tvöfalt hærri upphæð fyrir hvert skráð dýr enda færri til af þeim og þau síður heppileg til mjólkurframleiðslu.

Auk þess að greiða eigendum gripa styrki þá á finnska ríkið miklar birgðir af bæði sæði ótal nauta og fósturvísum í djúpfrystum, sem hægt er að draga fram ef á þarf að halda.

### *Danmörk*

Þó svo að það heyrist ekki mikið um gömlu dönsku landkynin nú orðið þá eru þau til þar í landi og eru fimm kúakyn í sérstökum verndarflokki þar. Það sem er e.t.v. merkilegast við stöðuna í Danmörku er að þar eru hin þekktu SDM og RDM kúakyn í verndarflokki! SDM, Svartskjöldóttar danskar kýr og RDM, Rauða danska mjólkurkúakynið, eru til víða í dag en kynin sem njóta verndar eru skilgreind sem „árgerð 1965“ (SDM) og „árgerð 1970“ (RDM), þ.e. áður en bændur kynbættu þessi gömlu landkyn með erfðaefni erlendis frá. Auk hinna eldri árgerða af SDM og RDM eru önnur kyn: Jóska kúakynið, Danska stutthornskynið og svokallað Agersø kúakyn.

Verndun þessara fimm gömlu kúakynja fer þannig fram að hið opinbera borgar VikingDanmark fyrir að varðveita erfðaefni í djúpfrysti og viðhalda erfðaefni ef á þarf að halda þ.e. með því að taka naut inn á stöð til sæðistöku. Þá greiðir hið opinbera fyrir varðveislu á fósturvísum og eggfrumum í djúpfrystum VikingDanmark. Þess utan fá eigendur skráðra gripa styrki frá danska ríkinu ef þeir sækja um styrkina. Í Danmörku þurfa sem sagt eigendur búfjár, sem talið er að þurfi að vernda, að sækja um styrki og er ekki nóg að eiga kýr eða naut heldur þarf einnig að sýna fram á að kýrnar hafi verið sæddar og að það hafi verið gert með sæði sem samþykkt er til notkunar í viðkomandi kyni. Alls gátu eigendur gripa í verndarflokki fengið styrki upp á 1.725 danskar krónur, eða um 34 þúsund krónur, á hvert kvendýr og 3.000 danskar krónur, um 59 þúsund, fyrir hvert skráð karldýr.

### *Svíþjóð*

Í Svíþjóð eru í dag sex gömul kúakyn sem eru skilgreind sem kyn í verndarflokki. Þessi kyn eru Sænskar fjallakýr, Rauðar kollóttar, Väne kynið (kennt við samnefndan bæ), Ringamåla kynið (kennt við samnefndan bæ), Bohus kynið (kennt við Bohuslän) og Sænska láglendskynið. Líkt og í hinum löndunum sem hér að framan greinir frá borgar hið opinbera styrki til eigenda kven- og karldýra þessara kynja og auk þess sér hið opinbera um að viðhalda erfðaefni í djúpfrystum. Sænska kerfið er þó aðeins frábrugðið kerfunum í Danmörku og Finnlandi að því leyti að eigendur fá jafnmikið greitt fyrir gripinn óháð kyni en alls eru greiddar 2.000 sænskar krónur á hvert lífdýr eldra en 6 mánaða, eða um 26 þúsund íslenskar krónur.

### *Noregur*

Í Noregi eru sjö gömul kúakyn sem eru í verndarflokki og er viðhaldið með sértækum aðgerðum. Þetta eru kynin Svartsíðóttar Þrænda- og Norðlandskýr, Þelamerkurkynið, Jarlsbergkynið, Dalakynið, Rauða Vesturkynið, Rauða Austurkynið og Vestfjarðakynið. Þessum gömlu kynjum er viðhaldið með bæði opinberum styrkjum beint til bænda og með því að greiða fyrir varðveislu og viðhald erfðaefnis með bæði djúpfrystingu á sæði og fósturvísum auk þess sem naut eru tekin inn á sæðingastöð eftir þörfum. Styrkirnir sem eigendur gripa geta fengið í Noregi eru 3.000 norskar krónur á hvern skráðan grip, eða um 38 þúsund íslenskar krónur.

*Munnlegar heimildir:*
*Seppo Niskanen, VikingGenetics í Finnlandi*
*Thure Bjerketorp, VÄXA í Svíþjóð*
*Kristin Malonæs, GENO í Noregi*
*Lars Kloster, VikingLivestock í Danmörku*





Degi eftir lokun skurðar við endurheimt mýrar og sama svæði ári seinna.

# Hér er skurður um skurð frá mýri til mýrar

**Þrettán ára hóf ég mína vegferð í umhverfismálum þegar grunnskólinn minn sótti um að verða Grænfánaskóli.**

Þegar það tókst hlógum við að birkihríslunni sem við fengum við afhendingarathöfnina því í Staðarsveit vaxa tré varla og þá lárétt ef það gerist. Nú er ég orðin 36 ára og er orðin afar langþreytt á umræðunni um loftslags- og umhverfismál og alls ekki ein um það. En þá er til ráð og það er að hugsa eins og frú Vigdís Finnbogadóttir, landið er menning og menning er landið! En landið hefur mannfólkið því miður skemmt og sér ekki fyrir endann á því. Þess vegna þarf að huga betur að landinu, vernda og endurheimta.

Nú er ég svo óheppin að þykja óhemju vænt um mýrar enda alin upp á jörð sem er nær öll hundblaut með stöðuvötnum, mýrum, sjó og lækjum. En þvílíkt líf sem því fylgir enda er ekkert líf án vatns. Mýrin er þó ekki ósnortin, mörg ævintýrin má finna ofan í skurðum. En þá er ég orðin enn óheppnari því mér þykir líka vænt um skurði og finnst þeir heillandi. Mig langar í þessum pistli að varpa hér fram hugmynd að flokkun skurða því rétt eins og mýrar eru þeir jafn misjafnir og þeir eru margir. En flokkun mín byggist á vísan í upprunalegt hlutverk þeirra:

- **Ræktunarskurðir** – grafnir til að rækta land til matvælaframleiðslu
- **Landamerkjaskurðir** – grafnir til þess að merkja landamerki
- **Farvegaskurðir** – grafnir til að breyta ár- og lækjarfarvegum
- **Vegaskurðir** – grafnir til að þurrka upp vegstæði
- **Beitilandsskurðir** – grafnir í úthaga til að bæta beitiland

Með þessari flokkun er orðið augljóst að markmið endurheimtar mýra hlýtur að vera flóknara en svo að við mokum ofan í skurði eingöngu til að stöðva losun kolefnis. Grunnforsenda er, jú, að hækka grunnvatnsstöðu því hlutverk skurða var að lækka hana. En önnur veigamikil markmið hafa fengið lítinn hljómgrunn undanfarið sem rétt er að rifja upp:

- **Endurheimt fuglalífs**
Dæmi: Hærri vatnsstaða heldur jarðveginum mjúkum og rökum sem er mikilvægt fyrir þá fugla sem stinga nefinu niður í jörðina í fæðuleit.

- **Endurheimt fiskalífs**
Dæmi: Með því að fjarlægja manngerða þröskulda, loka skurðum og færa vatn aftur í þurrkaða lækjarfarvegi má endurheimta mikilvæg hrygningar- og uppeldissvæði ferskvatnsfiska og ála.

- **Endurheimt landslags**
Dæmi: Þegar ruðningar við skurði eru settir ofan í þá opnast landslagið á ný og verður líkara því sem var fyrir framræslu.

Hjá Landi og skógi er hægt að sækja um styrki til endurheimtar votlendis sem m.a. felst í að sérfræðingar okkar leggja til þá faglegu vinnu sem er þörf fyrir árangursríka endurheimt, ráða og leiðbeina verktaka og er allur framkvæmdarkostnaður greiddur. Samningurinn gildir í um 20 ár og takmarkar ekki rétt eða nýtingu landeiganda á sínu landi nema að því leyti að ekki má lækka vatnsstöðuna á ný.

Fyrir frekari upplýsingar má hafa samband við Iðunni Hauksdóttur hjá Landi og skógi eða senda póst á votlendi@landogskogur.is.

*Iðunn Hauksdóttir, sérfræðingur hjá Landi og skógi.*







Er rafmagnsleysi vandamál?

Alltaf öruggt rafmagn með BLUETTI vara- orkukerfinu

Dæmi um vandamál vegna rafmagnsleysis:




Fyrir heimili, sumarbústaði, fyrirtæki og útihús

Bluetti vara-orkukerfið tekur við á sekúndubroti í rafmagnsleysi og tryggir að ekki verði rof á rafmagni á hverju því sem mestu máli skiptir. Einfalt og ódýrt í uppsetningu og rekstri. Hægt að hlaða frá raforkukerfinu og sóla- og vindorku. Allt að 150Kw - þriggja fasa kerfi fáanlegt sem tryggir rafmagn sólarhringum saman.

BLUETTI




Bluetti á Íslandi: JH Vinnustofa - 680 6000 - www.bluetti.is - jax@jax.is



| Eigandi | Býli | Fjöldi kinda | Fædd lömb | Til nytja | Kg eftir fullorðna kind |
|---|---|---|---|---|---|
| **1** Eiríkur Jónsson | Gýgjarhólskoti, Biskupst. | 266 | 2,08 | 1,79 | 44,8 |
| **2** Kjartan Sveinsson | Bræðratungu, Biskupst. | 223 | 1,91 | 1,81 | 43,2 |
| **3** Gunnar, Gréta, Jóhannes og Stella | Efri-Fitjum, Fitjárdal | 811 | 2,08 | 1,95 | 42,8 |
| **4** Elín Heiða Valsdóttir | Úthlíð, Skaftártungu | 331 | 2,21 | 1,95 | 41,7 |
| **5** Oddný Steina og Ágúst | Butru, Fljótshlíð | 396 | 2,19 | 1,98 | 41,6 |
| **6** Alina og Magnús | Kópsvatni, Hrunam.hrepp | 137 | 2,09 | 1,80 | 40,9 |
| **7** Teigur 1 sf. | Teigi 1, Fljótshlíð | 577 | 2,15 | 1,92 | 40,3 |
| **8** Viðar og Sigríður | Kaldbak, Rangárvöllum | 134 | 2,10 | 1,90 | 40,0 |
| **9** Hrísvellir ehf. | Hríshóli, Eyjafjarðarsveit | 263 | 2,08 | 1,86 | 40,0 |
| **10** Byggðaból ehf. | Kálfafelli, Fljótshverfi | 222 | 2,14 | 1,86 | 39,8 |
| **11** Bergþóra og Sigurbjörn | Kiðafelli, Kjós | 147 | 1,88 | 1,66 | 39,6 |
| **12** Jón og Hrefna | Hóli, Sæmundarhlíð | 209 | 2,12 | 1,97 | 39,5 |
| **13** Jóhannes og Ólöf Björg | Heiðarbæ 1, Þingvallasveit | 392 | 2,12 | 1,88 | 39,5 |
| **14** Inga Ragnheiður Magnúsdóttir | Svínafelli 3 (Bölti), Öræfum | 199 | 1,97 | 1,79 | 39,3 |
| **15** Hrepphólar ehf. | Hrepphólum, Hrunam.hrepp | 301 | 1,87 | 1,75 | 38,9 |
| **16** Bryndís og Þórður | Geirmundarstöðum, Skarðsströnd | 307 | 2,16 | 1,97 | 38,9 |

**1. tafla. Efstu bú landsins samkvæmt afurðum eftir hverja fullorðna á. Einungis bú með 100 eða fleiri vetrafóðraðar ær.**

| Eigandi | Býli | Fjöldi fullorðnar | Afurðir eftir allar ær | Nytjahlutfall |
|---|---|---|---|---|
| 1 Egill A Freysteinsson | Vagnbrekku, Mývatnssveit | 104 | 28,8 | 97,6% |
| 2 Valur Guðmundsson | Fremri-Hlíð, Vopnafirði | 112 | 29,4 | 96,9% |
| 3 Bernharð og Eyrún | Ærlækjarseli 1, Öxarfirði | 113 | 29,3 | 95,6% |
| 4 Mýri Bárðardal ehf. | Mýri, Bárðardal | 123 | 34,1 | 95,3% |
| 5 Sverrir Friðriksson | Brekku, Eyjafjarðarsveit | 136 | 29,5 | 95,2% |
| 6 Eyjólfur og Lóa | Ásgarði, Hvammssveit | 312 | 32,9 | 94,7% |
| 7 Þerna ehf. | Þernunesi, Reyðarfirði | 336 | 31,9 | 94,7% |
| 8 Monika og Halldór | Rauðbarðaholti, Hvammssveit | 255 | 29,8 | 94,5% |
| 9 Kjartan og Sigrún | Teigasel 1, Jökuldal | 300 | 29,9 | 94,4% |
| 10 Sigríður Auðna G. Hjarðar | Hjarðargrund, Jökuldal | 113 | 28,2 | 94,3% |
| 11 Andrés Björnsson | Gilsárvöllum 1, Borgarfirði eystri | 317 | 28,3 | 93,9% |
| 12 Freysteinn Traustason | Hverhólum, Lýtingsstaðahrepp | 105 | 30,1 | 93,8% |
| 13 Sveinn Hallgrímsson | Skálanesi, Reykhólasveit | 226 | 34,6 | 93,7% |
| 14 Stefán Hrafn Jónsson | Hnefilsdal, Jökuldal | 275 | 29,5 | 93,7% |
| 15 Magni Þórarinn Ragnarsson | Brennistöðum, Eiðaþinghá | 305 | 29,3 | 93,4% |
| 16 Björn Grétar og Harpa | Ytra-Vallholti, Vallhólmi | 530 | 29,5 | 93,1% |

**2. tafla. Efstu bú landsins raðað eftir nytjahlutfalli bús. Bú með 100 eða fleiri vetrarfóðraðar ær og meira en 28 kg eftir hverja kind búsins.**

| Eigandi | Býli | Fjöldi áa | Fjöldi vg áa | Kg eftir allar ær | Nytjahlutfall |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 Eiríkur Jónsson | Gýgjarhólskoti, Biskupst. | 266 | 80 | 40,6 | 83,4% |
| 2 Kjartan Sveinsson | Bræðratungu, Biskupst. | 223 | 42 | 40,3 | 91,6% |
| 3 Oddný Steina og Ágúst | Butru, Fljótshlíð | 396 | 88 | 38,6 | 88,8% |
| 4 Gunnar, Gréta, Jóhannes og Stella | Efri-Fitjum, Fitjárdal | 811 | 235 | 38,3 | 89,5% |
| 5 Inga Ragnheiður Magnúsdóttir | Svínafelli 3 (Bölti), Öræfum | 199 | 25 | 37,8 | 89,9% |
| 6 Elín Heiða Valsdóttir | Úthlíð, Skaftártungu | 331 | 83 | 37,4 | 85,1% |
| 7 Viðar og Sigríður | Kaldbak, Rangárvöllum | 134 | 29 | 37,3 | 89,0% |
| 8 Alina og Magnús | Kópsvatni, Hrunam.hrepp | 137 | 31 | 36,7 | 84,6% |
| 9 Teigur 1 sf | Teigi 1, Fljótshlíð | 577 | 147 | 36,6 | 86,6% |
| 10 Byggðaból ehf | Kálfafelli, Fljótshverfi | 222 | 51 | 36,4 | 86,6% |
| 11 Jón og Hrefna | Hóli, Sæmundarhlíð | 209 | 57 | 36,1 | 89,3% |
| 12 Björn og Badda | Melum 1, Árneshreppi | 297 | 52 | 35,9 | 90,6% |
| 13 Bryndís og Þórður | Geirm.stöðum, Skarðsströnd | 307 | 56 | 35,7 | 88,6% |
| 14 Hrepphólar ehf. | Hrepphólum, Hrunam.hrepp | 301 | 79 | 35,7 | 89,8% |
| 15 Þórður og Birgitta | Möðruvöllum 2, Hörgárdal | 105 | 21 | 35,2 | 85,7% |
| 16 Böðvar Sigvaldi og Ólöf | Mýrum 2, Hrútafirði | 540 | 125 | 35,0 | 87,8% |
| 17 Jóhannes og Ólöf Björg | Heiðarbæ 1, Þingvallasveit | 392 | 108 | 34,8 | 85,0% |
| 18 Ása Berglind Böðvarsdóttir | Mýrum, Hrútafirði | 274 | 64 | 34,8 | 90,5% |
| 19 Bergþóra og Sigurbjörn | Kiðafelli, Kjós | 147 | 48 | 34,7 | 86,0% |
| 20 Sveinn Hallgrímsson | Skálanesi, Reykhólasveit | 226 | 34 | 34,6 | 93,7% |

**3. tafla. Efstu bú landsins samkvæmt afurðum eftir allar ær (veturgamlar og fullorðnar). Bú með 100 eða fleiri vetrarfóðraðar kindur.**




**1. mynd. Reiknaðar afurðir (kg/kg) eftir landsvæðum síðustu ár.**

# Krefjandi tíðarfar fyrir bændur

## – Helstu niðurstöðutölur sauðfjárskýrsluhaldsins árið 2024

**Uppgjöri á skýrslum fjárræktarfélaganna fyrir árið 2024 er að mestu lokið og þau bú sem enn eiga eftir að ljúka uppgjöri eru hvött til að ljúka því við fyrsta tækifæri.**



**Eyjólfur Ingvi Bjarnason.**

Afurðir eftir hverja fullorðna kind voru 28,4 kg sem eru minni afurðir en undanfarin ár, en telst samt sem áður góður árangur í ljósi þeirra áskorana sem bændur landsins bjuggu við á síðasta ári. Áhrif af hretinu í fyrstu viku júní sjást greinilega í mörgum héruðum sem færri kíló eftir hverja kind en samt ekkert langt frá meðalafurðum síðustu 10 ára. Þó þarf að hafa í huga að fé hefur fækkað mikið síðustu ár sem hefur einhver áhrif á samanburð milli ára. Hlutfallslega hefur fækkun sauðfjár verið minnst í Austur-Húnavatnssýslu en mest á Vestfjörðum og í Vestur-Skaftafellssýslu.

Þegar þetta er skrifað er búið að skila skýrsluhaldi fyrir 264.245 fullorðnar ær og 59.806 veturgamlar, eða tæplega 96% af öllu sauðfé í landinu, sem er líklega mesta þátttaka í sameiginlegu skýrsluhaldi á heimsvísu. Skýrsluhaldið er eitt af þeim verkfærum sem hver bóndi nýtir í ákvarðanatöku í sínum búrekstri og á þannig þátt í auknum afurðum á hvern grip á síðustu 20 árum, ef skoðaðar eru tölur um innlagt magn dilkakjöts og fjölda kinda í landinu.

### *Afurðir árið 2024*

Reiknaðar afurðir eftir hverja kind voru 28,4 kg árið 2024. Mestu afurðir í einu héraði voru í Vestur-Húnavatnssýslu, eða 30,7 kíló. Fædd lömb á hverja kind voru 1,85 vorið 2024 og hefur farið lítillega fjölgandi en helsta ástæða þess er aukinn fjöldi kinda sem eignast þrjú lömb eða fleiri. Fer það hlutfall í fyrsta skipti yfir 10% á landinu öllu en er eftir sem áður hæst í Vestur-Húnavatnssýslu 1,91 lömb, þar sem 13% ánna eru fleirlembur, en hlutfall geldra kinda er einnig nokkuð undir landsmeðaltali. Af þeim rúmlega 850 búum sem hafa fleiri en 100 fullorðnar ær eru 120 bú með 2 lömb fædd eða fleiri eftir hverja kind. Í þremur fjárræktarfélögum eru 2 lömb eða fleiri fædd að jafnaði, í fjárræktarfélagi Skefilsstaðahrepps, Skagafirði, Reykjahreppi, S-Þingeyjarsýslu og Hvammshrepps í V-Skaftafellssýslu.

Á meðfylgjandi mynd má sjá afurðir síðustu tveggja ára (2024 rauð súla, 2023 græn súla) sýndar eftir sýslum ásamt meðaltali síðustu 10 ára (blá súla) í viðkomandi héraði. Alls náðu 9 bú með fleiri en 100 kindur því að vera með meira en 40 kg eftir hverja fullorðna kind og sífellt fleiri bú bætast í hóp afurðahárra búa. Tvö bú ná meira en 40 kg eftir allar kindur búsins, þ.e. vegið meðaltal fullorðinna kinda og veturgamalla. En það eru Gýgjarhólskot og Bræðratunga í Biskupstungum.

Afurðir eftir veturgömlu ærnar eru góðar og eru 12,3 kíló en þessar afurðir hafa aukist jafnt og þétt undanfarin ár sem er til marks um bætta umhirðu og fóðrun gemlinga. Líklega eru samt mest tækifæri til afurðaaukningar

| Eigandi | Býli | Fjöldi sláturlamba | Fallþungi | Gerð | Fita | Vaxtarhraði gr/dag | Sláturaldur (dagar) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 Sigurfinnur Bjarkarsson | Brattsholti, Árborg | 121 | 19,7 | 12,71 | 8,36 | 132 | 150 |
| 2 Gunnar, Gréta, Jóhannes og Stella | Efri-Fitjum, Fitjárdal | 1505 | 20,7 | 12,57 | 7,59 | 151 | 139 |
| 3 Árni Þór Baldursson | Odda, Bjarnarfirði | 110 | 22,0 | 12,47 | 7,99 | 159 | 138 |
| 4 Ágúst Ingi Ketilsson | Brúnastöðum, Flóa | 168 | 20,3 | 12,46 | 7,51 | 137 | 149 |
| 5 Þórður Jónsson | Árbæ, Reykhólasveit | 100 | 19,4 | 12,32 | 7,71 | 132 | 148 |
| 6 Björn og Badda | Melum 1, Árneshrepp | 461 | 19,7 | 12,28 | 7,08 | 159 | 124 |
| 7 Hjarðarfellsbúið sf. | Hjarðarfelli, Eyja- og Miklaholtshrepp | 129 | 19,6 | 12,28 | 6,67 | 131 | 152 |
| 8 Guðlaugur Ingólfur Benediktsson | Árnesi 2, Árneshrepp | 267 | 19,9 | 12,16 | 7,59 | 157 | 127 |
| 9 Kjartan Sveinsson | Bræðratungu, Biskupstungum | 376 | 23,2 | 12,09 | 8,36 | 139 | 168 |
| 10 Böðvar Sigvaldi og Ólöf | Mýrum 2, Hrútafirði | 856 | 20,1 | 12,09 | 7,54 | 142 | 143 |
| 11 Ása Berglind Böðvarsdóttir | Mýrum 1, Hrútafirði | 464 | 20,1 | 12,09 | 7,73 | 141 | 144 |
| 12 Bjarni Bjarnason | Brekku, Lóni | 216 | 18,3 | 12,06 | 7,14 | 118 | 155 |
| 13 Hjalti Sigurðsson | Hreiðri, Holtum | 134 | 21,6 | 12,05 | 8,14 | 145 | 150 |
| 14 Þórdís og Tyrfingur | Meiri-Tungu 4, Holtum | 246 | 20,7 | 12,00 | 7,95 | 136 | 154 |
| 15 Haukur og Randi | Skáney, Reykholtsdal | 117 | 19,0 | 12,00 | 6,78 | 132 | 145 |
| 16 Guðbjörg og Sigurður Oddur | Oddsstöðum, Lundarreykjardal | 248 | 18,3 | 11,98 | 6,71 | 126 | 147 |
| 17 Fjárbúið Hjarðarfelli 2 | Hjarðarfelli, Eyja- og Miklaholtshrepp | 434 | 19,3 | 11,91 | 7,28 | 131 | 148 |
| 18 Ragnar og Sigríður | Heydalsá 1, Tungusveit | 886 | 19,1 | 11,89 | 7,14 | 136 | 141 |
| 19 Sigurður Rúnar Sigurðarson | Vetleifsholti, Ásahrepp | 152 | 19,6 | 11,87 | 7,64 | 140 | 141 |
| 20 Viðar og Sigríður | Kaldbak, Rangárvöllum | 223 | 20,9 | 11,85 | 7,40 | 150 | 140 |
| 21 Gaularbúið ehf. | Gaul, Staðarsveit | 247 | 18,8 | 11,84 | 6,38 | 130 | 147 |
| 22 Davíð og Sigrún | Litlu-Ávík, Árneshrepp | 160 | 19,4 | 11,84 | 7,13 | 151 | 128 |
| 23 Birgir Baldursson | Bæ 1, Miðdölum | 143 | 18,2 | 11,80 | 7,45 | 132 | 139 |
| 24 Ágústína og Halldór | Hjartarstöðum, Eiðaþinghá | 180 | 19,5 | 11,78 | 7,68 | 140 | 140 |
| 25 Teigur 1 sf. | Teigi 1, Fljótshlíð | 1063 | 20,4 | 11,76 | 7,17 | 138 | 149 |

**4. tafla. Efstu bú landsins samkvæmt einkunn fyrir holdfyllingu sláturlamba (gerð) þar sem fjöldi sláturlamba eru 100 eða fleiri.**

hjá sauðfé í þessum hópi en mjög skiptar skoðanir eru meðal bænda um hversu mikla afurðakröfu á að gera á veturgamlar ær en of víða er ekki hleypt til gemlinga en það hlutfall er 10,6% á landsvísu en hefur farið heldur lækkandi. Í Vestur-Húnavatnssýslu er þetta hlutfall 1,7% enda eru reiknaðar afurðir eftir hverja veturgamla kind mestar á landinu þar, eða 15,5 kg á hverja kind. Tíðarfar virðist þó hafa verið sérstaklega hagfellt sauðfé víða sunnanlands sumarið 2024 því þar er vænleiki víða umtalsvert meiri en árin á undan. Ef heildarafurðir eftir bæði fullorðnar og veturgamlar kindur eru skoðaðar stendur V-Skaftafellssýsla á toppnum með 27,5 kg eftir hverja kind en Strandamenn og Vestur-Húnvetningar eru þar skammt að baki. Á þessum þremur svæðum er hver kind með rúmlega 2 kg meira í reiknaðar afurðir en meðalkindin í landinu. Minnstar eru afurðir eftir hverja kind í Austur-Húnavatnssýslu og Skagafirði en þar lék tíðarfarið bændur hvað verst þó þar hafi menn unnið ákveðinn varnarsigur í því að fást við öfgakennt tíðarfar.

### *Efstu búin*

Rúmlega 860 bú með fleiri en 100 fullorðnar kindur hafa skilað uppgjöri. Í 1. töflu er þeim raðað eftir afurðum eftir hverja kind. Líkt og undanfarin ár er bú Eiríks Jónssonar í Gýgjarhólskoti í Biskupstungum efst með 44,8 kg eftir fullorðna kind. Næst í röðinni er bú Kjartans Sveinssonar í Bræðratungu sem einnig er í Biskupstungum með 43,2 kg eftir hverja kind og búið að Efri-Fitjum í Fitjárdal er í þriðja sæti með 42,8 kg eftir hverja kind.

Sífellt fleiri bú eru að ná auknum afurðum og sem dæmi má nefna að árið 2024 voru 56 bú með meira en 35 kg eftir hverja fullorðna kind en árið 2010 náðu einungis 12 bú þeim árangri.

### *Frjósemi og lömb til nytja*

Afurðir eftir hverja á byggja á fjölda lamba til nytja og fallþunga lambanna og má kannski ekki taka sem algildum mælikvarða á útkomu sauðfjárbúa, þar sem þættir í framleiðslukerfinu eða aðstæður á milli búa geta verið mismunandi. Uppbygging á verðskrám hefur undanfarin ár verið með innbyggðum hvata til þess að slátra lömbunum fyrr á haustin og fá álag greitt á lömb í ákveðnum sláturvikum. Það sem mestu skiptir er að fá sem flest lömb til nytja að hausti. Nytjahlutfall er hlutfall þeirra lamba sem koma til nytja að hausti af þeim lömbum sem fædd eru að vori. Þarna er mikill breytileiki milli búa en í 2. töflu eru upplýsingar um þau bú sem hafa hæsta nytjahlutfall og skila meiru en 29 kg eftir allar ær búsins.

### *Afurðir eftir allar ær búsins*

Nú er í þriðja sinn birtur listi yfir mestar afurðir eftir allar fullorðnar og veturgamlar ær á búinu. Röðun búanna er keimlík og miðað við listana fyrir fullorðnar ær en þó er alltaf einhver hreyfing sem er vísbending um að veturgömlu ærnar hafi staðið sig mjög vel. Jafnframt er rétt að hafa það í huga þegar þessi listi er skoðaður hvert hlutfall veturgömlu ánna er af heildarfjölda. Þessi listi sýnir líka hve mikilli framleiðslu er hægt að ná ef tækifærin eru nýtt eins og kostur er og íslenska fjárkynið á mun meira inni þegar kemur að afurðum veturgamalla kinda þegar kemur að fóðrun og umhirðu þeirra á fyrsta ári.

### *Listi yfir bú sem ná góðum árangri (úrvalsbú)*

Í nokkur ár hefur verið birtur listi á heimasíðu RML yfir bú sem náð hafa mjög góðum árangri með sína hjörð að teknu tilliti til margra þátta. Þessar viðmiðanir hafa verið í mótun og tekið breytingum í gegnum árin. Það er eðlilegt að svona viðmiðanir taki nokkuð örum breytingum í takt við vonandi almennt betri árangur hjá fleirum. Engar breytingar eru þó á uppsetningu listans milli áranna 2023 og 2024. Listann má finna á heimasíðu RML ásamt öllum öðrum niðurstöðum skýrsluhaldsins fyrir árið 2024, meðal annars umfjöllun um afkvæmarannsóknir, lista yfir mestu bakvöðvaþykkt gimbra og lista yfir afurðir einstakra fjárræktarfélaga.

### *Niðurstöður fyrir flokkun sláturlamba*

Í skýrslum fjárræktarfélaganna fyrir framleiðsluárið 2024 eru upplýsingar um 386.931 dilk. Meðalfallþungi þeirra var 17,4 kg, einkunn fyrir holdfyllingu 9,50 og einkunn fyrir fitu 6,55, sem er örlítil lækkun milli ára. Miðað við 100 sláturlömb eða fleiri eru það 33 bú sem ná þeim frábæra árangri að holdfyllingareinkunn sláturlambanna sé 11,5 eða hærri. Árið 2021 voru þau 17 þannig að sífellt fleiri bú eru að skora hærra í holdfyllingarmati sláturlamba. Hæst gerðarmat var hjá Sigurfinni Bjarkarsyni í Brattholti í Árborg líkt og fyrir ári síðan, en 121 dilkur frá honum var að meðaltali með einkunnina 12,71.

### *Að lokum*

Árið 2024 var prófsteinn á íslenska sauðfjárbændur – móðir náttúra minnti rækilega á sig og sumarið brást með öfgakenndu tíðarfari mjög víða. En sauðfjárbændur sýndu mikla aðlögunarhæfni og sinntu sínum verkefnum af kostgæfni. Niðurstöður skýrsluhaldsins fyrir árið 2024 staðfesta það.

*Höfundur er ráðunautur í sauðfjárrækt.*










**Pistill formanns**

# Að vera eða vera ekki ...

**... jurtaostur er af illskiljanlegum ástæðum orðin áleitin spurning** þessa dagana. Reyndar ekki í einu frægasta leikhúsverki listasögunnar heldur að því er virðist öllu heldur í leikhúsi fáránleikans. Ég viðurkenni að vangavelturnar eru mér framandi. Og ég vona að í þessum efnum og öðrum álíka mundu línur skýrast þannig að arftakar mínir í formennsku fyrir Bændasamtök Íslands þurfi ekki að verja drjúgum tíma í deilur af þessu tagi. Til þess er tími þeirra alltof dýrmætur. Það lítur hins vegar því miður út fyrir að ég geti ekki vikið mér undan því að taka slaginn enda þótt seinþreyttur sé til vandræða.

> Breytir þar engu að á öllum dómstigum íslenska réttarríkisins hafi verið úrskurðað að mjólk sé mjólk en ekki jurtir ...

**Fyrir samtök atvinnurekenda og skjólstæðinga þeirra virðist engu breyta** að á öllum dómstigum íslenska réttarríkisins hafi verið úrskurðað að mjólk sé mjólk en ekki jurtir. Nú síðast kvað Héraðsdómur Reykjavíkur upp þann úrskurð sinn í þessari viku eftir að þráhyggju íslenskra heildsala hafði tekist að koma málatilbúnaði sínum aftur á byrjunarreit íslenska dómskerfisins.

**Það lyktar af upplýsingaóreiðu** og flokkast jafnvel undir falsfréttir þegar talað er um að bændur séu að vernda sérhagsmuni sína þegar þeir leggist gegn því að ostum sé nánast smyglað inn í landið fram hjá íslenskri tollalöggjöf. Það er að minnsta kosti auðvelt að styðja það rökum að framtíð íslenska landbúnaðarins snúist ekki um sérhagsmuni bænda heldur almannahag.

**Vel kann að vera að fréttir af þessu tagi geti slegið ryki í augu einhverra** á alþingi götunnar. Það er hins vegar gríðarlega mikilvægt að blekkingarnar nái ekki inn í dómsalina né sali Alþingis Íslendinga. Þar þurfa menn að standa í lappirnar, þekkja rétt frá röngu og skilja hismið frá kjarnanum. Til þess eru þeir skipaðir og kjörnir.

**Í mínum huga er einhver illskiljanleg íslensk minnimáttarkennd** í því fólgin að samþykkja það að 85% mjólkurostur geti flokkast sem jurtaostur af þeirri ástæðu einni að um slíkt hafi tekist einhvers konar samningar innan Evrópusambandsins, við samningaborð sem við eigum reyndar ekki beina aðild að. Og það er líka einhver óskiljanleg minnimáttarkennd fólgin í afneitun þess að íslenskur landbúnaður sé svo agnarsmár í alþjóðlegri samkeppni sinni að hann þurfi að nýta hvert einasta tækifæri sitt til hagræðingar.

**Við keppum nefnilega ekki bara við alls kyns innflutning** á auglýsum landbúnaðarvörum. Við keppum líka við gríðarlegt magn „falinna landbúnaðarvara" í t.d. frosnum pitsum og öðrum tilbúnum réttum. Og svo keppir landbúnaðurinn við stöðugt fjölbreyttara framboð á alls kyns matvöru alls staðar að úr heiminum og um leið neyslumynstur heimilanna sem hefur tekið svo hröðum breytingum á undanförnum áratugum að líkja má við stökkbreytingar. Sú „nútímavæðing" er að sjálfsögðu af hinu góða en hún má sín hins vegar lítils þegar komið er að áhyggjuefnum á borð við fæðuöryggi þjóðarinnar ef hún einangrast frá umheiminum af einhverjum ástæðum.

**Kannski væri ákveðin „upplýsingaóreiða" jafnvel betri en þögnin** sem mér finnst ríkja um þetta mikilvæga mál. Það er eins og enginn nenni almennilega að tala um hvar við stöndum ef reyna mun á sjálfbærni þjóðarinnar til fæðuöflunar til lengri eða skemmri tíma. Engum getur samt dulist að við erum eyþjóð sem einungis getur reitt sig annars vegar á eigin framleiðslu matvæla og hins vegar sjóflutning aðfanga um langan veg.


Trausti Hjálmarsson.

**Aðalatriðin verða nefnilega oft undir í umræðu** líðandi stundar. Stóra myndin er auðvitað sú að íslenskur landbúnaður er þjóðinni lífsnauðsyn. Hún er líka sú að án eðlilegrar nýliðunar í bændastéttinni er starfinu sjálfhætt. Það vill enginn. Ekki heldur félagsmenn í Samtökum atvinnurekenda. Þeir þrífast nefnilega á því að íslenskt samfélag sé í jafnvægi og fólki líði vel með eðlilega afkomu sína og kaupgetu. Til þess þurfum við okkar öfluga sjávarútveg, landbúnað og ferðaiðnað, framleiðslu grænnar raforku og aðra sjálfbæra nýtingu náttúruauðlindanna sem okkur hefur verið treyst fyrir.

**Þess vegna er holur tónn í umræðunni um hvort mjólkurostur geti orðið að jurtaosti** svona eiginlega „aþþíbara". Hann er það líka í umræðunni um íslensku „risana" í afurðastöðvum landbúnaðarframleiðslunnar sem í raun eru svo dvergvaxnir að þeir ná ekki mælingu á alþjóðlegum mælistikum.

**Enda þótt raddirnar séu ekki margar** sem vilja ráðast að rótum íslensks landbúnaðar virðast þær eiga greiða leið að kastljósi fjölmiðla. Við því er erfitt að bregðast enda klingja upphrópanir oftast hærra en staðreyndir mála. Bændasamtök Íslands þurfa að sjálfsögðu að hafa styrk til þess að leggja orð í belg í allri þessari umræðu. Það munum við áfram gera á vönduðum og málefnalegum nótum. Samtímis leyfi ég mér að heita á íslensk stjórnvöld að láta ekki glepjast.

**Landbúnaður er almannahagsmunir** og það er undir þeim formerkjum sem við ætlum að sameinast um það að halda merkjum landbúnaðarins hátt á lofti. Bændasamtök Íslands, Samtök ungra bænda, Samtök smáframleiðenda matvæla og Beint frá býli, Samtök afurðastöðva í mjólkurframleiðslu og Samtök fyrirtækja í landbúnaði boða til fundar á Hótel Hilton Nordica miðvikudaginn 26. febrúar frá kl.13–15:30. Þar verður án efa tæpt á fjölmörgum efnisþáttum sem eru raunverulegir og skipta vöxt og viðgang landbúnaðarins miklu máli.

**Fram undan eru einnig afar spennandi fundir** sem matvælaráðherra og Bændasamtökin hafa skipulagt víðs vegar um landið til þess að ráðherra geti kynnst af eigin raun þeim málum sem helst brenna á bændum um þessar mundir. Ég er viss um að þau beinu tengsl ráðherrans við íslenska bændur munu verða heilladrjúg í þeirri vinnu sem fram undan er við gerð nýrra búvörusamninga og um leið smíði nýrra undirstaðna fyrir íslenskan landbúnað til langrar framtíðar.

*Trausti Hjálmarsson,*
*formaður Bændasamtaka Íslands.*

# Eflum íslenska nautgriparækt

**Í Bændablaðinu 23. janúar sl. birtum við pistil í framhaldi af skýrslu LbhÍ um samanburð á erlendum mjólkurkúakynjum og því íslenska með notkun á viðurkenndum erlendum módelum.**


Baldur Helgi Benjamínsson.


Jón Viðar Jónmundsson.

Hún sýndi möguleika á verulegri framlegðaraukningu hjá íslenskum mjólkurframleiðendum og hagkvæmari framleiðslu á mjólkurvörum hér á landi. Í síðasta tölublaði eru síðan fjórar greinar sem snúa að þessu máli. Eina skrifar Aðalbjörg Ásgeirsdóttir í Stóru-Mörk sem rekur afurðahæsta kúabú á Íslandi á síðasta ári. Þar koma fram sjónarmið sem falla vel að þeim sem við höfðum sett fram og tökum undir. Guðni Ágústsson skrifar grein í sínum þekkta stíl. Gerum örlitla athugasemd síðar. Sagnfræði hans brenglast stundum ef hún nær til atburða nálægt í tíma þó að hún sé vonandi hárrétt þegar hann fjallar um atburði í austurhluta Rangárvallasýslu á landnámsöld og hafa greinilega mótað hann sterkt. Þá skrifa Egill Gautason og Magnús B. Jónsson hvor sinn pistil sem báðir víkja að okkar skrifum og gefur okkur tilefni til frekari umfjöllunar og ábendinga.

*Vaxandi munur*

Áður en umfjöllun hefst um meginatriði þá bendum við Guðna á að hann hefði átt að bera tölur sínar saman við hliðstæðar tölur erlendis frá. Þá hefði blasað við að hámarkstölur Guðna fyrir íslensku kúna eru undir sams konar meðaltalstölum flestra viðmiðunarlanda. Nythæstu búin á Norðurlöndum státa af meðal afurðum yfir 15.000 kg eftir árskúna nú um daga. Enn verra ef horft er til afurðaþróunar, þar hefur munur á milli aukist með hverju ári. Frá 2020–2024 hafa meðal afurðir hér skv. skýrsluhaldi aukist um 122 kg á árskú, miðað við orkuleiðrétta mjólk. Hliðstæð aukning í Danmörku milli áranna 2020 og 2024 var 454 kg.

Magnús gefur í skyn að tekjuþróun mjólkurframleiðenda í nágrannalöndum sé jafnvel lakari en hérlendis. Þetta er ekki í takti við veruleikann og birtist m.a. í hlutfallslega hraðari fækkun mjólkurframleiðenda hér á landi en á hinum Norðurlöndunum allra síðustu ár. Árið 2022 var langbesta rekstrarár í sögu danskrar mjólkurframleiðslu; hagnaður kúabúa var þá að jafnaði um 100 m. kr. Afkoman 2023 var mun lakari en þó vel yfir meðaltali undanfarinna ára; hagnaður meðal búsins var 35 m. kr. Frá Noregi berast þær fregnir þessa dagana að metfjöldi kúabúa hafi skipt um eigendur á nýliðnu ári og að aldrei hafi fleiri ný fjós verið á teikniborðinu en þessar vikurnar. Því miður er ekki sömu sögu að segja hér. Að okkar mati er ósmekklegt að halda því fram að við séum að vega að höfundum skýrslunnar 2007. Við erum aðeins að benda á það sem skýrir muninn þá og nú og allir geta kynnt sér með að lesa þá kafla í skýrslunum. Skýrsluhöfundar 2007 hefðu þá mátt horfa aðeins betur á niðurstöður Gunnars Ríkharðssonar úr Færeyjatilrauninni. Þær voru þá nýlegar og eini beini samanburðurinn sem þeir gátu horft til. Má bæta við að Færeyingar létu nánast strax af sæðiskaupum frá Íslandi, sem var þeirra hugmynd þegar tilrauninni var hleypt af stokkunum. Það er líka rétt að minna á að þegar skýrslan var kynnt á aðalfundi LK 2007 voru ýmsar forsendur hennar gagnrýndar nokkuð harðlega af mörgum fundarmönnum, m.a. vinnuþörf við mjaltir, sem er stór kostnaðarliður og sá eiginleiki þar sem íslenska kynið stendur einna höllustum fæti.

*Varðveisla á erfðabreytileika*

Víkjum þá að varðveislu erfðabreytileika sem Egill fjallar aðallega um og Magnús víkur að. Þarna höldum við að gagnlegt sé að horfa til starfs í öðrum löndum því þar er þessu starfi sinnt ekki síður en hér. Þar er t.d. á öllum Norðurlöndum og í Vestur-Evrópu þar sem við þekkjum til mörgum skyldustu kynjum því íslenska viðhaldið í mjög litlum hópum. Nautastöðvarnar sjá þessum hópum síðan fyrir sæði og erfðanefndir eða leiðbeiningaþjónustan aðstoðar með að halda skyldleikarækt í skefjum hjá þessum örhópum. Þetta meta þeir sem þekkingu hafa á nægjanlegt til viðhalds þessum kynjum.

*Nýr erfðabreytileiki*

Víkjum að athugasemdum Magnúsar um notkun okkar á orðinu hugarórar um þær hugmyndir að leitað yrði í íslenska kúakynið á komandi árum eftir erfðabreytileika til að kynbæta einhverja eiginleika. Þetta byggjum við m.a. á nýlegri yfirlitsgrein í þessum fræðum eftir


Lögfræðistofa Reykjavíkur
LÖGMANNSÞJÓNUSTA

Vönduð og fagleg lögmannsþjónusta með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Hvolsvelli.
Helstu réttarsvið: Félagaréttur, eignaréttur, samningaréttur, orkuréttur, erfðaréttur, gjaldþrotaréttur stjórnsýsluréttur o.fl.
Yfir 30 ára reynsla af lögmannsstörfum.
Helgi Jóhannesson, lögmaður • helgi@lr.is • Sími 849-0000
Borgartúni 25, Reykjavík • Austurvegi 4, Hvolsvelli • Sími 515-7400





Mynd / Odd Stefán

finnska búfjárerfðafræðinginn Juha Kantanen sem einna best hefur fjallað um spurninguna um það hvar sennilegt sé að nýs erfðabreytileika hjá mjólkurkúm yrði leitað, gerðist þess þörf í framtíðinni. Það yrði gert hjá kynjum ræktuðum við mjög afbrigðilegar umhverfisaðstæður, vegna þess að þar væri það sem þyrfti að bregðast við helst að finna. Bendir hann á dæmi um slík kúakyn í Síberíu og við hliðstæðar umhverfisaðstæður og slík gen séu nýlega fundin og hvetur til að verndun slíkra kynja sé í forgangi. Fráleitast yrði að leita til kúakynja sem aðeins hefðu dregist aftur úr aðalkynjunum, sem að sjálfsögðu væru þau sem mundu leita eftir þessu. Þetta væri augljóst í ljósi þess að kynin sem hefðu lent aftur úr, hefðu verið með ræktun með hliðstæð ræktunarmarkmið og flest önnur kyn og því fráleitast að þar væri nokkurs að leita. Þessi kyn hefðu orðið undir vegna ytri þátta eins og lítils stofns í okkar tilviki, sem er þáttur sem við höfum hvergi séð hugmyndir um hvernig eigi að stökkva yfir. Alvarlegur ungkálfadauði, sem flestum er orðið ljóst að er að einhverju leyti eiginleiki sem bundinn er íslenska kyninu verður seint til að bæta þá stöðu. Í hinni stórgóðu doktorsritgerð Egils koma hvergi fram ábendingar um slíkan breytileika sem að framan er ræddur, hafi við lesið ritgerðina rétt.

### *Val bænda*

Egill nefnir ýmsar hugmyndir um verndun íslenska kúakynsins. Gallinn við þær er að okkar mati hins vegar sá að sá tími er liðinn að mjólkurframleiðslunni verði haldið í einhvers konar herkví. Það verður í framtíðinni vonandi val bænda hvaða erfðaefni þeir kjósa að nota í sinni framleiðslu. Við erum sammála Agli um að hreinræktaðar íslenskar kýr fari þar halloka. Hins vegar teljum við að þar sé fátt að óttast. Hér á landi er áreiðanlega ekki lægra hlutfall velunnara en erlendis sem mun varðveita íslenska kynið líkt og þar er gert. Þar er erfðabreytileika gömlu kynjanna viðhaldið eins og við höfum bent á. Það er talið fullgilt og við vitum að þau sem vilja stuðla að varðveislu þess hérlendis myndu læra af framkvæmd í öðrum löndum. Við teljum það háskalegt sjónarmið og siðferðilegt óbjóðandi að stór hluti bænda og neytenda sé í framtíðinni í herkví þess sjónarmiðs að hér megi framleiða mjólk með einu, og aðeins einu kúakyni.

### *Mjólk framleidd á Íslandi er íslensk*

Víkjum í framhaldinu að hugmyndum Guðna um að neytendur bregðist öndverðir við og vitnar þar til skoðanakannana sem þjóðin stjórnast af þessa dagana. Hvers vegna hafa afurðastöðvar þá ekki sótt hærra verð til að auka tekjur bænda? Gæti verið að það gengi gegn markmiðum búvörulaga? Tæpast er Guðni að hvetja til brota á lögum sem hann kom að því að setja? Þar eru víst markmið um að bjóða neytendum búvöru á hagstæðu verði. Grunur okkar að ef neytendur væru spurðir hvort þeir væru tilbúnir að greiða mun hærra verð fyrir að fá mjólk og mjólkurvörur úr kúm af íslensku kyni kæmi annað hljóð úr strokknum og í okkar huga er ljóst að núverandi verðlagning og staða tollverndar er komin að þolmörkum hvað það varðar. Halli greinarinnar upp á fleiri milljarða króna, samkvæmt nýju verðlagslíkani, segir allt sem segja þarf í þeim efnum. Miklu fremur yrðu þeir því jákvæðir gagnvart því að fá þessar vörur á lægra verði. Við þekkjum hvergi frá nágrannalöndum þá þjóðerniskennd að aðeins sé bjóðandi mjólk úr gömlum landkynjum. Danir, Svíar, Norðmenn, Finnar og jafnvel Færeyingar kalla mjólk framleidda í löndunum, danska, sænska, norska, finnska og færeyska eftir því hvað við á hafi mjólkin verið mjólkuð í viðkomandi landi úr kúm af fjölmörgum erlendum kynjum sem flutt voru til viðkomandi landa á síðustu öldum og áratugum. Umræða um óhollustu hennar fyrir neytendur af þeirri ástæðu fer að okkar viti hvergi fram í þessum löndum.

### *Að ýmsu þarf að hyggja*

Við trúum því hins vegar að nauðsynlegt sé sem fyrst að bæta afkomu og samkeppnishæfni mjólkurframleiðenda eigi framleiðslan að blómstra á komandi árum. Til þess er erlent erfðaefni aðeins einn þáttur. Um leið þarf að umbreyta stjórnkerfi framleiðslunnar og greiðslum ríkisins á stuðningi; fjárfestingar, framsal stuðningsgreiðslna og nýliðun svo að veigamestu atriðin séu talin.

Þarna eigum við að vera óhrædd að sækja góðar hugmyndir erlendis. Aðeins hrossarækt, sauðfjárrækt og nýting hlunninda byggja að hluta á innlendum grunni. Í öðrum greinum hefur bændum vegnað best þegar góðar hugmyndir hafa verið sóttar utan landsteinanna, framfarir orðið mestar og landbúnaður blómstrað mest. Þannig hafa framfarir í landbúnaði á undangengnum áratugum orðið. Þetta er t.d. meðal aðalmarkmiða búvörulaga sem móta öðru fremur afkomu bænda. Sú einangrunarstefna, sem að hluta kemur fram í greininum sem við höfum rætt, er íslenskum landbúnaði stórhættuleg.

### *Grísir gjalda, gömul svín valda*

Íslenskir mjólkurframleiðendur mega ekki endurtaka afgreiðsluna fyrir tæpum aldarfjórðungi. Syndir feðranna bitna á börnunum er oft sagt. Sú afgreiðsla hefur þegar orðið þeim og neytendum of dýru verði keypt. Nú verða þeir að afgreiða innflutning á þann hátt að mjólkurframleiðendur fái hliðstætt starfsumhverfi og kollegar þeirra í nágrannalöndum. Enda kalla íslenskir bændur eðlilega oft eftir slíku í mörgum málum. Skýrsla LbhÍ er sterkt vopn í því máli. Við teljum okkur hafa bent á fleiri rök.

Að lokum er sú skoðun viðruð að aðeins innlendu greinarnar sem nefndar eru hér á undan munu í framtíðinni skila okkur möguleikum á útflutningi þekkingar og framleiðslu. Hinar greinar landbúnaðarins hafa það meginhlutverk að sinna markaði innanlands með hollar vörur á hagstæðu verði sem neytendur sækjast eftir. Þar er talsvert verk að vinna fyrir mjólkina að endurheimta einhvern hlut þess sem nú er sinnt með innflutningi og verjast því að sá hlutur aukist enn frekar. Rekstur þessara greina verður um leið að skila þeim sem þær stunda bærilegri lífsafkomu. Takist það mun birta yfir landbúnaði á Íslandi. Við erum sannfærðir um að slíkt er mögulegt og við teljum leiðina að því markmiði vera þau sjónarmið sem við höfum reifað.

*Baldur er kúabóndi. Jón Viðar er fyrrverandi nautgriparæktarráðunautur BÍ og búfjárræktarráðunautur BÍ.*


## Kjósarhreppur Skipulagsauglýsing

*Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulögum:*

**1. Deiliskipulag frístundabyggðar Trönu í Kjósarhreppi**
Um er að ræða uppskiptingu lóða í tvær sumarhúasalóðir og nýtingarhlutfall bygginga samkvæmt deiliskipulagi er innan marka aðalskipulags.

**2. Deiliskipulag fyrir Þúfukot ferðaþjónustu**
Með nýju deiliskipulagi er afmarkað svæði fyrir ferðaþjónustuhús á 5,5 ha svæði sem staðsett er sunnan megin við Hvalfjarðarveg (nr. 47) og við rætur Eyrarfjalls. Byggingarreitir eru 13 talsins, þar af eru 12 byggingarreitir ætlaðir fyrir gistihús og einn byggingarreitur fyrir þjónustubyggingu.
Í skipulagstillögunni eru 11 nýir reitir innan lóðar skipulagðir fyrir þjónustuhús fyrir ferðaþjónustu auk þess sem byggingareitur við núverandi íbúðarhús og útihús eru staðsettir og stækkaðir. Með því er hægt að byggja við, endurbæta og viðhalda núverandi byggingum og breyta notkun þeirra úr landbúnaðarbyggingum í þjónustubyggingar. Markmið fyrirhugaðra breytinga er að byggja upp sjálfbæra ferðaþjónustu og gefa eldri byggingum nýtt hlutverk.
Tillögurnar liggja frammi á skrifstofu Kjósarhrepps, Ásgarði, frá og með 17. febrúar 2025 til 1. apríl 2025 og er einnig til sýnis á heimasíðu Kjósarhrepps, www.kjos.is sem og í skipulagsgátt undir málsnúmerum 159/2025 og 161/2025.
Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til 1. apríl 2024.

*Samkvæmt 401. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst lýsing af eftirfarandi deiliskipulagi:*

**3. Deiliskipulag frístundabyggðar Eyjatjarnar í landi Eyja II**
Deiliskipulagið er ætlað að skapa skýran ramma utan um uppbyggingu 19 frístundalóða. Stærð lóða verður frá 3.340 m² til 10.720 m². Nýtingarhlutfall er 0,03.
Húsin verða lágreist en heimilt er að hafa húsin í eystri hluta byggðarinnar á stöllum vegna landhalla.
Lýsingin liggur frammi á skrifstofu Kjósarhrepps, Ásgarði, frá og með 17. febrúar 2025 til 17. mars 2025 og er einnig til sýnis á heimasíðu Kjósarhrepps, www.kjos.is sem og í skipulagsgátt undir málsnúmerinu 162/2025.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til 17. mars 2024.
Skila skal athugasemdum á skrifstofu Kjósarhrepps, Ásgarði, 276 Mosfellsbæ eða í skipulagsgátt undir viðkomandi málsnúmeri.
Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

**Virðingarfyllst,**
**Skipulagsfulltrúi Kjósarhrepps**




# Nýir orkugjafar og hagkvæmni

**Í fyrri grein undirritaðs í blaðinu frá 19. des. sl. „Loftslagsmál og orka“ er fjallað um orkulega óhagkvæmni rafeldsneytis.**



Egill Einarsson.

Fleiri hliðar eru á málinu og verður hér horft á málið í stærra samhengi eins og samhengi orkunotkunar og þjóðarframleiðslu. Hvað getum við gert annað en að virkja til þess að leggja okkar skerf gegn loftslagsbreytingum? Einnig verður gerð grein fyrir tæknilegum og viðskiptalegum þáttum í framleiðslu nýrra orkugjafa.




### Loftslagskrísan

Orka er megininntak í framtíð heimsins. Neysluhyggja síðustu 70 árin samfara margföldun orkunotkunar hefur haft víðtæk áhrif á umhverfi okkar og er rótin að þeim loftslagsbreytingum sem láta stöðugt meira að sér kveða. Áhrif þessa hömluleysis, einkum vestrænna ríkja, hefur nú haft svipaðar afleiðingar og ofát á mannslíkamann. Vanlíðan og veikindi í vistkerfinu og hitasótt sem ógnar lífríkinu og tilvist jarðarbúa. Það er ekki aðeins losun koltvísýrings sem er sökudólgurinn heldur rányrkja og ofneysla mannskepnunnar. Ef jarðarbúar hætta notkun jarðefnaeldsneytis og halda sama lífsstíl og hingað til þarf að 10-falda raforkuframleiðslu. Erfitt er að ímynda sér umfang þessarar umbyltingar en hún krefst þess að fundnir verði nýir orkugjafar sem ekki valda gróðurhúsaáhrifum. Þar er um að ræða vatnsafl, vindorku og sólarorku en talið er að þau þrjú muni vera uppistaðan í nýrri orku auk kjarnorku.

### Orkukrísan

Orkan er að meginhluta milljóna ára dýra- og jurtaleifar sem hafa umbreyst í verðmætt hráefni sem kallast jarðefnaeldsneyti og samanstendur af hráolíu, kolum og jarðgasi og nemur 76% af orkunotkun jarðarbúa og er ábyrgt fyrir 87% af losun gróðurhúsalofttegunda. Orkunotkun hefur 6,4-faldast á heimsvísu í veldisvexti frá árinu 1950 meðan mannkynið hefur 3,2-faldast, sem þýðir tvöfalda aukningu á hvert mannsbarn. Þessari orkuaukningu er hins vegar misskipt og hefur hún fyrst og fremst átt sér stað hjá ríkari helmingi jarðarbúa. Línuritið sýnir aukningu á orkunotkun í heiminum frá árinu 1800 og aukningu í veldisvexti frá árinu 1950.

### Orka og hagsæld

Samfelld fylgni er milli þjóðarframleiðslu GDP (Gross Domestic Production) á mann og orkunotkunar í heiminum. Tölur aftur til ársins 1900 sýna stöðuga aukningu þjóðarframleiðslu og jafnhliða því samsvarandi aukningu í orkunotkun. Orkunotkun á mannsbarn hefur u.þ.b. tvöfaldast síðan 1950 á sama tíma og lífskjör í þróuðum ríkjum hafa vaxið í sama mæli. Efst eru olíuríkin ásamt Bandaríkjunum og síðan þróaðri ríki en fátæk ríki í Afríku reka lestina. Í ljós kemur að þetta samhengi raskast þegar vissu stigi í hagsæld er náð. Sem dæmi um ríki sem þetta gildir fyrir er Svíþjóð þar sem GDP hefur hækkað um 54% frá 1995–2019 en orkunotkun á mann hefur lækkað um 12,3%. Svipaðar tölur eru fyrir Bretland, Danmörku, Þýskaland og Sviss.

### (Ó)hagkvæmni í framleiðslu rafeldsneytis

Í skýrslunni „Fýsileiki þess að framleiða rafeldsneyti á Íslandi“ frá júní 2021, gerð skv. samningi Þróunarfélags Grundartanga við Icelandic Electrical Fuel, er fjallað um hagkvæmni þess að framleiða rafeldsneyti á Íslandi og eru helstu niðurstöður samandregnar: „Áhugi fjárfesta á framleiðslu rafeldsneytis er mikill og þeir vilja tryggja sér aðgengi að orku þegar samkeppnishæfni í verðum er náð og eftirspurnin verður gífurleg. Lögð er áhersla á að orkuskiptum, sem stjórnvöld hafa lofað, verði ekki náð nema stjórnvöld flýti fyrir með setningu sértækra reglugerða um framleiðslu og nýtingu rafeldsneytis, með styrkjakerfum og ívilnunum varðandi opinber gjöld og með álögum á jarðefnaeldsneyti.“

| Tegund | Orkuþéttl. KWh/kg | Kostnaðarverð €/MWh | |
|---|---|---|---|
| | | Raforkuverð 30 €/MWh | Raforkuverð 18 €/MWh |
| Vetni | 33,3 | 60 | 80 |
| Metan | 15,4 | 89 | 115 |
| Ammóníak | 5,2 | 106 | 140 |
| Metanól | 6,1 | 106 | 140 |
| Rafolía | 12,5 | 116 | 150 |
| Jarðefnaeldsneyti | 12,5 | 28-68 | |

**Samanburður á framleiðslukostnaði á rafeldsneyti og jarðefnaeldsneyti (í €/MWh) m.v. mismunandi raforkuverð**

Skýrslan byggir að mestu á spám þar sem gert er ráð fyrir að mikil aukning verði á eftirspurn eftir rafeldsneyti fram til ársins 2050, þegar orkuskiptum á að vera lokið á heimsvísu. Í töflunni er sýnt áætlað kostnaðarverð fyrir helstu tegundir rafeldsneytis, m.v. raforkuverð annars vegar til stóriðju í dag (18 €/MWh ) og hins vegar líklegu verði til rafeldsneytisframleiðslu (30 €/MWh), ásamt samanburði við verð á jarðefnaeldsneyti (byggt á áðurnefndri skýrslu). Skv. þessu er kostnaðarverð á ammóníaki, metanóli og rafolíu 3–4 falt hærra en á jarðefnaeldsneyti og á vetni og metani 2–3-falt hærra en á jarðefnaeldsneyti m.v. orkuinnihald. Einnig er mikil óvissa varðandi notkun ammóníaks og metanóls sem staðgengils jarðefnaeldsneytis í flutningaskipum og öðrum farartækjum. T.d. hefur ekkert skip enn verið knúið áfram af ammóníaki og þörf á annað hvort nýrri gerð tvígengisvéla eða breytingum á núverandi fjórgengisvélum til þess að það sé raunhæfur möguleiki. Varðandi flugvélaeldsneyti er verið að kanna ýmsar leiðir en ljóst er að ekki er raunhæft að reikna með lágorku eldsneyti eins og ammóníaki og metanóli. Spár eru um að fólks- og flutningabílar verði fljótlega knúnir lífeldsneyti auk rafmagns og að vetnisbrunavélar muni knýja flugvélar. Ljóst er að fjárhagslegar forsendur framleiðslu á rafeldsneyti byggjast meira og minna á getgátum um lækkandi verð á raforku og aðkomu stjórnvalda ásamt álögum á jarðefnaeldsneyti. Mikil þróun er í öðrum umhverfisvænum lausnum






> **Þannig ættum við ekki að ávaxta orkuauðlindir okkar!**

sem flestar eru mun hagkvæmari orkulega en rafeldsneyti.

***Þróun í endurnýjanlegri orku***

Á síðustu 10 árum hefur orðið hröð verðlækkun á endurnýjanlegum orkugjöfum. Helsta ástæða fyrir lækkandi verði á raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum er að framleiðslukostnaður ræðst af verði á tæknihlutanum en ekki af verði á aðföngum eins og í orkuverum fyrir jarðefnaeldsneyti. Önnur ástæða er sú að með meiri framleiðslu er framleiðsluferlið endurbætt með því sem heitir „að læra með því að framkvæma“ sem leiðir svo til lækkandi verðs. Með þessari hringrás hefur t.d. sólartæknin fóðrað sig sjálf frá því að þróunin hófst úti í geimnum og hefur verð á raforku frá sólarsellum lækkað um 89% frá árinu 2009. Ódýr endurnýjanleg raforka gæti staðið undir 65% orkunnar árið 2030. Það gæti einnig gert mögulegt að kolefnishlutleysa orkugeirann um 90% árið 2050 með sólar- og vindorku.

***Heimsmarkmið***

Sett voru þau heimsmarkmið á loftslagsráðstefnunni í París árið 2016 að koma í veg fyrir meiri hækkun hitastigs jarðar en 2,0 °C og stefna að hámarks 1,5 °C hækkun. Til þess að ná þessu marki þyrfti útblástur að ná hámarki árið 2025 og minnka um 43% fyrir árið 2030. Evrópusambandið hefur sett sér sjálfstæð markmið um að minnka losun um 55% fyrir árið 2030. Aðrir heimshlutar eru flestir eftirbátar Evrópu, svo sem Bandaríkin, Indland og Kína, sem bera ábyrgð á 50% heildarlosunar. Mikilsvert er að aðstoða þróunarríki við að byggja upp orkuinnviði sína og er t.d. sólarorka vænlegur orkugjafi fyrir Afríku, Asíu og S-Ameríku. Af heildarnotkun jarðefnaeldsneytis fara um 35% til framleiðslu á raforku. Með því að skipta henni yfir í endurnýjanlega orkugjafa þarf að auka raforkuframleiðslu úr endurnýjanlegum orkugjöfum 2-falt. Samgöngur nota 25% heildarorkunnar, iðnaður um 30% og húshitun o.fl. 10%. Þar þarf að verða tæknibylting þannig að í stað bruna verði notað rafmagn. Það þýðir að auka þarf raforkuframleiðsluna 5-falt.

***Markmið Íslands***

Íslendingar hafa fylgt ESB í loftslagsmarkmiðum og stefna að minnkun útblásturs um 41% fyrir árið 2030. Íslendingar eiga met í framleiðslu raforku á mann en hafa möguleika á að auka sinn hlut, einkum með vindorku en einnig viðbótar vatnsafli. Rök eru fyrir því að Ísland verði óháð innflutningi á eldsneyti. Það næst að hluta með því að nýta raforku betur þar sem það er hægt og að framleiða vetni sem nýtt yrði í samgöngur þar sem rafmagn er ekki valkostur. Framleiðsla á rafeldsneyti, sem er mjög óhagstæð orkulega, gæti orðið neyðarlausn þar sem hvorugur kosturinn er í boði. Í áætlunum stjórnvalda er stefnt að því að verða sjálfbjarga með eldsneyti og í þeim tilgangi að tvöfalda rafmagnsframleiðslu. Í stað þess ætti að einbeita sér að umskiptum yfir í raforku á sem flestum sviðum og þá getum við hugsanlega látið okkur nægja hluta af þessari aukningu. Við getum einnig nýtt okkur aðra möguleika svo sem framleiðslu á lífeldsneyti úr landbúnaðarúrgangi, sorpi og seyru. Nýir möguleikar felast svo t.d. í framleiðslu á lífeldsneyti úr þörungum.

***Hugvekja***

Í opinberum tölum um orkunotkun er raforka flokkuð sem „æðri“ orka og við umbreytingu á jarðefnaeldsneyti yfir í raforku fást einungis 40% orkunnar, þ.e. raforkan er 2,5 sinnum verðmætari. Við umbreytingu á rafmagni yfir í rafeldsneyti verður samanburðurinn enn óhagstæðari. Fyrir hvert kg af $CO_2$ sem er bundið eru notaðir 7,3 KWh við framleiðslu rafeldsneytis. Þessu rafeldsneyti er síðan brennt í brunahreyfli þar sem koltvísýringur er losaður aftur út í andrúmsloftið. Fyrir hvert kg af koltvísýringi sem losaður er aftur út í andrúmsloftið fást 1,66 KWh af nýtanlegri orku. Hlutfall nýtanlegrar orku er því 1,66/7,3 = 0,23 eða 23 % þ.e. raforkan er 4,3-sinnum verðmætari. Til viðmiðunar er hægt að hugsa sér ávöxtun á fjármunum. Við leggjum 7,3 millj. kr. inn í banka til ávöxtunar. Við vitjum svo peninganna nokkrum árum síðar og þá er tilkynnt að eftirstöðvar séu 1,66 milljónir króna. Þannig ættum við ekki að ávaxta orkuauðlindir okkar! Við framleiðslu á rafeldsneyti er einnig ætlunin að fanga koltvísýring með ærnum tilkostnaði og sleppa honum svo aftur út í loftið við bruna. Þetta er eins og að veiða og sleppa nema hvað í þessu tilfelli er sleppingin mjög skaðleg.

*Höfundur er efnaverkfræðingur.*




Óskað eftir tilnefningum til landbúnaðarverðlauna



Atvinnuvegaráðherra veitir landbúnaðarverðlaun árlega í tengslum við Búnaðarþing.

**Óskað er eftir tilnefningum um bændabýli, önnur landbúnaðarfyrirtæki eða félög sem talin eru hafa verið á einhvern hátt til fyrir- myndar í íslenskum landbúnaði á næstliðnu ári.**

Stutt greinargerð skal fylgja með tilnefningum. Þar skulu koma fram helstu upplýsingar um starfsemi tilnefndra ásamt rökstuðningi fyrir tilnefningunni. Verðlaunahafar geta verið allt að þrír og mun úthlutunarnefndin velja verðlaunahafa.

Við valið er litið til þátta eins og frumkvöðlastarfs, nýjunga í starfsháttum eða annars árangurs sem getur verið öðrum fyrirmynd í landbúnaði svo sem á sviði umhverfisstjórnunar, loftslagsmála, ræktunarstarfs eða annarra þátta í starfseminni.

Tillögur skulu berast eigi síðar en **3. mars 2025**, merktar „Landbúnaðarverðlaun“ á netfangið **mar@mar.is** eða bréflega til matvælaráðuneytisins, Borgartúni 26, 105 Reykjavík.

Ráðherra landbúnaðarmála veitti landbúnaðarverðlaun fyrst 1997 og þau hafa verið veitt flest ár síðan eða alls í 26 skipti.

**Stjórnarráð Íslands**
Matvælaráðuneytið




**Með Delo 400 gengur allt smurt**

Delo 400 SLK SAE 15W-40 er smurolía sem hentar fullkomlega fyrir landbúnaðarvélar og uppfyllir ströngustu losunarstaðla.

Skannaðu QR kóðann fyrir allt úrval og sölustaði

**Hringdu í vini og fáðu tilboð hjá okkur!**
Síminn er **515 1100**, eða á **olis.is**

olís

# Hvernig nýtir Noregur heimildir til tollahækkana til að framfylgja landbúnaðarstefnu sinni?

**Norsk landbúnaðar stefna byggir á fjórum meginstoðum: (1) fæðuöryggi, (2) landbúnaði sem er stundaður um allt land, (3) aukinni verðmætasköpun og (4) samkeppnishæfni.**



Erna Bjarnadóttir.

Eitt af grundvallaratriðum stefnu norskra stjórnvalda í landbúnaðarmálum er að tryggja stöðugar tekjur bænda og halda uppi innlendri framleiðslu. Þar gegna tollar lykilhlutverki. Þannig hafa breytingar á tollum og þá í seinni tíð tollahækkanir verið nýttar sem stjórntæki til að draga úr innflutningi erlendra landbúnaðarvara og efla stöðu innlendra framleiðenda.



„Reynsla Noregs sýnir að tollahækkanir geta verið öflug tæki til að styðja við landbúnaðarstefnu sem miðar að verndun innlendra framleiðenda,“ segir Erna í grein sinni. Mynd frá Guðbrandsdalnum. Mynd / Kato Bergli

### *Norsk landbúnaðarstefna og hlutverk tollverndar*

Í Noregi er tollvernd hornsteinn landbúnaðarstefnunnar og er beitt til að tryggja rekstrarskilyrði bænda. Í stefnu stjórnvalda segir að tollvernd sé „bærebjelke i norsk landbrukspolitikk“ og nauðsynleg til að tryggja afkomu bænda. Stjórnvöld í Noregi hafa undirstrikað að þau hyggjast standa vörð um innlenda framleiðslu og leggja áherslu á að háir tollar á tilteknar vörutegundir séu réttmæt leið til að vernda hag bænda og tryggja fæðuöryggi.

Norsk stjórnvöld hafa frá árinu 2012 í tvígang hækkað tolla verulega á innfluttar landbúnaðarvörur. Í fyrra skiptið, árið 2012, voru tollar á nautakjöt, lambakjöt og osta hækkaðir. Í seinna skiptið, árið 2024, voru tollar á grænmeti og kartöflur stórhækkaðir. Þessar tollahækkanir eru dæmi um hvernig stjórnvöld hafa nýtt sér lagalegt svigrúm sitt til að efla innlenda framleiðslu og auka tekjur bænda. Í bæði skiptin fór norski Verkamannaflokkurinn með forsætisráðuneytið, í fyrra skiptið undir forsæti Jens Stoltenberg en það síðara með Jonas Gahr Støre, leiðtoga norska Verkamannaflokksins, sem forsætisráðherra.

### *Tollahækkanir 2012 – kjöt og ostar*

Árið 2012 hækkuðu norsk stjórnvöld tolla á tilteknar landbúnaðarvörur sem hluta af stefnu sinni um aukna tollvernd. Tollarnir voru færðir frá krónutolli yfir í hlutfallstolla („ad valorem“ tolla) sem gerði þá sveigjanlegri og áhrifameiri. Hækkanirnar voru sérstaklega miklar á eftirfarandi vöruflokkum:

- **Nautakjöt:** Tollur hækkaði úr NOK 119,01 kr/kg í **344%.**
- **Lambakjöt:** Tollur hækkaði úr NOK 76,96 kr/kg í **429%.**
- **Ostar:** Tollur hækkaði úr NOK 27,15 kr/kg í **277%** á vissum tegundum.

Þessar aðgerðir voru gagnrýndar af Evrópusambandinu sem setti Noreg á lista yfir ríki sem viðhefðu viðskiptahindranir. Samt sem áður héldu norsk stjórnvöld sig við þessa stefnu og lögðu áherslu á að tollvernd væri nauðsynleg til að tryggja efnahagslegan stöðugleika bænda og viðhalda sjálfbærri matvælaframleiðslu í landinu.

### *Tollahækkanir 2024 – grænmeti og kartöflur*

Árið 2024 fóru norsk stjórnvöld í svipaða aðgerð þar sem tollar voru stórhækkaðir á ýmsar grænmetistegundir og kartöflur. Markmiðið var að styrkja innlenda framleiðslu og minnka ósanngjarna samkeppni frá innfluttum vörum. Tollarnir voru hækkaðir úr krónutolli í hlutfallstolla á eftirfarandi vörum:

- **Kartöflur:** Tollur hækkaði í **95-209%**.
- **Grænmeti** (t.d. salat, rauðbeður, sellerí og rófur): **147-288%.**

Með þessu fylgdu norsk stjórnvöld sömu leið og árið 2012 og beittu tollvernd til að vernda hagsmuni bænda. Þessar breytingar sýna að Noregur hefur bæði pólitískan vilja og lagalegt svigrúm til að grípa til slíkra ráðstafana.

### *Hvað með Ísland?*

Ísland stendur frammi fyrir svipuðum áskorunum og Noregur þegar kemur að landbúnaði.

Skilyrði ræktunar eru krefjandi og framleiðslukostnaður hár í alþjóðlegu samhengi og getur innlend framleiðsla illa keppt við erlendar landbúnaðarvörur. Íslensk stjórnvöld gætu farið að fordæmi Norðmanna og nýtt heimildir sínar til að hækka tolla á tilteknum landbúnaðarvörum til að styðja við innlenda framleiðslu. Hins vegar er Ísland, eins og flest önnur ríki, bundið af alþjóðlegum samningum, þ. á m. GATT-samningnum, en þó bindur tvíhliða samningur við Evrópusambandið enn frekar hendur okkar að þessu leyti.

Tollabindingar samkvæmt GATT-samningnum gefa Íslandi verulegt svigrúm til tollahækkana. Til dæmis er heimilt að hækka tolla á osta úr 30% og 798 kr/kg í 485% án þess að brjóta gegn þessum samningi.

### *Getum við nýtt okkur þessa reynslu Norðmanna?*

Reynsla Noregs sýnir að tollahækkanir geta verið öflug tæki til að styðja við landbúnaðarstefnu sem miðar að verndun innlendra framleiðenda.

Norðmenn hafa ítrekað gripið til þessara aðgerða til að viðhalda rekstrarskilyrðum bænda og draga úr ósanngjarnri samkeppni frá erlendum vörum.

Þótt slíkar aðgerðir hafi verið gagnrýndar af hálfu Evrópusambandsins, hafa þær sannað gildi sitt í því að tryggja stöðugleika og afkomu bænda. Þetta sýnir nýleg ákvörðun Norðmanna um að endurtaka leikinn frá 2012, sjá hér að framan.

Ísland hefur svigrúm til að hækka tolla á tilteknar vörur líkt og Noregur hefur gert. Slík skref þyrftu að byggja á vel ígrundaðri stefnumótun sem gæti einnig falið í sér endurskoðun viðskiptasamninga við Evrópusambandið.

Slík endurskoðun væri í samræmi við úttekt utanríkisráðuneytisins frá 2020 þar sem m.a. kom fram að núgildandi samningur nýttist illa íslenskum landbúnaði.

*Höfundur er hagfræðingur hjá Mjólkursamsölunni.*

**Bílskúrs- og iðnaðarhurðir**





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

**Smíðað eftir máli**
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

**Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf**

VP HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is




Bændablaðið www.bbl.is



Mynd / Bbl

# Styrkjum stöðu garðyrkjunnar

**Íslensk garðyrkja er einn af lykilþáttum í sjálfbærri fæðuöryggisstefnu landsins. Til þess að viðhalda henni þurfa stjórnvöld að tryggja rekstrarskilyrði sem gera greininni kleift að vaxa og dafna.**



Halla Hrund Logadóttir.

Garðyrkjubændur þola nú umtalsverðar hækkanir raforkuverðs. Ljóst er að nýr veruleiki orkumála Evrópusambandsins blasir við án þess að samtal hafi verið tekið við þjóðina um útkomuna eða útfærsla þróuð á skynsama vegu. Ef þjóðin væri spurð hvort hún vildi leggja af grænmetisframleiðslu hér á landi er ólíklegt að svarið yrði já. Flest elskum við að njóta brakandi ferskis grænmetis og ekki er verra að hugsa til þess að það er framleitt með endurnýjanlegri orku, skapar störf víða um land, eflir heilsu, dregur úr kolefnislosun miðað við innflutta vöru og styrkir um leið fæðuöryggi okkar í kvikum heimi alþjóðamálanna.

En þá þarf líka að skapa umhverfi sem greinin þrífst í og þar skipta stjórnmál og skýr framtíðarsýn miklu. Hér verður að hafa í huga að ein mestu sóknarfæri íslensks samfélags eru tengd jarðhita og orku og þar er garðyrkjan í lykilstöðu.

Með lausnamiðaða samvinnuhugsjón að leiðarljósi, skora ég á ríkisstjórnina að ráðast í eftirfarandi verkefni til þess að efla greinina:

**1. Tryggjum orkuöryggi almennings í lögum:**

Garðyrkjubændur falla langflestir, ef ekki allir, undir skilgreiningu almennings (eru undir stórnotendamörkum). Með því að tryggja stöðugt framboð raforku til almenna hluta markaðarins, er garðyrkjubændum komið betur í skjól, því stöðugleiki í framboði raforku til almennings stuðlar líka að stöðugleika í verði.

**2. Endurskoðum eigendastefnu opinberra orkufyrirtækja:** Rík samfélagshugsun hefur hingað til einkennt orkumál á Íslandi. Í dag sjáum við samkeppnisumhverfi orkumarkaða hins vegar taka yfir. Stefna Landsvirkjunar kveður eingöngu á um að hámarka eigi hagnað. Víkka mætti eigendastefnuna til að styðja í bland við markmið ríkisins tengd grunnþörfum samfélagsins; líkt og fæðuöryggi. Án slíkra áherslna er alls óvíst að orka frá nýjum virkjunum skili sér endilega í hagkvæmu verði til garðyrkjunnar.

**3. Styrkjum orkusparandi búnað:** Evrópulöggjöf setur kvaðir á garðyrkjubændur þegar kemur að orkunýtni búnaðar sem getur verið íþyngjandi fjárfesting að uppfæra. Á móti minnkar slíkt orkunotkun og þar með rekstrarkostnað sem eykur samkeppnishæfni geirans í heild. Nýta mætti Orku- og loftslagssjóð til að styrkja kostnað við nýjan búnað að hluta til að ná þessu fram. Einnig mætti skoða kosti þess að styrkja búnað fyrir staðbundna orkuframleiðslu, s.s. sólarorku.

**4. Endurskoðum niðurgreiðslu flutnings- og dreifikostnaðar:** Í dag er hluti af flutnings- og dreifikostnaði niðurgreiddur af ríkinu. Skoða mætti leiðir til þess að auka fjármagn til ráðstöfunar hér enn frekar.

**5. Eflum menntun og nýsköpun:** Öflug menntun á sviði garðyrkjunnar er verðmæt og getur orðið hornsteinn nýsköpunar í greininni sem gæti skapað tekjuaukandi sóknarfæri. Eflum Garðyrkjuskólann í Hveragerði og samstarf hans við Orkedíu og fleiri nýsköpunarhraðla sem hafa sérþekkingu á því sviði.

Höfum trú á framtíðinni og ráðumst í þessar fimm aðgerðir strax. Þær eru í höndum ríkisstjórnarinnar en við getum unnið að þeim saman sem eitt lið á þingi – hratt og vel. Það er til mikils að vinna; bændum og samfélaginu okkar til heilla.

*Höfundur er oddviti Framsóknar í Suðurkjördæmi.*









# Blessuð íslenska kýrin

**Um þessar mundir ríður þankagangur Mammons röftum, meðal sumra kúabænda á Íslandi. Vitnað er í könnun sem gerð var milli kúakynja. Ég spyr, hver bað um hana? Hvað kostaði hún, og hvert er markmiðið með henni þegar niðurstaðan var öllum ljós fyrir fram?**



Jökull Helgason.

Þetta minnir mig á annað löngu afgreitt mál, sem alltaf dúkkar upp aftur og aftur. Það er brennivínsfrumvarp Heimdellinga á hinu háa Alþingi, en Heimdellingar verða nú seint talinn gáfulegur félagsskapur. Þeir vilja láta brennivín flæða um búðir og sjoppur um allar koppagrundir, væntanlega í nafni lýðheilsu. Ein framákona Sjálfstæðisflokksins varði þetta uppátæki sitt í Kastljósþætti fyrir fáum árum og til andsvars var Kári Stefánsson, og fór hún ekki vel frá því.

Þetta var nú smá útúrdúr, en aftur að íslensku kúnni og mögulegum innflutningi á nýju kyni. Ég trúi því varla að einhver sé svo stjarnfræðilega einfaldur að halda það að hugsanlegur fjárhagslegur ávinningur af því myndi lenda í vasa bænda. Það væri þá sennilega jafnlíklegt og að það séu jólasveinar á tunglinu. Þeir fyrstu með nýju kýrnar myndu sennilega hafa eitthvað meira meðan þeir væru fáir, en það fjarar síðan út. En augljós afleiðing yrði líklega sú að um þriðjungur býla sem nú eru í rekstri myndu hætta í rekstri á einhverjum árum.

Vinnusparnaður vegna þess að það þyrfti færri kýr er sennilega einhver, en stór hluti bænda er með mjaltaþjóna og mun þeim fara fjölgandi. Hjá þeim mun það breyta sáralitlu, því þeir þurfa ekki að mjólka. Ef af þessu óheillaspori yrði tala einhverjir um að vernda íslenska kynið á einhverjum stað, það finnst mér vera lýðskrum því þá yrði hún ekki framleiðslugripur lengur og engin rækt yrði lögð í ræktun hennar. Hún hyrfi við það af sjónarsviðinu og það má ekki gerast.



„Vondir samningar við ríkisvaldið eru ekki kúnni að kenna," segir Jökull eðal annas í grein sinni. Mynd / Odd Stefán

Ég gef lítið fyrir samkeppnisrök sem miða við bændur og þeirra aðstæður í öðrum löndum. Því þetta yrði svo agnarlítið brot af aðstöðumuninum sem við ráðum lítið sem ekkert við nema með virkum verndartollum hvort sem er.

Það hefur svo sem verið stefna stjórnvalda síðustu sjö til tíu árin, að svelta út úr greininni litlum og jafnvel meðalstórum búum til að rýmka fyrir stórbúum (verksmiðjubúum). Og til að fyrirbyggja misskilning að þá er ég ekki að tala um bú með fimm kýr eða svo þegar talað er um lítil bú. Það var t.d. geirneglt í búvörusamningunum 2016 að minni bú gætu örugglega ekki endurnýjað sig, hvorki til nýliðunar né bætt húsakost sinn o.fl. Þau munu því augljóslega fjara út með núverandi ábúendum og þar með fækkar fólki í þeim byggðarlögum. Þessi samningur var samþykktur af bændum, því miður, því þetta er eyðibýlasamningur og svoleiðis samning er ætlað að búa til eyðibýli. Vondir samningar við ríkisvaldið eru ekki kúnni að kenna. Og að einhverjir vilji svo klóra yfir skítinn sinn með því að flytja bara inn nýtt kúakyn til að redda málunum finnst mér ekki í lagi. Við eigum eftir að búa við þessa samninga í talsverðan tíma í viðbót, en vonum að nýr ráðherra landbúnaðar komi öllum á óvart og geri nú góða hluti fyrir bændur og þá um leið einnig fyrir neytendur. Snúi þá af þeirri ruglstefnu sem verið hefur við lýði varðandi afkomumöguleika bænda.

Ég læt hér fylgja tvö vísukorn sem urðu til í síðasta stríði fyrir tilvist okkar ágæta íslenska kúastofns sem verið hefur einn okkar helsti bjargvættur um aldir.

Það má í raun kalla þetta óð um íslensku kúna.

*Íslenska kýrin, skrautleg og skær*
*skemmtileg framar vonum.*
*Afurðametin til framtíðar slær*
*bænda, dætra og sonum.*

*Rangt mér þykir og dapurlegt núna*
*og raunalegt reyndar líka.*
*Að níða niður íslensku kúna*
*af þeim sem hún gerði ríka.*

Góðar stundir.

*Höfundur er bóndi að Ósabakka 1.*






Á Hofi í Öræfum er að myndast þéttbýli sveitarinnar, en þar er grunn- og leikskóli sveitarinnar. Á nýlega skipulögðu svæði norðan við grunnskólann hefur byggst upp myndarleg byggð á síðustu fimm árum, nú standa þar sjö íbúðarhús. Í Öræfum eru sex byggðarkjarnar og í þeim öllum hafa nokkur íbúðarhús verið byggð á síðustu árum. Myndir / Aðsendar

# Sveit í sókn, 150% fjölgun á 15 árum

**Í Öræfum blómstrar fjölbreytt samfélag í sveit sem löngum var ein einangraðasta sveit landsins, umlukin jöklum, beljandi jökulfljótum og Atlantshafinu.**



Íris Ragnarsdóttir Pedersen.

Í dag búa hér um 230 manns sem starfa t.d. við ferðaþjónustu, landbúnað, náttúruvernd og eigin rekstur. Einnig sækja hingað þúsundir ferðamanna dag hvern enda trekkja staðir eins og Skaftafell og Jökulsárlón fólk að allan ársins hring. Um Öræfin er að jafnaði meiri umferð heldur en fram hjá Bifröst í Borgarfirði, öll umferð norður í land og á Vestfirði.

Síðasta opinbera bygging í Öræfum var byggð fyrir hartnær 40 árum, árið 1986, en þá byggði þáverandi Hofshreppur Hofgarð, nýtt skólahúsnæði og félagsheimili sveitarinnar. Hofgarður var að miklu leyti byggður af íbúum hreppsins í sjálfboðavinnu og á sú kynslóð hrós skilið fyrir framtakið og seigluna. Hofshreppur sameinaðist nærliggjandi sveitarfélögum árið 1998 og tilheyrir nú Sveitarfélaginu Hornafirði. Á þessum tíma var starfrækt kaupfélag, pósthús, heilsugæslusel og sundlaug í Öræfum en þetta er allt þjónusta sem hefur verið lögð niður. Þéttbýlið á Höfn er í austasta hluta sveitarfélagsins, en þangað eru um 130 km frá Skaftafelli. Frá því að Hofshreppur sameinaðist Sveitarfélaginu Hornafirði hefur engin opinber bygging verið byggð í Öræfum af sveitarfélaginu.

Það má benda á að íbúafjöldi í Öræfum hefur margfaldast á síðasta áratug, en árið 2010 voru íbúar hér tæplega 90 en í dag telja þeir 235. Víða um landið eru byggðarlög með 200–300 íbúum með gott þjónustustig s.s. Laugarvatn, Bíldudalur, Tálknafjörður, Búðardalur og Hólmavík. Á öllum þessum stöðum er hægt að komast í sund eða heitan pott, stunda íþróttir í íþróttahúsi, fá sendan pakka í póstbox, komast til læknis á innan við 30 mín., kaupa í matinn og leigja íbúð. En íbúar Öræfa fara á mis við öll þessi almennu lífsgæði. Er það einungis vegna þess að sveitin er dreifbýli en ekki byggðarkjarni? Eða hefur sveitarfélagið gleymt að sinna íbúum Öræfa? Hefur sveitarfélagið gleymt að sinna tæplega 15% íbúa sinna?

Í Öræfum þurfa íbúar að sækja alla heilbrigðisþjónustu til Hafnar eða Kirkjubæjarklausturs (70 km) og þaðan koma einnig sjúkrabílar ef slys verða. Íbúar og ferðamenn í Öræfum geta því „státað" af því að þurfa að bíða lengst af öllum á landinu eftir sjúkrabíl á láglendi, þegar slys verða. Björgunarsveitin Kári í Öræfum neyðist til að sinna alvarlegum slysum vegna mikilla vegalengda í næstu heilsugæslu og lögreglu.



Fjör á Kaffi Vatnajökli á Fagurhólsmýri. Kaffihúsið er opið allan ársins hring og nýtur mikilla vinsælda meðal heimamanna og ferðafólks. Þar eru haldin tónlistarkvöld þar sem vanir og óvanir listamenn troða upp og syngja og spila fyrir mannskapinn.

Í Öræfum er einn fámennasti grunnskóli landsins en nálægðin við náttúruna skapar skólanum mikla sérstöðu og mikil tækifæri eru í skólastarfinu. Ráðamenn í Sveitarfélaginu Hornafirði undra sig á því að í Öræfum fæðist ekki fleiri börn og af hverju nemendum í skólanum fjölgi ekki hraðar. En þá spyr maður sig hvort sveitarstjórnarfólk hafi ekki leitt hugann að því að með bættri þjónustu við íbúa gæti verið að fleirum gæti þótt það fýsilegur kostur að ala upp börnin sín í Öræfum? Það telst til almennra mannréttinda að geta sótt heilbrigðisþjónustu í heimabyggð og að sjúkrabíll sé til staðar ef slys verða. Eins er íþróttastarf mikilvægt fyrir lýðheilsu íbúa og til að styrkja félagsleg tengsl en þetta er meðal þess sem fólk horfir til þegar það ákveður hvar á landinu það vill ala upp börnin sín.

Samfélagið í Öræfum er einstakt og sveitin hlýtur að teljast til þeirra sveita á Íslandi þar sem mesta fjölgun hefur farið fram á síðasta áratug. Hér vill fólk búa, en það vantar upp á betri þjónustu og flest allt sem telst vera eðlilegt að bjóða íbúum upp á. Hér bráðvantar leiguhúsnæði og því verða leigufélög á borð við Bríeti að byggja hér upp íbúðir til leigu. Sveitarfélagið byggði fjögurra íbúða raðhús í byggðarkjarna á Hofi sem var nauðsynlegt til að bjóða starfsfólki sveitarfélagsins húsnæði, en þar endurspeglar leiguverð ekki þjónustustigið sem íbúum er boðið upp á. Í Öræfum sárvantar mannaðan sjúkrabíl og heilbrigðisþjónustu sem hlýtur að teljast til almennra mannréttinda allra á Íslandi. Enginn á að þurfa að bíða í klukkustund eftir sérhæfðri aðstoð. Og að lokum vantar hér aðstöðu til íþróttaiðkunar innan dyra. Í Öræfum er náttúran hinn besti leikvöllur til íþróttaiðkunar utandyra en engin aðstaða er til íþróttaiðkunar innandyra og verður það að teljast mikilvægt fyrir alla aldurshópa.

*Höfundur er fjallaleiðsögumaður, búsett í Svínafelli í Öræfum.*

# Hugleiðingar um innflutning á nýju kúakyni

**Nú hefur umræðan um innflutning á nýju kúakyni verið hávær upp á síðkastið eða allt frá því að skýrsla Landbúnaðarháskólans kom út um hagkvæmni þess að flytja hingað til lands nýtt kúakyn.**


Sara María Davíðsdóttir.

Fyrst eftir að skýrslan kom út ákvað ég að horfa á þetta með mjög opnum hug og íhugaði það lengi hvort þetta væri mögulega lausn fyrir okkur bændur að fara í. Þetta kemur eflaust mörgum bekkjarsystkinum mínum úr Landbúnaðarháskólanum á óvart en jú, þetta gerði ég.

Ég skil vel og finn sjálf sem bóndi að einhvern veginn þarf að brúa bilið í rekstri íslenskra kúabúa þannig að bændur geti greitt sjálfum sér ásættanleg laun, ráðið inn starfsfólk til að minnka vinnuálag, geti viðhaldið búum sínum og tækjakosti og þar fram eftir götunum. Það þarf að finna lausn á því með einhverjum hætti. Hins vegar eftir vandlega íhugun finnst mér þeir bændur sem kalla eftir innflutningi á þessum tímapunkti vera að falla ofan í brunn töfralausnanna.

Ef við hugsum þetta aðeins betur. Jú, vissulega myndu flest erlend kyn, skv. skýrslu Landbúnaðarháskólans, gefa okkur fleiri lítra af mjólk þannig að hagræðing ætti að geta átt sér stað innan hvers bús. Hvað myndi svo gerast? Það eru ekki mörg fjósin í landinu sem uppfylla reglugerðir fyrir erlend kúakyn og ég þori að leyfa mér að efast um að bændur myndu fara í að fækka kúnum sínum og halda sömu framleiðslu. Allir sem mögulega gætu myndu fara í að byggja fyrir jafnmargar og jafnvel fleiri kýr en menn voru með fyrir af þeim íslensku. Þetta kallar á að framleiðslan í landinu myndi stóraukast, kvótinn yrði marklaus, eða allt flæðandi í umframmjólk, og hér yrði umframframleiðsla sem myndi leiða til lækkunar mjólkurverðs til bænda. Það gefur því auga leið að sú hagkvæmni sem átti að verða við að flytja inn nýja kynið yrði að engu. Bæði þyrfti að fara í gríðarlegan kostnað til að byggja yfir stóru kýrnar en einnig myndi verð á mjólkurlítranum lækka þannig að bændur fengju minna fyrir mjólkina þó svo að hún yrði meiri í lítrum talið. Ég er því voðalega hrædd um að við myndum með þessu útrýma okkur sjálfum.

Þeir sem ekki gætu verið stærstir myndu ekki lifa þetta af og framleiðslan myndi þjappast saman á nokkra staði á landinu í örfá risastór bú. Ég velti fyrir mér hvort að þetta sé það sem við viljum? Hvað með byggðastefnuna? Hvað með að reyna að framleiða landbúnaðarafurðir í sem flestum landshlutum? Hver okkar ætla að víkja til að aðrir geti blómstrað?

Annað sem ég velti fyrir mér er hvort þeir bændur sem þrýsta nú á innflutning hafi hugsað út í það hvernig á að halda íslenska kyninu við? Íslenska ríkið hefur skuldbundið sig til að vernda íslenska kúakynið. Hvernig hafa bændur sem vilja innflutning á nýju kyni hugsað sér að gera það? Ætla menn að hafa nokkrar skepnur hér og þar sem gæludýr eða á að reyna að halda í kynið sem ræktunarkyn? Kynið er nú þegar það lítið að ég þori að leyfa mér að efast um að hægt væri að halda áfram ræktun á kyninu ef kúnum myndi fækka.

Á seinustu árum hafa miklir fjármunir farið í arfgerðargreiningaverkefnið sem á að vera stökkpallur fyrir ræktunarstarfið og nú seinast verkefnið með kyngreint sæði sem er á algjörum núllpunkti. Ég velti fyrir mér af hverju við ætlum ekki að gefa þessum verkefnum tækifæri. Við vitum öll að til að sjá þann árangur sem við viljum af báðum þessum verkefnum þurfum við að sýna þolinmæði og gefa þessu mun lengri tíma. Ætla bændur nú bara að henda því frá sér sem er búið að kosta greinina gríðarlegar upphæðir og stökkva í næsta verkefni án þess að gefa þessu einu sinni séns? Ég verð að viðurkenna að sú hugsun fyllir mig vonbrigðum.

Hvað ætlum við svo að gera þegar við eru hálfnuð í þeirri vegferð að flytja hér inn nýtt kyn og áttum okkur á að þetta hafi verið mistök? Gætum við snúið við? Ég held að það yrði ógjörningur.

Við þurfum því að hugsa þetta afskaplega vel og ná að svara öllum þeim mögulegu spurningum sem við bændur höfum áður en þrýst er meira á þetta verkefni. Við getum ekki látið draumóra og töfralausnir stjórna framtíð íslenskrar mjólkurframleiðslu.

Við bændur þurfum að standa saman og einbeita okkur að málum sem er samstaða um í greininni. Það hefur sjaldan verið jafnmikil þörf á því og nú.

*Höfundur er bóndi á Torfum í Eyjafjarðarsveit.*


MARKAÐSSJÓÐUR SAUÐFJÁRAFURÐA

Íslenskt lambakjöt auglýsir eftir umsóknum í sjóðinn vegna 2025.

Styrkhæf eru matarverkefni sem stuðla að aukinni verðmætasköpun íslenskra sauðfjárafurða. Nýsköpun, vöruþróun, kynningar-og markaðsstarf er styrkt.

**Umsóknarfrestur til og með 16. mars n.k.**
Umsóknareyðublöð og reglur sjóðsins fást hjá framkvæmdastjóra á haflidi@icelandiclamb.is



Vatnshitarar fyrir sumarhús



Ýmsar gerðir af vatnshiturum sem hita vatnið um leið og skrúfað er frá vatninu, spenna 230v til 400v afl 3200w til 24000w. Engin hitakútur lengur.
Verð frá kr. 27.200.- til 262.000.-
Gólf / ofna hitakerfi frá kr. 240.000.-

Varmás
Markholt 2
Mosfellsbæ
sími 566 8144

LANDSTÓLPINN
Samfélagsviðurkenning Byggðastofnunar

Landstólpinn er viðurkenning sem Byggðastofnun veitir árlega á ársfundi sínum. Um er að ræða hvatningarverðlaun til einstaklinga, fyrirtækja, hópa eða verkefna sem vakið hafa athygli á byggðamálum, styrkt samfélög í landsbyggðunum eða stuðlað að framgangi málefna landsbyggðanna, ýmist í heild eða innan tiltekins byggðarlags, s.s. innan nýsköpunar, byggðaþróunar, atvinnuþróunar, sjálfbærni eða menningar.

Hér með er lýst eftir tilnefningum um handhafa Landstólpans 2025. Dómnefnd velur úr þeim tillögum sem berast. Nauðsynlegt er að rökstuðningur fylgi tilnefningunni. Hafa má í huga hvort viðkomandi einstaklingur, hópur, fyrirtæki eða verkefni hafi:

- Stuðlað að jákvæðri og sterkri ímynd landsbyggðanna eða tiltekins svæðis
- Vakið athygli og aukið umfjöllun um ákveðið svæði eða málefni innan landsbyggðanna
- Styrkt nærumhverfið, ýmist með aukinni samstöðu íbúa, atvinnutækifærum, aukinni afþreyingu, menningu, þjónustu, verðmætasköpun eða tækifærum af öðru tagi
- Aukið virkni íbúa og fengið þá til beinnar þátttöku í verkefninu
- Stuðlað að jákvæðum áhrifum efnahags-, samfélags- og/eða umhverfislegra þátta

Viðurkenningunni fylgir listmunur hannaður af íslenskum listamanni **auk verðlaunafjár að upphæð kr. 1.000.000.-**

Tilnefningum skal skilað á netfangið: landstolpinn@byggdastofnun.is.
Nánari upplýsingar veita Helga Harðardóttir
eða Andri Þór Árnason, s. 455-5400.

BYGGÐASTOFNUN

**Frestur til að skila inn tilnefningum rennur út föstudaginn 28. febrúar 2025**

SÚLUR STÁLGRINDARHÚS

ALLT FRÁ FYRSTU HUGMYND AÐ FULLBÚNU HÚSI



Súlur stálgrindarhús fyrir atvinnu-, iðnaðar- og íbúðarverkefni

- Hönnun og ráðgjöf
- Framleiðsla
- Uppsetning
- Verkefna- / byggingastjórn

kristjan@sulurehf.is www.sulurehf.is 669 0803



Árni Jökull Gunnarsson og Hafþór Önundarson í hlutverkum sínum sem breskir hermenn. Mynd / Níels Ómarsson



Það er ærinn starfi sem á sér stað á bak við tjöldin og allt þarf að vera vel skipulagt svo vel fari. Mynd / Ólafur Jens



Mynd / Ólafur Jens



Ljósin þurfa að vera í lagi en hér eru þeir Eyþór Alexander Hallsson og Hafþór að rigga þeim upp. Mynd / Ólafur Jens



Parið Bára og Sæli í höndum Járnbrár Karítasar Guðmundsdóttur og Jóhannesar Más Péturssonar. Í bakgrunninum glittir svo í Tony – Stefán Boga Aðalsteinsson. Mynd / Bubbi

## Freyvangsleikhúsið:

# Galdrarnir gerast á hverri æfingu

**Sextíu manns koma að uppsetningu söngleiksins vinsæla Lands míns föður sem sýndur verður í Freyvangsleikhúsinu, innan skamms, en fjörutíu ár eru síðan verkið var fyrst sett upp.**

Freyvangsmenn eru ekki þekktir fyrir annað en að láta vel til sín taka á sviðinu enda er hér um þróttmikinn söngleik að ræða sem fjallar um stríðsárin í Reykjavík og hvaða áhrif hernámið hafði á íslensku þjóðina, bæði sem einstaklinga og þjóðlífið í heild.

Verkið og textar söngva eru eftir Kjartan Ragnarsson í leikstjórn Ólafs Jens Sigurðssonar, tónlist samdi Atli Heimir Sveinsson og er tónlistin í höndum fagmanna undir stjórn Stefáns Boga Aðalsteinssonar.

***Draumur að vera með dáta***

Land míns föður fjallar um unga parið Sæla og Báru sem er að hefja



Ólafur Jens Sigurðsson.



Jóhanna S. Ingólfsdóttir.

búskap akkúrat í upphafi stríðsins og ákveður Sæli að fara á sjóinn í stað þess að vinna fyrir herinn eins og margir velja. Bára situr heima ásamt móður sinni, henni Þuríði, og þær mæðgur opna þvottahús með það fyrir augum að þjónusta hermennina. Þvottahúsið er vinsælt eins og nærri má geta og streymi ungra myndarlegra manna lítur þar inn daglega. Kynni takast með Báru og Tony, breskum liðsforingja, og í fjarveru Sæla fella þau hugi saman. Samband þeirra ber ávöxt, en svo fer að Tony er sendur í stríð og lætur lífið, Sæli kemur heim af sjónum og þarf að taka afdrifaríka ákvörðun.

Formaður leikfélagsins, Jóhanna Sigurbjörg Ingólfsdóttir, segir mikið líf og fjör á sviðinu enda 25 manns í u.þ.b. 40 hlutverkum auk fimm manna hljómsveitar sem deilir með þeim sviðinu.

„Ætli við séum ekki í kringum sextíu manns alls, enda heilmargir sem koma að leikritinu þótt þeir séu ekki endilega að leika. Þetta er mjög stórt leikrit enda þriðjungur leikaranna sem leika fleiri en einn karakter," segir Jóhanna. „Þetta er mjög skemmtilegt verk sem inniheldur allt sem góð saga þarf að bera með sér, ástir og átök, sorg og sigra. Sagan gerist einnig á tímum hernámsins hér á landi sem gefur verkinu sagnfræðilegt gildi – og þó sagan sem slík sé skáldskapur þá er þetta samt saga fólks þessa tíma og eflaust margir sem tengja við hana á einn hátt eða annan." Jóhanna segir búninga frá stríðsárunum hafa verið örlítið föndur, a.m.k. hermannanna. „Það er gaman að segja frá því að Glímufélag Íslands lánar okkur glímubúninga frá 1940, eitt aðalhlutverkanna, hann Sæli, er Íslandsmeistari í glímu sem var vinsæl á þessum tíma.

Þetta hefur annars gengið glimrandi vel og leikstjóranum tókst meira að segja að plata mig til þess að taka að mér hlutverk Þuríðar þó nokkuð sé um liðið að ég hafi stigið á svið," segir Jóhanna hlæjandi og segist þó njóta sín vel í hlutverkinu.

„Við áætlum að venju sextán sýningar, en eins og er eru komnar tíu í sölu, uppselt á frumsýninguna en svo sýnt allar helgar í mars til að byrja með og miðana má kaupa hjá tix.is. Það má svo kannski geta þess að í ár eru 80 ár síðan stríðinu lauk og reyndar 40 ár síðan Land míns föður var fyrst sett á svið, þá í Leikfélagi Reykjavíkur. Þannig þetta er heilmikið afmælisár!"

***Þar sem galdrarnir gerast***

„Freyvangsleikhúsið er eitt öflugasta leikfélag landsins og hefur á að skipa úrvals fólki á öllum póstum. Það er risaáskorun að takast á við verk eins og Land míns föður þar sem reynir á svo marga mismunandi þætti. Mjög krefjandi fyrir hvern einasta aðila sem kemur að sýningunni," segir leikstjórinn, Ólafur Jens Sigurðsson.

„Í stuttu máli sagt hefur allur þessi flotti hópur staðið sig frábærlega í þessari vinnu. Við erum á hárréttum stað í ferlinu núna miðað við tímann sem er til stefnu. Galdrarnir gerast á hverri æfingu og við njótum hverrar mínútu í vinnunni," segir Ólafur. /sp





**Hótel Hallormsstað 26. og 27. mars.**

Að ráðstefnunni standa Land og skógur, Landbúnaðarháskóli Íslands, Skógræktarfélag Íslands, Skógfræðingafélag Íslands og Bændasamtökin.

26. MARS – FRÁ PLÖNTU TIL PLANKA

- Staða skógarauðlindar og timburvinnslu, gæðaviðmið, skógræktarstaðlar, jarðvinnsla og jarðvegskolefni, úrvinnslumál, síþekjuskógrækt og valhögg. Pallborðsumræður.
- Skoðunarferð í Skógarafurðir Fljótsdal og starfseminni þar kynnst.

27. MARS

- Fjölbreytt erindi um skógfræðileg og skógtæknileg efni – veggspjöld.

Nánari upplýsingar og skráning á vef Lands og skógar, **landogskogur.is**

Landbúnaðarháskóli Íslands
Land og skógur
Skógfræðingafélag Íslands


# Auðgandi landbúnaður til umræðu á málþingi

**Málþing um auðgandi landbúnað (*e. regenerative agriculture*) verður haldið 2. apríl á Hótel Hilton.**

Þar munu þrír bandarískir fyrirlesarar og í það minnsta tveir íslenskir tala um þessa nálgun í átt að bættum jarðvegi í ræktarlöndum bænda.

Hulda Brynjólfsdóttir, bóndi í Lækjartúni í Ásahreppi og eigandi spunaverksmiðjunnar Uppspuna, er í hópi hvatamanna málþingsins og mun flytja erindi um sína reynslu af aðferðinni sem hefur verið stunduð í Lækjartúni frá 2019. Hún segir að forsögu málþingsins megi rekja til fundar nokkurra bænda snemma á síðasta ári.

„Þá komum við saman, Haraldur Guðjónsson og Þórunn Ólafsdóttir frá Dalahvítlauk, við Tyrfingur Sveinsson, Lækjartúni og þau Ævar Austfjörð og Ása Tryggvadóttir frá Litla búgarðinum. Við ræddum möguleikann á því að halda málþing og við vorum öll mjög áhugasöm um það. Því næst funduðum við með rektor Landbúnaðarháskóla Íslands og fulltrúum þaðan til að ræða hvernig mætti koma þessu til veruleika." Höfðu þau þá þegar nokkur nöfn þekktra aðila frá Bandaríkjunum sem gætu verið áhugasamir um að koma til Íslands og segja frá hvernig þessi aðferð virkar í þeirra landi.

„Hugmyndin er að ná til bænda og annarra sem rækta mat, hvort sem er kjöt eða grænmeti, á stórum skala eða bara í garðinum við húsið sitt. Ná til neytenda og hvetja þá til að taka upplýsta ákvörðun um hvernig mat þeir leggja sér til munns og vekja almenning til umhugsunar um ábyrga meðferð jarðvegs og meðhöndlun efna, svo sem áburðar, eiturefna og svo framvegis í ræktun matvæla," heldur Hulda áfram.

„Ákveðið var að leita til bandaríska sendiráðsins um stuðning til að koma fyrirlesurunum til landsins og var það gert með mjög jákvæðum árangri. Fullur styrkur var veittur til að fá fyrirlesara og þökkum við sendiráðinu kærlega fyrir stuðninginn. Þrír aðilar eru á leiðinni til landsins og munu dvelja hér í einhverja fleiri daga en einungis málþingsdaginn. Farið verður með þá í skoðunarferðir og heimsóknir til bænda," segir Hulda.

Ekki liggja fyrir drög að dagskrá en að sögn Huldu verður hún fljótlega kynnt. /smh



Mikið stuð er á æfingum Rokkkórsins í Húnaþingi vestra sem æfir nú fyrir tilvonandi tónleika. Mynd / Eydís Ósk

## Húnaþing vestra:

# Rokkað og rólað

**Rokkkór Húnaþings vestra er félagsskapur á þriðja tug íbúa Húnaþings undir stjórn Ingibjargar Jónsdóttur frá Syðsta-Ósi í Miðfirði og þar láta kórfélagar svo sannarlega í sér heyra.**

Ingibjörg hefur verið viðloðin tónlist frá unga aldri og hafði stýrt nokkrum fjölda tónlistarverkefna þegar hún var beðin um að stýra kór sem væri á þeirri línu að syngja popp og rokk fremur en annað

„Mér fannst þetta strax jákvæð og skemmtileg hugmynd, sérstaklega þar sem um popp- og rokklög væri að ræða, en var þó pínu óörugg þar sem ég hafði aldrei stjórnað kór nema aðstoðað við það í verkefnum leikflokksins á svæðinu,“ segir Ingibjörg, sem hefur aldeilis ekki séð eftir þessari ákvörðun.

Ingimar Sigurðsson, bassi og einn þriggja kórstjórnenda auk Ingibjargar, tekur undir og segir frá því að upphaflega hafi kórinn hafið feril sinn á versta tíma mögulegum. „Þetta var rétt fyrir Covid, þannig að það var nú ekki fyrr en í ársbyrjun 2022 sem farið var að æfa reglulega og fyrstu tónleikarnir þá um haustið. Héldum síðan til Reykjavíkur í janúar árið eftir og vorum með tónleika í Iðnó sem voru mjög vel sóttir. Sjálfur hóf ég feril minn í rokkkórnum um vorið, hafði áður verið í karlakórnum sem fjaraði reyndar undan í Covid. Þetta er mikið stuð og kórinn er í dag í kringum 26 manns,“ segir Ingimar.

Hljómsveit spilar undir kórsönginn og segir Ingimar meðlimi hennar allt frá lækninum á Hvammstanga til bróður Ingibjargar kórstjóra.

Kórinn heldur þrenna tónleika nú í mars sem hefjast í Lindakirkju Kópavogs þann 22. mars, svo í félagsheimilinu Miðgarði í Skagafirði 27. mars og lýkur á heimaslóðum kórsins, í félagsheimili Hvammstanga, þann



Ingimar Sigurðsson.



Ingibjörg Jónsdóttir.

29. mars. Má ætla að mikið stuð verði á tónleikunum sem hefjast allir kl. 21.00, en dagskráin inniheldur tónlist sem spannar yfir 50 ára tímabil. Miðaverð er 5.000 krónur fyrir þá sem sjá fyrir sér að mæta. Ingimar segir kórinn einnig vera á leið vestur í Dali, en þau voru beðin um að syngja á Jörfagleðinni einhvern tíma í lok apríl. „Við hittumst annars einu sinni í viku á æfingum sem fara fram í Ásbyrgi á Laugarbakka fram að júlí þegar við förum í sumarfrí, enda margir að heyja,“ segir Ingimar, sem sjálfur er sauðfjárbóndi á Kjörseyri í Hrútafirði. Aldursbil hópsins er um sextíu ár og um afar fjölbreyttan hóp að ræða, kennarar, fjármálastjóri, rafvirkjar og heilir ellefu bændur auk tveggja sem eru með hesta sem aukabúgrein.

„Fiftí-fiftí skipting svo á milli þeirra sem búa á Hvammstanga og þeirra sem eru úti í sveitum, 150 km keyrsla fram og til baka fyrir þá sem koma lengst að,“ segir Ingimar. Hann er sjálfur alæta á tónlist og nýtur þess að syngja þau fjölbreyttu lög sem kórinn hefur verið að æfa. „Við höfum verið að taka sjö laga Bubba-syrpu, gömul og góð lög, svo rokkballöður, Abba, Tailor Swift, Skálmöld og bara hvað sem er í rauninni,“ lýkur hann máli sínu og mælir eindregið með því að fólk drífi sig í kór, enda öllum hollt að syngja af hjartans lyst.

*/sp*


















Hannyrðir:

# Litrík snjókorn

**Prjónuð peysa úr 1 þræði DROPS Fabel og 1 þræði DROPS Brushed Alpaca Silk. Stykkið er prjónað neðan frá og upp í sléttprjóni með ísettum ermum.**

**Stærðir:** XS (S) M (L) XL (XXL)

- Yfirvídd: 96 (106) 112 (120) 130 (142) cm.

**Garn:** DROPS FABEL fæst í Handverkskúnst.

- 250 (250) 250 (300) 350 (350= gr litur á mynd nr 924, konfetti terta

Og notið: DROPS BRUSHED ALPACA SILK fæst í Handverkskúnst.

- 175 (175) 200 (225) 225 (250) gr litur á mynd nr 01, natur.

**Prjónar:** Hringprjónar 40 og 80 cm nr 5 og 80 cm nr 3,5mm. Sokkaprjónar nr 3,5 og 5.

**Prjónfesta:** 16 lykkjur x 21 umferðir með 1 þræði í hvorri tegund með prjóna nr 5 = 10x10 cm.

**LEIÐBEININGAR ÚRTAKA (á við um ermi):** Prjónið þar til 3 lykkjur eru eftir á undan merkiþræði, prjónið 2 lykkjur slétt saman, 2 lykkjur slétt (merkiþráðurinn situr á milli þessa 2 lykkja), lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi slétt, prjónið 1 lykkju slétt, steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð (= 2 lykkjur færri).

**PEYSA - STUTT ÚTSKÝRING Á STYKKI:** Í uppskriftinni er notast við mismunandi lengdir á prjónum, byrjið á þeirri lengd sem passar lykkjufjölda og skiptið um ef þarf. Stykkið er prjónað í hring, neðan frá og upp að handvegi. Síðan skiptist stykkið fyrir framstykki og bakstykki og hvort stykki er prjónað til loka hvort fyrir sig. Lykkjur eru prjónaðar upp fyrir ermar í kringum handveg. Ermar eru fyrst prjónaðar fram og til baka, síðan í hring. Í lokin eru lykkjur prjónaðar upp í kringum hálsmál og kantur í hálsmáli er prjónaður í hring.

Ef það stendur 0 í valinni stærð, þá þýðir það að hoppað er yfir leiðbeiningar fram að næstu leiðbeiningum.




**FRAM- OG BAKSTYKKI:** Fitjið upp 182 (202) 214 (228) 246 (270) lykkjur á hringprjón nr 3,5 með 1 þræði DROPS Fabel og 1 þræði DROPS Brushed Alpaca Silk. Prjónið stroff hringinn (= 1 lykkja slétt, 1 lykkja brugðið) þar til stykkið mælist 4 (4) 5 (5) 6 (6) cm.

Skiptið yfir á hringprjón nr 5 og prjónið sléttprjón jafnframt því sem í fyrstu umferð er fækkað um 28 (32) 34 (36) 38 (42) lykkjur jafnt yfir = 154 (170) 180 (192) 208 (228) lykkjur.

Setjið 1 merkiþráð í byrjun umferðar og 1 merkiþráð eftir 77 (85) 90 (96) 104 (114) lykkjur = í hlið á stykki. Munið eftir að fylgja uppgefinni prjónfestu. Prjónið þar til stykkið mælist 33 (34) 35 (36) 37 (38) cm, nú skiptist stykkið við handveg eins og útskýrt er að neðan.

**SKIPTING FYRIR HANDVEG:** Fellið af fyrstu 2 (5) 5 (6) 9 (12) lykkjur í umferð fyrir handveg, prjónið 73 (75) 80 (84) 85 (90) lykkjur (= framstykki), fellið af næstu 4 (10) 10 (12) 18 (24) lykkjur fyrir handveg, prjónið 73 (75) 80 (84) 85 (90) lykkjur (= bakstykki) og fellið af síðustu 2 (5) 5 (6) 9 (12) lykkjur fyrir handveg. Klippið þráðinn. Nú er framstykkið og bakstykkið prjónað til loka hvort fyrir sig.

**FRAMSTYKKI:** = 73 (75) 80 (84) 85 (90) lykkjur. Fyrsta umferð er prjónuð frá röngu. Prjónið fram og til baka í sléttprjóni. Þegar stykkið mælist 47 (48) 50 (51) 52 (53) cm setjið miðju 17 (17) 18 (18) 18 (20) lykkjur á þráð fyrir hálsmáli og hvor öxl er prjónuð til loka fyrir sig.

**ÖXL (framstykki):** Nú er fellt af fyrir hálsmáli í annarri hverri umferð þannig: Fellið af 2 lykkjur 1 sinni, síðan er felld af 1 lykkja 2 (2) 2 (3) 3 (3) sinnum = 24 (25) 27 (28) 29 (30) lykkjur eftir á hvorri öxl. Fellið af þegar stykkið mælist 52 (54) 56 (58) 60 (62) cm.

**BAKSTYKKI:** = 73 (75) 80 (84) 85 (90) lykkjur. Fyrsta umferð er prjónuð frá röngu. Prjónið fram og til baka í sléttprjóni. Þegar stykkið mælist 50 (52) 54 (56) 58 (60) cm fellið af miðju 21 (21) 22 (24) 24 (26) lykkjur fyrir hálsmáli og hvor öxl er prjónuð til loka fyrir sig.

**ÖXL (bakstykki):** Í næstu umferð frá hálsmáli eru felldar af 2 lykkjur = 24 (25) 27 (28) 29 (30) lykkjur eftir á hvorri öxl. Fellið af þegar stykkið mælist 52 (54) 56 (58) 60 (62) cm.

**FRÁGANGUR:** Saumið axlasauma.

**ERMAR:** Ermin er prjónuð frá handveg og niður á við á hringprjón nr 5 með 1 þræði í hvorri tegund (= 2 þræðir). Frá réttu eru prjónaðar upp 60 (64) 68 (70) 74 (76) lykkjur meðfram handveg – byrjið frá botni á handveg. Setjið 1 merki fyrir miðju í umferð = fyrir miðju ofan á öxl – ermin er nú mæld frá þessu merki. Prjónið sléttprjón fram og til baka þar til ermin mælist 1 (3) 3 (4) 6 (8) cm, þetta mál jafngildir nú dýpt á handvegi á fram- og bakstykki. Nú er prjónað í sléttprjóni hringinn JAFNFRAMT sem sett er 1 merkiþráður í byrjun umferðar (= fyrir miðju undir ermi – hér byrjar umferðin), látið merkiþráðinn fylgja áfram með í stykkinu, hann er notaður þegar fækka á lykkjum fyrir miðju undir ermi. Þegar ermin mælist 3 (5) 5 (6) 8 (10) cm frá merki ofan á öxl, fækkið lykkjum fyrir miðju undir ermi – lesið LEIÐBEININGAR ÚRTAKA og fækkið lykkjum þannig: Fækkið um 2 lykkjur í hverjum 4½ (4) 3½ (3½) 3 (2½) cm alls 9 (10) 11 (11) 12 (12) sinnum = 42 (44) 46 (48) 50 (52) lykkjur. Prjónið síðan þar til ermin mælist 43 (45) 43 (43) 42 (42) cm. Skiptið yfir á sokkaprjóna 3,5 og prjónið stroff (= 1 lykkja slétt, 1 lykkja brugðið) JAFNFRAMT sem aukið er út um 8 (8) 8 (10) 10 (10) lykkjur jafnt yfir í umferð 1 = 50 (52) 54 (58) 60 (62) lykkjur.

Þegar stroffið mælist 4 (4) 5 (5) 6 (6) cm fellið af aðeins laust með sléttum lykkjum yfir sléttar lykkjur og brugðnum lykkjum yfir brugðnar lykkjur. Ermin mælist 47 (49) 48 (48) 48 (48) cm frá öxl. Saumið opið undir ermi við botninn á handveg.

**HÁLSMÁL:** Notið hringprjón nr 3,5 og 1 þráði í hvorri tegund (= 2 þræðir). Byrjið frá réttu við annan axlasauminn og prjónið upp ca 70 til 90 lykkjur í kringum hálsmál (ásamt lykkjum af þræði) – lykkjufjöldinn verður að vera deilanlegur með 2. Prjónið stroff hringinn (= 1 lykkja slétt, 1 lykkja brugðið) þar til kantur í hálsmáli mælist ca 4 (4) 5 (5) 6 (6) cm. Fellið af aðeins laust með sléttum lykkjum yfir sléttar lykkjur og brugðnum lykkjum yfir brugðnar lykkjur.

*Prjónakveðja*
*stelpurnar í Handverkskúnst*
*www.garn.is*







Skráið smáauglýsingar
á www.bbl.is



Pétur G. Markan, bæjarstjóri Hveragerðisbæjar, sem afhenti Bryndísi Gunnlaugsdóttur og nýfæddri dóttur hennar og Hafsteins Valdimarssonar, Védísi, Vísnabókina í lok nýliðins árs en 34 börn og fjölskyldur þeirra fengu slíka gjöf frá Hveragerðisbæ árið 2024. Mynd / mhh



Fríða Marý Halldórsdóttir og Kristján Ársælsson á Hvammstanga, með börnin sín, dótturina Júlíu Jöklu og óskírðan son sem fæddist 14. janúar. Mynd / Aðsend

# Nýburagjafir vekja lukku

**Nokkur sveitarfélög halda uppi þeirri skemmtilegu hefð að gefa nýburum ársins í viðkomandi sveitarfélagi gjafir í tilefni af fæðingunni og kunna foreldrar og fjölskyldur barnanna vel að meta gjafirnar.**

Hveragerðisbær gefur til dæmis vísnabók, Dalvíkurbyggð gefur armband, Þingeyjarsveit gefur taubleyjupakka svo einhver sveitarfélög séu nefnd. Í Húnaþingi vestra færir sveitarstjórinn öllum nýburum sveitarfélagsins gjafapakka en árið 2024 reyndist þar metár í fæðingum þegar sautján nýir íbúar litu dagsins ljós.



Gjafapakkinn frá Húnaþingi vestra, sem Unnur Valborg Hilmarsdóttir sveitarstjóri sér um að færa börnunum og nýbökuðum foreldrum þeirra.

„Með gjöfunum viljum við leggja áherslu á að Húnaþing vestra er fjölskylduvænt samfélag og tekur vel á móti okkar nýjustu íbúum. Ég hef í langflestum tilfellum farið með pakkann heim til fólks og skrifa alltaf kort með.

Það er gaman að hitta nýbakaða foreldra, stundum koma pabbarnir til dyra og mamman og barnið eru sofandi en stundum eru litlu krílin vakandi og ég fæ að kíkja aðeins á þau,“ segir Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri Húnaþings vestra.

Fríða Marý Halldórsdóttir á Hvammstanga er ein þeirra sem nýlega fengu gjöf frá sveitarfélaginu. „Nýburagjöfin er frábært framtak til að styðja við nýbakaða foreldra á svæðinu. Gjöfin var mjög flott og innihélt meðal annars samfellu, lambhúshettu frá 66°Norður, slefsmekk, snuð, fræðslubók og ýmislegt fleira nýtilegt fyrir fyrstu vikurnar með ungann. Þetta er virkilega vel gert og til fyrirmyndar hjá sveitarfélaginu,“ segir Fríða Marý. Henni og manni hennar, Kristjáni Ársælssyni, fæddist drengur í byrjun janúar en fyrir eiga þau dótturina Júlíu Jöklu, sem er þriggja ára. /mhh

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

Rekstraraðilar óskast fyrir Kaffi Norðurfjörð.





Um er að ræða rekstur á veitingastað í Norðurfirði í Árneshreppi á Ströndum, sem þjónar ferðafólki, íbúum og sjómönnum sem stunda strandveiði frá maí til ágúst. Opnunartími kaffihússins er a.m.k. 3 mánuðir á sumri, júní, júlí og ágúst ár hvert, en æskilegt væri að byrja eitthvað fyrr, t.d. um miðjan maí.
Samningur er gerður til þriggja ára í senn.
Gott tækifæri fyrir tvo til fjóra (vini, pör) sem áhuga hafa á rekstri á fallegum stað og eru tilbúin í mikla vinnu.

**Umsóknarfrestur er til 1. mars n.k. og umsóknir sendist oddvita Árneshrepps á netfangið: oddviti@arneshreppur.is**

CAT rafmagnslyftarar fyrir hámarks afköst og öryggi



**Umhverfisvænir, hagkvæmir og endingargóðir rafmagnslyftarar**

Rafmagnslyftararnir frá CAT eru hljóðlátur og umhverfisvænn kostur sem henta fyrir alls kyns vörumeðhöndlun. Rafmagnslyftarar á borð við CAT EP16-20(C)N2 línuna sem er fullkominn kostur fyrir alls konar meðferð á farmi, allt frá því að lyfta vörum í og úr hillum í að flytja farm á mill svæða.

- Lyftigeta 1,6–2,0 tonn
- Lyftihæð allt að 7 metrar
- Innbyggð vigt
- Hliðarfærsla á göfflum
- Auka vökvalögn
- Strikfrí dekk

Hafðu samband við **Gunnar M. Arnþórsson**, sölustjóra, í **590 5135** eða **gma@klettur.is**, fyrir nánari upplýsingar.

KLETTUR

REYKJAVÍK — HAFNARFJÖRÐUR — AKUREYRI — 590 5100

Vélaskólinn
Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu



www.velaskolinn.is

Segðu **BLESS** við óværuna!




YKKAR pest control
ALLT TIL NAGDÝRAVARNA
-fæst í öllum betri landbúnaðar- og byggingavöruverslunum

Vélabásinn:

# Næstum eins og flugvél

## – Prufuakstur á Boeing 737 Max-8 flughermi



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

**Bændablaðið tók til prufu Boeing 737 Max-8 flughermi sem er notaður við þjálfun flugmanna. Þetta er einn af nokkrum sambærilegum flughermum sem CEA Icelandair Flight Training, dótturfyrirtæki Icelandair, á og rekur í Hafnarfirði.**

Að utan er tækið hvítt hylki á sex tjökkum og það eina sem bendir til þess að það hafi eitthvað með flugvél að gera er stórt Icelandair merki á hliðinni og tegundarheiti flugvélar ofan við innganginn. Flughermirinn stendur hátt uppi í stóru og opnu rými og er gengið um borð eftir manngangi.

Það fyrsta sem tekur við innan við dyrnar er opið rými þar sem leiðbeinandinn er með sæti og tölvur til að stjórna tækinu. Þar fyrir innan er flugstjórnarklefi sem er nákvæm eftirlíking af þeim sem eru í Boeing 737 Max-8 flugvélunum, með sömu tökkum, skjáum og innréttingum og í ekta flugvélum.

Þegar sest er í flugstjórnarsætið er ekkert sem gefur til kynna að þetta sé ekki ekta flugvél nema tölvuteiknuð mynd af umheiminum sem er varpað á skjá utan við framrúðurnar. Öll helstu kennileiti eru til staðar en upplausnin er ekki fullkomlega sannfærandi. Svo raunveruleg var upplifunin að þegar annar leiðbeinandinn tók flugvélina í smá listflug yfir hálendi Íslands leið undirrituðum eins og hann myndi kastast úr sætinu – sem gerðist auðvitað ekki.

Gögnin um það hvernig flugvélin hegðar sér koma frá Boeing og hreyfist hermirinn í allar áttir í samræmi við það sem flugvélin er að gera og framkallar öll viðeigandi hljóð. Flughermirinn er framleiddur af kanadísku fyrirtæki og á ekkert skylt við Microsoft Flight Simulator tölvuleiknum.



Fyrir utan tölvuteiknuðu myndina utan við framrúðurnar er fátt sem gefur upp að flughermirinn er ekki raunveruleg flugvél. Takkar og stjórntæki eru þau sömu og í ekta flugvélum. Hér er hermirinn í aðflugi til Akureyrar. Myndir / ál

### *Takkar frá gamalli tíð*

Til þess að auðvelda aðgengið að flugstjórasætinu er það á sleða sem fer ríflega aftur. Þegar flugmaðurinn hefur sest getur hann dregið sætið nær stýrinu, stillt hæð þess og dregið fótstigin fram eða aftur. Sætin eru ekki aðlaðandi á að líta en eru býsna þægileg.

Allt í kringum flugmennina, frá lofti niður í gólf, eru hnappar, slár, stangir, hjól og fleiri stjórntæki. Þar sem 737-línan af flugvélum frá Boeing hefur verið í notkun frá sjöunda áratugnum eiga flestir takkarnir rætur að rekja til þess tíma, en til þess að einfalda þjálfunarkröfur flugmanna er reynt að takmarka breytingar á starfsumhverfinu. Fyrir ókunnugum virðist öllu ægja saman, en uppsetning stjórntækjanna er mjög skipulögð.

Framan við flugmennina eru hins vegar stórir og nútímalegir skjáir. Ólíkt því sem er í bifreiðum nútímans þá eru þessir eingöngu til að veita upplýsingar og eru ekki snertiskjáir. Til hliðar hefur spjaldtölvum verið komið fyrir sem hafa að geyma handbók flugvélarinnar og upplýsingar um flugleiðina sem voru áður á pappírsformi.

### *Sundl í hægum akstri*

Ekki er nóg að snúa einum lykli þegar flugvélin er ræst, heldur þarf fyrst að kveikja á litlum þotumótor í stélinu sem sér um að framleiða straum fyrir önnur kerfi og framkalla loftþrýsting til að snúa þotuhreyflunum í gang. Eftir það er hægt að drepa á stélmótornum.

Þegar ekið er af stað er það fyrsta sem óvanir finna talsvert sundl þar sem upplifunin af hreyfingu flugvélarinnar er ótrúlega raunveruleg en það vantar herslumuninn til þess að jafnvægisskynið og augun upplifi það sama. Um leið og rólegum akstri er lokið og byrjað er að fljúga hverfur þessi tilfinning.

Í rólegum akstri á jörðu niðri, sem er kallað að taxera í bransanum, notar flugmaðurinn lítið stýri til hliðar við sig. Á meiri hraða við flugtak og í flugi er stýrt með fótstigunum, en þau hreyfa bæði við stýrisblaðinu að aftan og nefhjólinu. Til þess að bremsa hjólunum er fótstigunum hallað fram.

Stýrishjólið (sem er ekki hjól) breytir horninu á vængblöðunum þegar því er snúið. Dragi flugmaðurinn það að sér lyftast bæði vængblöðin á stélinu sem beinir flugvélinni upp og tekur hún stefnuna niður sé stýrinu þrýst fram. Milli flugmannanna eru sveifar sem eru inngjafir fyrir hreyflana.

Útsýnið fram á við er býsna gott, enda sitja flugmennirnir hátt uppi og sjá flugmennirnir nánast óskert í rúmar 180 gráður. Allt aftan við vélina og til hliða er blindur punktur, enda engir hliðarspeglar eða bakkmyndavélar.

Fljótlega eftir að ekið er af stað byrjar flugmaðurinn að heyra raddir, en flugvélin gefur sjálfkrafa ýmsar nytsamlegar upplýsingar eins og númer flugbrautarinnar þegar ekið er að enda hennar. Þegar setningar eins og „Caution! Terrain!“ eða „Terrain! Terrain! PULL UP!“ eru sagðar með mjög reiðri röddu í flugi bendir ýmislegt til þess að flugmennirnir séu að nálgast hindrun og gætu verið við það að brotlenda. Við lendingu heyrist í röddu sem telur niður hversu langt er í jörðina. Sumar skipanirnar eru sagðar af konu og aðrar af karli og heyrist í þeim sitt og hvað þegar mikið er í gangi.

### *Flogið frá Akureyri til Keflavíkur*

Þegar komið er að enda flugbrautarinnar er tekin skörp u-beygja með hliðarstýrinu. Þegar flugvélin er komin í stöðu eru vængbörðin (flapsar) sett niður nokkrar gráður sem eykur lyftikraft vængjanna. Inngjöfunum er þrýst alla leið fram og hallast hermirinn aftur og hreyfist til að líkja eftir því að þeytast af stað. Öll hljóð eru eins og í raunveruleikanum, nema ekki á fullum styrk.

Þegar hraðamælirinn sýnir 140 hnúta er togað í stýrið og flugvélin tekst á loft. Þá sést lítið nema himinninn og fylgist flugmaðurinn með halla flugvélarinnar með svokölluðum gervisjóndeildarhring sem er á skjánum fyrir framan hann. Upplifunin er nánast eins og að sitja í alvöru flugvél en það eina sem vantar er fiðringinn í magann.

Þegar flugvélin er komin í ákveðna flughæð er hægt að kveikja á sjálfstýringunni með því að ýta á nokkra takka og velja réttan hraða, stefnu og hæð. Flugmaðurinn velur áfangastaðinn í tæki sem er eins og gömul transistor-tölva frá sjöunda áratugnum.

Stærstur hluti þessa prufuaksturs var flug frá Akureyri til Keflavíkur. Flogið var nokkuð lágt til þess að umhverfið sæist betur. Að degi til er augljóst að horft er á tölvuteiknaða mynd, en stilli leiðbeinandinn á næturflug er erfitt að sjá mun á þessu og raunveruleikanum, sérstaklega í nágrenni þéttbýlis. Leiðbeinandinn getur aukið ókyrrð að vild og framkvæmt allar mögulegar bilanir.

Í lendingu getur flugmaðurinn miðað við punkt sem birtist á gervisjóndeildarhringnum ásamt því að horfa á umhverfið. Undirritaður brotlenti á Keflavíkurflugvelli, en við það heyrist brothljóð og myndin á skjánum hverfur og verður rauð. Að öðru leyti var brotlendingin ekki mjög dramatísk og gat leiðbeinandinn hafið flugvélina aftur á loft með nokkrum smellum.

### *Að lokum*

Flughermir af þessu tagi kostar í kringum einn og hálfan milljarð króna á meðan ný Boeing 737 kostar töluvert meira. Með því að vera með flughermi hér á landi getur Icelandair lækkað kostnað sem fylgir því að senda flugmenn til reglubundinnar þjálfunar, en áður fyrr var eingöngu nýttur flughermir erlendis. Þá nýta önnur flugfélög aðstöðuna hérlendis fyrir sína flugmenn. ■



Flughermirinn stendur á sex tjökkum sem framkalla hreyfingar í allar áttir.






Ragnheiður og Ingvar ásamt sonum sínum á góðri stund. Myndir / Aðsendar

Bóndinn:

# Verndum allan landbúnað

**Nú kynnast lesendur kúabúinu á Sólheimum í Hrunamannahreppi þar sem laxveiðar er hægt að stunda að vild, enda rennur Stóra-Laxá í gegnum landið. Fjölskyldan tekur Instagram-reikning Bændablaðsins yfir á allra næstu dögum og geta áhugasamir lesendur fylgst með því.**







Bræðurnir Þorgeir Erpur og Egill Marinó una sér vel við leik og störf.

**Býli?** Á Sólheimum, 7 km frá Flúðum, er rekið lítið kúabú, ásamt hrossarækt og tamningum. Við erum að klára að standsetja tvær 25 fm íbúðir fyrir ferðaþjónustu líka.

**Ábúendur og fjölskyldustærð?** Ingvar Jóhannsson, Ragnheiður Hallgrímsdóttir, Þorgeir Erpur Ingvarsson og Egill Marinó Ingvarsson. Við búum í gamla bænum á Sólheimum en í nýja bænum búa foreldrar Ingvars, þau Jóhann B. Kormáksson og Esther Guðjónsdóttir. Á Sólheimum eru einnig tíkin Tara og hesthúsakisan Solla sæta. Ingvar og Ragnheiður reka búið og eldri hjónin farin að leika sér eins og yngri kynslóðin gerði áður.

**Stærð jarðar?** Jörðin telur um 650 hektara. Ræktuð tún um 70 hektarar og restin nýtt sem beitiland fyrir útigangshross. Það svæði er mikið til fjalllendi auk þess sem Stóra-Laxá rennur í gegnum landið okkar og Stóra-Laxárgljúfur endar einnig hjá okkur.

**Gerð bús?** Á Sólheimum er 238.300 lítra mjólkurkvóti og við með 40–42 árskýr. Lítil tamningarstöð og svo höfum svo verið að bjóða upp á graðhestahólf og graðhestauppeldi auk þess að prufa okkur áfram í hrossaræktinni til gamans.

**Fjöldi búfjár?** Um 80 nautgripir í heildina. Það skiptist í uppeldi og mjólkandi kýr en á bænum eru að jafnaði um 40–42 mjólkandi kýr. Á bænum eru um 50 hross, folaldshryssur, uppeldistrippi og hross sem eru á mismunandi stigum tamningar auk nokkurra hænsnfugla.

**Hvers vegna velur þú þessa búgrein?** Þar sem Ingvar ólst upp á Sólheimum en Ragnheiður á hrossaræktarbúi/tamningarstöð var draumurinn að búa og ala börnin okkar upp í sveit, í náttúrunni, eins mikið og hægt var. Hins vegar ætlaði hvorugt okkar að vera kúabændur þótt kýrnar veiti okkur í dag mikla ánægju líkt og aðrar skepnur á bænum. Líkt og í laginu „Frelsið er yndislegt, ég geri það sem ég vil“.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Ingvar gefur morgungjöfina í hesthúsinu og sinnir kúnum á meðan Ragnheiður sér um að koma drengjum í skóla og leikskóla. Eftir morgunverkin er sest niður í heilagan morgunbolla, staðan tekin fyrir daginn og svo sinnir Ragnheiður vanalega tamningum en Ingvar sér um bústörf, smíðar og aðhlynningu véla. Seinni partinn er mjólkað, gefin kvöldgjöf í hesthúsinu og eldri drengurinn fær aðstoð við heimalærdóm.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Moka skítinn að haughúsinu þegar blessaðar flórsköfurnar stoppa. Afskaplega leiðinlegt, en líka mjög gefandi og skemmtilegt þegar flórinn er orðinn hreinn. Þetta gerist sem betur fer ekki oft! Heyskapurinn er líka mjög skemmtilegur tími á þessum bæ, en strákarnir okkar elska þann tíma og vilja ekkert annað gera en að sitja með okkur uppi í traktor nánast allan daginn.

**Hvernig er að búa í dreifbýli?** Algjör forréttindi, mikið frelsi, friður og falleg náttúra. Vissulega fylgir lengri vegalengd slíkri ákvörðun, en vel þess virði því þjónustan hér í Hrunamannahreppi er að síaukast.

**Hvað er það jákvæða við að vera bóndi?** Enginn dagur er eins, verkefnin misjöfn og við lærum eitthvað nýtt daglega. Ákveðinn lífsstíll er auðvitað fólginn í því að vera bóndi, maður er oft bundinn heima við, en síðan koma líka skemmtilegir dagar á móti.

**Hverjar eru áskoranirnar?** Að hafa góða yfirsýn yfir alla gripi á bænum og ná góðum heyjum. Við leggjum mikið upp úr því að öllum skepnum líði vel og fái eins gott fóður og hægt er.

**Hvernig væri hægt að gera búskapinn ykkar hagkvæmari?** Öll aðföng sem viðkoma búskapnum okkar eru dýr þannig við værum til í að sjá breytingu á því. Einnig að útbúin yrði góð leið í kynslóðaskiptum til þess að létta á bæði kaupanda og seljanda.

**Hvernig sjáið þið landbúnað á Íslandi þróast næstu árin?** Okkur finnst að það þurfi að vernda allan landbúnað á Íslandi betur. Það þarf að þora að standa með okkur bændum því það erum við sem sköffum steikina á diskinn þinn, rjómann í sósuna, grænmetið, kartöflurnar, eggin, beikonið og svo lengi mætti telja!

Kæri lesandi, keyptu íslenskar afurðir, því þú veist hvaðan þær koma.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** T.d. þegar bóndinn á bænum keyrði í gegnum nýuppsett hlið á buggybíl! Þá var hann nýbakaður faðir og hafði verið úti að girða heila helgi með góðum hópi af fólki en þarna tók þreytan öll völd og vit og maðurinn þrumaði í gegnum nýja hliðið, mikið var hlegið að þessu atviki en enginn slasaðist. Það var líka gaman að fara með hryssu í kynbótadóm síðastliðið vor, fyrsta hryssan í okkar eigu sem nær þeim áfanga.

Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi, með eða án rekstrar.
Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.
Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali, s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is
Eignatorg



Við framleiðum kraftsperrur af ýmsum stærðum í sérútbúinni verksmiðju okkar í Dynskálum 51, Hellu.
GG TRÉ BYGGIR TIL FRAMTÍÐAR
Frekari upplýsingar:
haukur@ggtre.is
S. 8934609
www.ggtre.is







EYJALIND
Varahlutir í VOLVO Vinnutæki



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Matarkrókurinn:

# Svaka sæt ljóska og pínu súr vinkona


**Hafliði Halldórsson**
hafliði@icelandiclamb.is



**Getum við ekki öll verið sammála um að ljóskurnar í lífi okkar eru flestar virkilega sætar?Sumar jafnvel svo dísætar að það getur verið erfitt að leiða hugann að nokkru öðru, í öllu falli svona rétt á meðan að við sem erum hvað veikust fyrir erum í sama herbergi og þær.**

Fæst viljum við heldur breyta þessum elskum svo nokkru nemi, heldur treystum á að ljóskan sé nákvæmlega eins í hvert einasta skipti sem leiðir okkar liggja saman. Enda hvarflar varla að nokkrum að leita annað.

En í nafni fjölbreytileikans og þess að þroska smekk okkar ögn betur er nauðsynlegt að skipta aðeins um takt öðru hvoru, samt auðvitað án þess að móðga og hafna okkar allra sætustu og bestu ljóskum.

Að því sögðu býð ég upp á tvær ljóskur að þessu sinni sem sverja sig svo sannarlega í ætt við þær áðurnefndu, en önnur þeirra er örlítið súrari en við eigum að venjast. En hún er samt líka mjög sæt og ég hvet lesendur til að fagna þessari súrsætu ljósku og prófa sig áfram því sýran úr límónunni á afskaplega vel við hvíta og sæta súkkulaðið sem ljóskurnar byggja sína tilveru á.

***Ljóska með límónu***
***og sýrðum rjóma***
***150 g smjör***
***200 g hvítt súkkulaði***
***100 g sykur***
***50 g hunang***
***100 g rjómi***
***100 g hveiti***
***3 egg***
***2 límónur***
***jarðarber***

Skolið límónur og þerrið, rífið börkinn af með fínu rifjárni, og kreistið safann. Bræðið smjör í potti, blandið rjóma, sykri og hunangi í annan pott og hitið að suðu. Setjið súkkulaði og límónubörk í stóra skál, hellið bráðnu smjöri yfir og blandið saman. Hrærið rjómablöndunni saman við, því næst eggjum og límónusafa, og síðast hveitinu. Klæðið botninn á bökunarformi með bökunarpappír og hellið deiginu í. Bakið á 130 °C í 30–40 mínútur, fylgist vel með því að alls kyns atriði hafa áhrif á endanlegan bökunartíma! Kælið kökuna, skerið í passlega bita. Berið fram með jarðarberjum og sýrðum rjóma með límónu.

***Sýrður rjómi með límónu***
***3 dl sýrður rjómi, helst 36% feitur***
***1 msk. fljótandi hunang***
***1 límóna***

Skolið límónur og þerrið. Rífið börkinn af með fínu rifjárni og kreistið safann. Blandið sýrðum rjóma og hunangi saman ásamt límónusafa og berki. Athugið að setja ekki allan safann og börkinn strax saman við, smakkið til og metið hvort þið notið allt.

***Ljóska með möndlum***
***og vanilluplómur***
***150 g smjör***
***200 g hvítt súkkulaði***
***150 g sykur***
***100 g rjómi***
***100 g hveiti***
***3 egg***
***50 g skrældar möndlur***

Bræðið smjör í potti, setjið rjóma og sykur í annan pott og hitið að suðu. Setjið súkkulaði í stóra skál og hellið heitu smjörinu yfir og hrærið saman. Hrærið rjómablöndunni vel saman við, því næst möndlum og eggjum og síðast hveitinu. Klæðið botninn á bökunarformi með bökunarpappír og hellið deiginu í. Bakið á 130 °C í 30–40 mínútur og látið kólna á borðinu, skerið í passlega bita og berið ljóskuna fram með ristuðum möndlum og vanilluplómum í sírópi.

***Vanilluplómur***
***150 g sykur***
***2 dl vatn***
***1-2 vanillustangir***
***(eða betri gerðin af vanillusírópi úr búð)***
***1 anísstjarna***
***6 stk. plómur***

Kljúfið vanillustangir eftir endilöngu og skafið innan úr þeim með bakinu á hnífnum og setjið allt saman í nettan pott, bætið sykri, vatni og anísstjörnu við og sjóðið á hægum hita í 10 mínútur. Skerið plómur í tvennt (fernt ef þær eru mjög stórar) og fjarlægið steina. Bætið plómunum í sírópið og hitið varlega að suðu og slökkvið.

Plómurnar eiga að sjóða í gegn, en halda forminu. Kælið plómurnar og geymið í sírópinu í kæli þar til þið notið þær.

***Almennt um***
***bökunartíma á kökum***

Almennt miða ég við blástursstillingu fyrir það hitastig sem fylgir uppskriftinni. Ekki taka leiðbeiningum um hitastig og mínútufjölda of bókstaflega, því að það er alls ómögulegt fyrir þann sem skrifar leiðbeiningarnar að vita ýmislegt í ykkar aðstæðum. Til dæmis stærð og ummál þess bökunarforms sem þið veljið.

Verði t.d. 800 g af kökudeigi í ljóskuna að köku sem er 1 cm að þykkt eða kannski 5 cm, þá er augljóst að það muni skakka ansi miklu á bökunartímanum. Kannski viljið þið bjóða ljóskunni ykkar upp á netta „sólbrúnku“, þá er ráð að hækka hitastigið. Hvaða tegund af ofni þið notið, tækin eru eins ólík og þau eru mörg. Ekki má treysta blint á að hitastilling skili nákvæmlega réttri niðurstöðu inni í sjálfum ofninum.

Svo er mjög algengt að heimilisofnar skili misjöfnu hitastigi eftir því hvar í ofninum kakan bakast.

## KROSSGÁTA




### Lausn á krossgátu í síðasta blaði




www.bbl.is

## HUGARÍÞRÓTTIR

# Svala og Alli Íslandsmeistarar





Þau Svala Kristín Pálsdóttir og Aðalsteinn Jörgensen urðu Íslandsmeistarar í paratvímenningi í bridds. Mótið fór fram í Briddsheimilinu, Síðumúla og fór vel fram. Þátttaka var góð og er til marks um að briddsíþróttin er í bullandi uppgangi.


Stefán Stefánsson.

**Í spili vikunnar sem kom upp á Masters-ofurmótinu í Hörpu í lok janúar skrifaði aðeins eitt par 420 í sinn dálk. 6 impar inn.**

Við skulum líta á handbragð Stefáns Stefánssonar í síðasta spili annarrar umferðar á WBT-mótinu.

Opnun Helga Sigurðssonar læknis og Stefáns á tveimur hjörtum lofar báðum hálitum en aðeins átta spilum ef ég skil sagnvenju þeirra rétt.


Björn Þorláksson.

Stefán hefur aftur á móti aldrei verið smeykur við að glíma við krefjandi spil og lét vaða í geimið.

Suður spilaði út laufi. Virtist áhorfendum í fyrstu sem Stefán myndi óhjákvæmilega fara niður á hetjulegum samningum. En hann fann krók á móti bragði.

Stefán drap og spilaði jafnharðan laufi um hæl. Í þriðja slag hélt suður áfram laufsókninni. Spilið var sýnt á BBO og þeir áhorfendur sem héldu að Stefán myndi reyna að trompa í blindum sáu að spilið færi niður vegna yfirtrompunar. Leiðindalega. Eða hvað?

Stefán trompaði ekki heldur henti tígli tvisvar þegar hálaufi var spilað. Norður vissi ekkert hvað ætti að aðhafast þegar fjórða laufinu var spilað. Með trompsvinningum og töfrabrögðum spilaði spilið sig nánast sjálft eftir þetta.

*Umsjón: Björn Þorláksson,*
*bjornthorlaksson@gmail.com*

# Norðurlandamót ungmenna í skák

**Norðurlandamót ungmenna í skák fór fram í Borgarnesi um nýliðna helgi. Mótið á sér mikla sögu en fyrsta mótið fór fram árið 1979 og hefur farið fram árlega síðan þá.**


Hermann Aðalsteinsson.

Á mótinu er teflt í fimm aldursflokkum og eiga Norðurlandaþjóðirnar að jafnaði tvo fulltrúa í hverjum flokki. Tefldar voru sex umferðir í hverjum aldursflokki og skipuðu tólf keppendur hvern aldursflokk fyrir sig. Íslendingar eignuðust einn Norðurlandameistara, Aleksandr Domalchuk-Jonasson, sem vann elsta aldursflokkinn.

Sýnt var beint frá mótinu á skákvefnum lichess.org og til þess að það gangi upp er teflt á sérstökum skákborðum sem ætluð eru til þess. Sérstakir nemar eru neðan í öllum taflmönnunum og einnig eru nemar í öllum reitum á hverju borði svo að hægt sé að senda beint út á netið. Áhugasamir geta því fylgst með heiman að frá sér og þurfa ekki að missa af neinu. Þar að auki sést í þessum beinu útsendingum hvaða leikur þykir vænlegastur til árangurs í hverri stöðu fyrir sig. Keppendur sjá það auðvitað ekki fyrr en eftir að skákinni lýkur.


**Hvítur á leik og mátar í 3 leik.**
**Dd8 skák. Kxd8. Svartur drepur drottingu hvíts með kóng enda um þvingaðan leik að ræða. Þá leikur hvítur Bg5 skák, og það er tvískák, bæði frá biskupnum og hróknum á d1. Svartur leikur Ke8 enda eini leikurinn í stöðunni og þá leikur hvítur Hd8 og mát.**

Það hefur færst mjög í vöxt að beinar útsendingar frá skákmótum séu í boði á netinu og stundum eru allar skákir sem tefldar eru sýndar. Undirritaður hefur sjálfur teflt á svona borði og sem betur fer voru sennilega fáir að fylgjast með þeim skákum enda töpuðust þær allar með glæsilegum hætti.



**Sýnt var beint frá mótinu á skákvefnum lichess.org þar sem áhorfendur gátu fylgst með í rauntíma.**

Ef lesendur Bændablaðsins luma á áhugaverðum skákum geta þeir haft samband.

*Umsjón: Hermann Aðalsteinsson,*
*lyngbrekku@simnet.is*



## Erfinginn: Móa

**Nafn:** Móa Konráðsdóttir.

**Aldur:** 5 ára.

**Stjörnumerki:** Steingeit.

**Búseta:** Í Vesturbæ Reykjavíkur.

**Skemmtilegast í skólanum:** Úti að leika.

**Áhugamál:** Lita, lesa, íþróttir í skólanum, plöntuleikur.

**Tómstundaiðkun:** Ég æfi á fiðlu.

**Uppáhaldsdýrið:** Kanínur.

**Uppáhaldsmatur:** Mexíkóskur (tortilla).

**Uppáhaldslag:** Stóru strákarnir, af nýju Abbababb! plötunni.

**Uppáhaldslitur:** Bleikur og fjólublár.

**Uppáhaldsmynd:** My Neighbor Totoro.

**Fyrsta minningin:** Að sjá Tjaldið í Borgarleikhúsinu.



**Viltu taka þátt? Hafðu samband.**
**sigrunpeturs@bondi.is**

## SUDOKUÞRAUTIR

**Létt**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 7 | 5 | | | | | |
| | | 1 | | 4 | 8 | 7 | 5 | |
| | 3 | | | 9 | | 2 | | 1 |
| 9 | 5 | | | | 3 | 1 | 2 | |
| 1 | 7 | | | | 2 | | | 5 |
| 3 | | 2 | 1 | 5 | | | | 9 |
| | 6 | | | | 5 | 3 | 8 | |
| 5 | | | 8 | 2 | 7 | | 6 | |
| | 4 | | | | | | | 7 |

**Miðlungs**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | | | | | 4 | |
| | | 7 | | | | | 1 | |
| | 6 | | | | 2 | | | |
| 8 | 4 | | | 2 | | 9 | | 5 |
| 7 | | | | | | | | 6 |
| | | | | | | 4 | | 3 |
| | 5 | | | 8 | 3 | | | |
| | | | 4 | 1 | | | 3 | |
| | | 6 | | | | | | |

**Þung**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | | | | | |
| 9 | | | 2 | 8 | | | | 4 |
| | | | | | 3 | | | 6 |
| | 3 | | 8 | | | | 4 | |
| | | | | | 5 | | 9 | |
| | | | 1 | 7 | | 5 | | |
| | 1 | | 3 | | | 6 | | |
| 3 | 2 | | | | | | 7 | |
| | 7 | 6 | | 5 | | | | |

**Þyngst**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | | 4 | | | 5 | |
| | | | | | | 1 | 3 | |
| 9 | 2 | 6 | | | | | | |
| | 7 | | | | | | 9 | |
| | 3 | | | 5 | | 8 | 6 | |
| | | | 3 | | 8 | 5 | | |
| | | | | | 2 | | | |
| | | | 7 | | | | | |
| 4 | | 8 | | | 1 | | | 6 |

**Setja skal inn tölur frá 1-9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

# Stjörnuspá

**Vatnsberinn** öðlast nú spennandi tækifæri sem vekja innra með honum nýjar hugmyndir og möguleika. Hann þarf að vera tilbúinn að læra af fyrri gjörðum og sjá mikilvægi þess að þróast í takt við nýja tíma. Breytingar geta oft verið áskorun, en ef hann nær að halda opnum huga verður framför í ákveðnu máli. Happatölur 15, 32, 4.

**Fiskurinn** ætti að setja heilsuna í forgang um þessar mundir og leyfa sjálfum sér að hvílast. Nokkuð róttækar breytingar eru í loftinu og hann þarf að vera vel í stakk búinn til að takast á við oddahríð úr ýmsum áttum. Hlutverk hans verður þó helst þess sem nær að sætta úfnar öldur og til þess þarf hann að vera sterkur. Happatölur 1, 2, 67.

**Hrúturinn** Eitthvað óvenjulegt er í loftinu hvað varðar ást og sambönd, þar sem hrúturinn verður sérstaklega móttækilegur fyrir tilfinningum annarra en þarf þó að forðast of mikið álag og skal gæta einlægni í samskiptum. Nú er rétti tíminn til að bæta mikilvæg sambönd. Happatölur 8, 13, 42.

**Nautið** Svolítill tilfinningarússíbani er í loftinu og getur nautið upplifað sig undir miklu álagi einn daginn en þann næsta fyllst ákveðinni ró – sem gerir það auðveldara að stýra lífinu og tilverunni. Deilur skal sætta sem fyrst en nautið þarf að muna að bregða þó ekki út af sinni eigin stefnu. Happatölur 12, 38, 54.

**Tvíburinn** þarft að vinna í því að nálgast fólk með mikilli varkárni. Hann skal vera óhræddur við að takast á við nýja möguleika og ný sambönd, en gæta þess að það verði gert af ábyrgð og hugulsemi, auk þess að vera opinn fyrir því að breyta viðhorfum sínum að einhverju leyti. Happatölur 15, 3, 78.

**Krabbinn** ætti að nýta tímann í að vega og meta líf sitt og framtíð. Það er mikilvægt að muna að ekki er hægt að stjórna því hvað aðrir hugsa eða gera heldur einungis stjórna sjálfum sér. Krabbinn á eftir að finna fyrir einhverri áskorun þegar kemur að því að hugsa um eigin þarfir og svo þeirra sem standa honum næst. Happatölur 14, 80, 97.

**Ljónið** gæti upplifað tíma þar sem það tekur á að halda sér á réttri braut og viðhalda þeirri stefnu og árangri sem hefur unnist. Samhliða því getur verið gott að skoða hvernig samskipti við aðra megi efla með aukinni jákvæðni. Happatölur 8, 16, 56.

**Meyjan** kann, um þessar mundir, að verða fyrir nokkurri áskorun þegar kemur að vinnu og persónulegum samböndum. Hún þarf að takast á við það sem á móti henni blæs með aukinni þolinmæði og ef til vill leggja meira á sig í ákveðnum verkefnum eða samskiptum. Happatölur 3, 13, 43.

**Vogin** er að ganga inn í nýtt upphaf – sem hún ætti að gera með öryggi, en gæti þurft að fara út fyrir þægindasvæðið sitt. Aðstoð hjá fjölskyldu og vinum er mikilvæg á meðan á því tímabili stendur, einnig ætti vogin að vera meðvituð um sjálfa sig og hvernig hún sér heiminn. Happatölur 15, 66, 40.

**Sporðdrekinn** Nú er tími nýrra hugmynda, breytinga og ákvarðana sem snúa að framtíð sporðdrekans. Hann þarf að laga sig að og leyfa sér að vaxa í nýjum aðstæðum, auk þess að gera hvað hann getur til að styrkja sjálfið. Jákvæð sjálfsmynd hefur mikilvæg áhrif á framtíðina. Happatölur 12, 42, 15.

**Bogmaðurinn** fyllist nú nýjum hugmyndum sem gætu orðið honum til góða og opnað ýmsa möguleika. Því er mikilvægt að nýta sér öll þau tækifæri sem hann hefur í hendi ásamt því vera opinn fyrir því að skoða nýja vegu sem hugnuðust honum e.t.v. ekki áður. Happatölur 4, 23, 1.

**Steingeitin** ætti að nýta tíma sinn í að taka skref í átt að þeim markmiðum sem hún hefur einsett sér. Þó þarf að vera meðvituð um hvernig nálgast á verkefnin og hvernig hún stýrir aðstæðum. Hvað virkar og hvað virkar ekki í samskiptum við aðra. Þó er gott að steingeitin haldi sínu striki en fari með gát. Happatölur 16, 17, 23.



**Frá Mjólkurbúi Borgfirðinga í Borgarnesi árið 1984. Hér hanga skyrpokar „til þerris“ eins og sagt var, en þá lekur mysan úr þeim. Kom fram í frétt Dagblaðsins Vísi sama ár að skyrvinnsla hafi aukist um 20% eftir að farið var að pakka „gamla“ skyrinu í sérstaka poka fyrir neytendamarkað. Einnig kemur fram í fréttinni að töluverð aukning sé á mjólkurmagni, eða um 7% á landinu. Orsökin var að margir bændur höfðu þá bætt við sig búpeningi og jafnvel aukið kjarnfóðurgjöf þrátt fyrir ítrekanir yfirvalda um að draga skyldi úr mjólkurframleiðslunni. Þó var niðurstaðan sú að mikil uppbygging væri í mjólkuriðnaði og framleiðslu. Mætti áætla að innan fimm ára yrði jöfnuður kominn á og þá hæfa vel neyslu landsmanna. Forveri Mjólkurbús Borgfirðinga var mjólkursuðufyrirtæki nokkurt sem var starfrækt á Beigalda í Borgarfirði. Þar brunnu húsin árið 1925 en úr rústum þeirra varð til Mjólkurfélagið Mjöll sem hóf starfsemi sína ári síðar. Árið 1931 var starfsemin komin undir hatt Kaupfélags Borgfirðinga sem nefndu mjólkurfélagið Mjólkursamlag Borgfirðinga, sem svo hætti starfsemi um áramótin 1994–1995.** *lsp* Mynd / Bbl

## Tíska:

# Nælonsokkar, fallhlífar og hengirúm

**Í upphafi síðustu aldar, þegar félagslega varð ásættanlegt fyrir konur að sýna á sér fæturna, varð bylting á sokkamarkaðnum. Silkisokkar voru þar hafðir í hávegum, en þar sem silkið er náttúruleg vara og dýr í framleiðslu lögðu textíláhugamenn höfuðið í bleyti.**

Árið 1935 uppgötvuðu bandarískir efnafræðingar að úr blöndu ýmissa sameinda sem þeir höfðu sett í tilraunaglas var hægt að draga upp níðsterkan, hárfínan gervi-trefjaþráð langra sameinda sem nefnast fjölliður. Þarna hófst upphaf nælonbyltingarinnar, en með þessari uppfinningu varð til ódýr valkostur við silkisokka – nælonsokkarnir.

Fyrstu nælonsokkarnir birtust í verslunum í New York 15. maí 1940 og um 800.000 pör seldust á fyrsta deginum. Engin neysluvara hafði áður valdið slíkum heimsfaraldri og í árslok höfðu selst 64 milljónir para af nælonsokkum.




**Til vinstri má sjá krúsír fljótandi silkisokka en að ofan er ungfrú nútímans að njóta lífsins.** Mynd / Morano Matkovic

### *Nýtilegra en ætla mætti*

Framleiðsla á nælonþræði varð til mikillar framþróunar í textíliðnaði en auk þess að vera vinsæll í sokka var þráðurinn m.a. nýttur í gólfteppi, ferðatöskur og í tvinna sem læknar notuðu til að sauma saman opin sár. Nokkrum árum síðar hófst þó seinni heimsstyrjöldin og öll nælonframleiðsla fór frá því að vera tileinkuð fótleggjum kvenna yfir í að framleiða fallhlífar, ýmiss konar reipi, dekkjagerð, flugnanet, hengirúm og þar fram eftir götunum.

Nælonsokkarnir voru því á undanhaldi en miklir unnendur þeirra dóu ekki ráðalausir heldur buðu fyrirtæki á borð við Max Factor og L'Oreal upp á það sem kallaðist „Fljótandi silkisokkar“ eða „Liquid silk stockings“, auk þess sem margar konur teiknuðu lóðrétt strik aftan á kálfana til þess að það liti út fyrir að þær væru í sokkum. Strikið var nefnilega stór þáttur í sokkunum en á þessum tíma var mikil handavinna fólgin í framleiðsluferli þeirra.

Vélar voru notaðar til þess að prjóna til flatt stykki sem hægt var að móta þar sem upprunalega teygðist nælonefnið ekki. Hefðbundnir sokkar voru því prjónaðir flatir, með fótlaga sniði í tveimur hlutum sem voru svo handsaumaðir með fínum saum á aftanverðum sokknum. Hann var því næst settur á gervifót og gufaður og stundum saumuð bómull á sólann til þægindaauka. Vegna þess að þeir teygðust ekki voru þeir framleiddir í mismunandi stærðum og ekki allar konur svo heppnar að fá á sig rétta stærð. Það var ekki fyrr en seint á fimmta áratugnum sem teygjanlegra efni var fundið upp, lycra, sem getur teygst allt að sjöfalda lengd sína án þess að slitna og endurheimt lögun sína í kjölfarið. Þegar þessu teygjanlega efni var blandað við nælonið má nærri geta að sokkabuxur hafi tvíeflst í vinsældum.



**Þessi ungfrú skartar óvanalega metnaðarfullum áteiknuðum sokkum 1942.** Mynd / Perfum Passage



**Nælon var m.a. notað í fallhlífar stríðsáranna.** Mynd / Wikipedia

### *Frá stríði til friðar?*

Eftir stríðið, í ágúst 1945 tilkynnti einn helsti nælonsokkaframleiðandi Bandaríkjanna, DuPont, að áætlað væri að sokkarnir kæmust aftur á á markað fyrir jólin. Takmörkuð sala á nælonsokkum fór þó fram í september sama ár og olli miklu uppþoti meðal kvenna sem stóðu í röðum til þess að verða sér úti um par. Ein lengsta röðin var í borg einni í Bandaríkjunum þar sem 40.000 konur slógust um 10.000 sokkapör.



**Þúsundir kvenna stóðu í röð til þess að verða sér úti um nælonsokka árið 1946.** Mynd / Perfum Passage

Segir í frétt dagblaðsins Pittsburgh Press frá árinu 1946: *„Þann 12. júní síðastliðinn stóðu meira en 40.000 konur í Pittsburgh í röð fyrir utan sokkavöruverslun í East Liberty hverfinu, staðráðnar í að kaupa eitthvað af þeim 10.000 pörum nælonsokka sem verslunin hafði upp á að bjóða. Þótt biðin næði fram á nótt stóðust þessar konur allar áskoranir sem urðu á vegi þeirra, hvort sem var um úrhellisrigningu að ræða eða karlahópar sem hæddu konurnar. Þær skutu á móti, fengu lögreglumenn í lið með sér og einstaka hótuðu að drepa hvern þann karl sem truflaði.“*

Einnig er sagt frá því að þó konurnar hafi staðið sem fastast í nælonsokkaröðinni og úthúðað aðkomumönnum hafi slagsmál átt sér stað innan hópsins. Var þeim lýst sem „gamaldags hártogandi og andlitsklórandi slagsmálum“ sem lauk ekki fyrr en dömurnar voru dregnar í sundur af lögreglu. Ekkert gat þó komið í veg fyrir ásetning þeirra – að verða nælonsokkaeigandi – ekki fyrr en búðinni var lokað, um miðnætti. Þessum viðburði var gefið nafn og þekktur í sögunni sem „The Nylon Riots“ í Pittsburgh.

Í dag er framleiðsla á næloni um það bil 12% af öllum gervitrefjum og því kannski ekki lengur arðbærasta varan - en það er enn ein mikilvægasta uppfinningin. */sp*

# Smáauglýsingar

**Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni:** www.bbl.is/smaauglysingar

**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.

**Skilafrestur:** Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.

Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is


**Jesús sagði:**
„Allt sem þér viljið að aðrir menn geri yður, það skuluð þér og þeim gera."
Matt. 7.12
biblian.is





Eigum til 5 stærðir af lokum á lager, 12 cm. þykk, m/10 cm. svuntu, 4 festingar og 3 styrktarbitar kr. 85.000- fást í tveim litum.



GODDI.IS
Auðbrekku 19, 200 Kópavogi
s. 544-5550.




Hestakerra tveggja hesta, ríkulegur útbúnaður. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mosfellsbæ. Uppl. s. 894-5111 eða www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30





**SERES 3**
Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!

**Verð 4.490.000,-**
Við auglýsum svo sannarlega ekki "verð frá".

RAG import – export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM ALDREI „VERÐ FRÁ"




Stöðuhýsi. Eigum til 18 og 21 fm á lager. Verð frá kr. 7.490.000. Nánar á stoduhysi.is eða í s. 898-3946.



Lækkað verð. KABOO WOLFKING GT rafskutla til sölu. Tveir 2.000w. mótorar, max 8.400 w. Mjög kraftmikið, með samtals 5 hraðastillingar, 72v 35ah batterí. Tvö hleðslutæki fylgja, ásamt hjálm og öryggislás úr stáli. Hjólið er keyrt 2.000 km. Verð kr. 350.000. Allar nánari upplýsingar í s. 858-1503.



Magnaðir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða, nær óbrjótanleg. 900 g að þyngd. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mosfellsbæ. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30.



Vantar þig tæki í sveitina? Aukið úrval, lægra verð og kaupauki þegar keypt er grafa, dráttarvél eða liðléttingur. Það er nóg til og meira til frammi. www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is s. 555-6520.



Hér er einn glæsilegur og þægilegur bíll til sölu. Árg. 2011. Ekinn 125.000 km. Vél: 1,8 l. Beinskiptur. Tauáklæði. Skipt um tímareim í janúar 2024. Skipt um spyrnu hægra megin framan í október 2024. Sett dúndur hljóðkerfi í hann í júní 2024: Ground Zero hátalarar allan hringinn og bassabox sem tekur lítið pláss, einnig er í honum 8 rása DSP frá Ground Zero. Bíllinn stendur á orginal 18" felgum með ónegldum dekkjum og seljast 19" felgurnar á sumardekkjum (dekkin keypt í júní 2024) með bílnum. Í minni eigu er ég búinn að dúlla við hann, halda honum hreinum, ég massaði hann og djúphreinsaði allt teppi og öll sæti í honum 2023 og bóna hann reglulega. Engin skipti, bein sala, verð kr. 650.000. S. 612-2918.



Til sölu tveir 40" frystigámar með nýlega yfirförnum kælivélum. Seljast á kr. 650.000 +vsk hver gámur. Upplýsingar í s. 613-1313.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Odes pathcross 1.000 cc. 2023 módel, ekið 1.450 km. Hlaðið aukabúnaði. Verð kr. 1.900.000 Upplýsingar í s. 869-2748.



Virðulegt breskt skrifborð með leðurplötu til sölu. Stærð 182x106. Var í forsætisráðuneytinu í áratugi. Verð kr. 250.000. Upplýsingar í s. 892-5064, Ólafur.



Til sölu Kia Niro Luxury Phev, bensín/rafmagn, árgerð 2017, sjálfskiptur, ekinn 126.000 km. Verð kr. 2.490.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035



Til sölu sérsmíðaðar kerrur staðlaðar fyrir 20 feta gám 5.853 x 2.259. Staðalbúnaður 4 x gámalásar 3 x 1.350 kg. Öxlar 4 x 1.000 kg. Stuðningslappir 4 x sterkir 1.000 kg. Stuðningsfætur. Stærð á kerru L. B. 6.170 x 2.430. Leyfð heildarþyngd 3.500 kg. Eigin þyngd 800 kg. Hjólbarðar R13 195/50. Sterkt nefhjól, 300 kg. LED ljós. Verð kr. 1.590.000 +vsk. Upplýsingar í s. 660-1304. Netfang: thorir@meirihattar.is Getum einnig boðið fjölbreytt úrval af kerrum frá stærsta kerruheildsala í Póllandi sjá nánar á www.mazzo.is

**VINNUFATNAÐUR**




Við höfum selt vandaðan vinnufatnað í 12 ár! Kíktu á sölusíðuna okkar www.vinnufatnadur.is og sjáðu vörurnar og verðin. Sendum hvert á land sem er og enginn sendingarkostnaður þegar verslað er fyrir kr. 20.000 eða meira. Baldur gefur nánari uppl. í s. 848-6972.



Grantgluggar.is. Færeysk framleiðsla á hágæða gluggum úr tré/áli og plasti. Fáðu tilboð á grantgluggar.is Stuttir afhendingartímar og einstaklega vönduð sérsmíði.



Simer dælan frá JUNG Pumpen fjarlægir vatn niður í 2 mm. Sterkbyggð með steyptu álhúsi. Byrjar að dæla við 5 mm vatnshæð. Set Röraframleiðsla - s. 480 2700 - sala@set.is - www.set.is



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.


Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta.

Úrvalið hefur aldrei verið meira.

AL-KO QUALITY FOR LIFE
UNSINN
Schmidt FAHRZEUGBAU



Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum.
Skoðaðu úrvalið á www.brimco.is eða kíktu í heimsókn.

Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.

BRIMCO
EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is



**Hilltip Icestriker 900–1**
Salt og sanddreifari í tve
stærðum fyrir stóra palll
minni vörubíla. Rafdrifin



**Hilltip Icestriker 380–5**
Salt og sanddreifarari í
stærðum, fyrir minni pal
Rafdrifinn 12V.



**Hilltip Icestriker 600 T**
Rafdrifinn kastdreifari
fyrir dráttarvélar m/öfluç
efnisskömmtunarbúnað



**Hilltip Snowstriker VP**
Fjölplógur fyrir pallbíla,
vörubíla og jeppa. Fáan
185–240 cm breidd.



**Hilltip Snowstriker SP**
Snjótönn fyrir pallbíla,
vörubíla og jeppa. Fáan
165–240 cm breidd.



**Hilltip Fjölplógur MVP**
Fjölplógur fyrir ameríska
pallbíla t.d. RAM 3500,
GMC 3500 og FORD 3!

Wendel
Stofnað 1957

**A Wendel ehf.**
**Tangarhöfða 1, 110 Reyl**
**S:551 5464 - wendel@we**
**www.wendel.is**




Varmaskipta frá Danfoss og GEA til sölu, nánari upplýsingar í s. 860-2699.



Finnskt timbur í fjárhúsgólf til sölu: Stærð 32 x 100 mm. Verð kr. 390 lm. m/vsk. Stærð 38 x 100 mm. Verð kr.470 lm m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Brettagafflar með vökvafærslu. Burður 2,5 tonn. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 263.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is S. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



Til sölu dísil Gráni 2 stk. árg.1958-59 til uppgerðar, einnig 4 stk. felgur og dekk 33x12,5x15 passa undir L-200 og fleiri. Upplýsingar í s. 894-0283.



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L 170 cm x B 200 cm x hæð 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163 hak@hak.is



Dísilhitarar 5 kw. 12 til 24 volt. Verð kr. 53.900 - Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól úr kopar og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang-hak@hak.is



Rotþrær til sölu, upplýsingar í s. 860-2699.



Gámarampar á lager. Heitgalvaniserað stál. Burðargeta 8.000 kg. Stærð 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is s. 892-4163. www.hak.is



Dekk og felgur undan 35"breyttum Defender. 10 x 20". Orginal felgur með miðjum og skynjurum. Sem nýtt (ekið 10-15.000 km.). Hafið samband á arnieldjarn@gmail.com.



FAÐMGREIP. Rúllugreip fyrir endastöflun. Ásoðnar Eurofestingar og slöngur fylgja. Verð kr. 235.000 m/vsk. (kr. 189.500 +vsk) H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is S. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



Háþrýstidælur fyrir verktaka og bændur. Rafdrifnar, traktorsdrifnar, glussadrifnar, bensín eða dísil. Margar stærðir, allt að 700 bar. Einnig öflugir vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.

PUNKTAR
OG
HNIT
RÁÐGJÖF

Hnitaafmarkanir jarða og lóða. Útbý skjöl og sé um samskipti við sveitarfélag og aðrar stofnanir. Starfssvæði Vesturland og austur að Klaustri og lengra. Fer hvert sem er eftir samkomulagi. Set einnig út hæla skv. hnitum punktaroghnit.is, punktaroghnit@gmail.com S. 693-7992.



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól ofl. Lengdir 1,6 m, 2 m, 2,1 m, 2,5 m, 3 m, 3,5 m, 4m, 4,5 m, 5 m. Burður fyrir par 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163. www.hak.is



Til sölu Toyota Aygo X, bensín, árgerð 2023, sjálfskiptur, ekinn 75.000 km. Tilboðsverð kr. 1.990.000. Verð áður kr. 2.290.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Sjálfsogandi neyðardælur (Trash) 2", 3", 4". Öflugur búnaður með mikla dælugetu, fyrir mjög óhreint vatn og einnig skolp, soghæð allt að 8 m, dæluhæð allt að 30 m. Þessar dælur henta mjög vel til að eiga sem neyðardælur ef von er á miklum vatnsveðrum með tiheyrandi flóðum í kjallara o.fl. Tilvalinn búnaður fyrir sveitarfélög, slökkvilið, hjálparsveitir, verktaka o.fl. Getum skaffað dælubarka á góðu verði. Vélarnar eru af gerðinni Honda með smurolíuöryggi. Framleiðandi: Koshin í Japan. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is, www.hak.is



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt 1,9 m. Stærð á skrúfu 48 cm. Rotor-12 kW. Glussaflæði 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi 2 m. Burðarvirki- Heitgalv./ SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Benz Sprinter, árgerð 2015. Sjálfskiptur, ekinn 17.535 km. Sérútbúið hjólastólaaðgengi farþegamegin með lyftubúnaði. Tvö farþegasæti aftur í. Nýleg vetrardekk fylgja með. Tilboð óskast. Uppl í s. 899-5949.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt 1,3–4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

UGROW
Við sjáum um allar ráðningar fyrir þig
Sparaðu tíma
Öflugir umsækjendur
Sveigjanleiki
Við fylgjum þér alla leið
ugrow.is
hello@ugrow.is

Hjá Ugrow sérhæfum við okkur í ráðningum fyrir ferðaþjónustu, gistiþjónustu, veitingaþjónustu o.fl. eins og t.d. vinnufólk á bóndabæ. Við erum með pre-screened/ skimaðan gagnagrunn með öflugum, reynslumiklum starfskröftum sem eru í atvinnuleit og geta byrjað nú þegar. Hafðu samband á hello@ugrow.is



Sliskjur úr áli, fyrir lyftara og brettatjakka. Fyrir lyftara: L 100 cm x B 42 cm par. Burðargeta á par: 7.200 kg. Fyrir brettatjakka: L 100 cm. x B 70 cm. 1 stk. Burðargeta: 2.000 kg. Hákonarson ehf. s. 892-4163. netfang: hak@hak.is www.hak.is



Fjórhjól til sölu. Yamaha Grizzly 700. keyrt 2.000 km. Árgerð 2020. Hjól með spili, aukaljósum. Hátt og lágt drif. Læst drif að aftan. Taska. Þetta er vsk. hjól. Fullt verð m/vsk. er er kr. 2.100.000. Uppl. S. 894-4042.



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. www.hak.is Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is



Rúllugreip með keflum og spjótum. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 247.000 m/vsk. (kr. 199.000 +vsk) H. Hauksson ehf. www. hhauksson.is S. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



Heflaður burðarviður stærð 40x175. Lengd 5,4 m. Verð kr. 630 lm. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari: 680 kg og 1500 kg. CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 / netfang- hak@hak.is



Sveitarfélög og verktakar. Mjög öflugur búnaður fyrir stíflulhreinsun í skolprörum. Háþrýstidælur frá www.comet-spa.com. Margar útfærslur í flæði og þrýstingi. Bensín, dísil, glussadrif eða drifskaft. Sköffum allan slöngu- og spíssabúnað fyrir rörahreinsun. Gerum föst tilboð, mjög hagstæð verð og góð þjónusta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang hak@hak.is



Traktorsskóflur FK Machinery. Breidd 220 cm. Verð kr. 197.000 +vsk. Breidd 240 cm. Verð kr. 209.000 +vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Volvo ECR 35 D árgerð 2016 notuð 1.165 v.st. Rótortilt, skekkjanleg tönn, gúmmíbelti, 2 skóflur uppl. í s. 852-7210.


4x4
KGM
Gæði á sterkum grunni
REXTON
Veturinn kallar
REXTON
Bíll á mynd er með 35" breytingu
Rexton er kraftmikill, rúmgóður og vel útbúinn dísel jeppi sem gerður fyrir alvöru vetrarævintýri.
Verð frá 9.290.000 kr.
- Byggður á grind
- Læsing á afturdrif i*
- Millikassi með háu/lágu drifi
- 8 þrepa sjálfskipting
- Vökvafylltir mótorpúðar
- Sjálfstæð fjöðrun*
- Fjórhjóladrif
- 3,5 t dráttargeta
- 7 manna*
Skannaðu QR kóðann til að kynnast Rexton betur.
Breytingarpakkar í boði: 33" hækkun - 35" hækkun - 37" hækkun
Sjá ríkulegann staðalbúnað á benni.is
* Adventure og Ultimate.
Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl. Bílabúð Benna áskilur sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Bíll á mynd er með aukabúnaði.
Við kolefnisjöfnum nýja bíla
5
ára ábyrgð
benni.is
Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020
Bílabúð Benna er umboðsaðili Porsche og KGM
Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum












Heflaður burðarviður, C 24, stærð 48x148. Lengd 4,2 m. Verð kr. 690 lm. m/vsk H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Kornvalsar frá SIPMA í Póllandi.https://www.sipma.pl/produkt/zgniatacze-ziarna/ Frábærir valsar í mörgum útfærslum. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, netfang hak@hak.is



Mustad handfærakrókar stærð: 12/0 margir litir í boði! Verð aðeins kr. 175 +vsk. Nánari upplýsingar og pantanir á sala@igumundsson.is eða s. 835-6250. I. Guðmundsson ehf. - heildverslun.



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna gröfur. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. https://www.diggaeurope.com/ Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163. Netfang-hak@hak.is




Til sölu Tesla Model Y Long Range, rafmagn, AWD, árgerð 2023, sjálfskiptur, ekinn 39.000 km. Verð kr. 6.290.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Klaufskurðarbásar frá Póllandi. Margar útfærslur á mjög góðum verðum. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163. Netfang- hak@hak.is

HATZ DIESEL

Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ dísilvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í s. 527-2600.



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, hak@hak.is



Gólfhiti, gólffræsing fyrir 16 mm rör. Ryklaus gólfhitafræsing, verð á fermetra kr. 4.000 +vsk. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Tilboð og upplýsingar á https://www.golffraesing.is s. 892-0808 - Oliver.



Traktorsdrifnar rafstöðvar ( Argo-Watt ) Með AVR spennujafnara eða án hans. AVR tryggir örugga keyrslu á öllum rafbúnaði. Mjög mörg, stór kúabú eru með þennan búnað. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

## Húsnæði

Mig langar að eignast gamalt hús í sveit með garði, helst með litlu útihúsi, 90 m²+ í heildina. Ef þið vitið um slíkt er ég í unahaggimani@gmail.com

Tökum að okkur að passa búgarða og/eða annað húsnæði gegn því að geta haft samverustað. Erum 30+ ára par með eitt 2 ára barn og boarder collie hund. Erum reglusöm og heiðarleg. Suðurlandið kemur aðeins til greina. Davíð - s. 661-3577 - davidoddgeirs@gmail.com

Til leigu mjög hreinleg stúdíóíbúð á svæði 270, í lengri eða skemri tíma. Innifalið: Þráðlaust internet, 65" sjónvarp, sér þvottavél, salerni og sturta. Örbylgjuofn, stór ísskápur, tvíbreitt rúm og svefnsófi. Engin gæludýr og reyklaust. Uppl gilla27@gmail.com s. 611-1845.

## Jarðir

Leitum að landi til að reisa smáhýsi. Landið þarf að vera að lágmarki 5 hektarar að stærð. Góðir kostir: fallegt landslag, nálægð við þjóðvegi og vinsæla áfangastaði ferðamanna, nálægð við helstu þjónustu. Skoðum bæði kaup og leigu á landi sem og samstarf um uppbyggingu sé áhugi fyrir því. ATH. skoðum alla möguleika, endilega hafið samband í síma 8683675 - Andri

## Óska eftir

Kaupi vínylplötur. Staðgreiði stór plötusöfn. Ólafur S. 784-2410, olisigur@gmail.com

Óska eftir að fá leigt pláss/geymslu/útihús fyrir 2 fornbíla að minnsta kosti 40-50 fm, á sanngjörnu verði. Ótímabundið frá 1. maí 2025. (Helst á Suðurlandi nálægt Skeiðum) Allar upplýsingar í s. 651-6527.

Suzuki AC50 hjóli eða pörtum til uppgerðar. Skoða líka önnur hjól. S. 896-0158 valur@heimsnet.is

Leita að sláttuvagni/hleðsluvagni með sláttuvél. Má vera kominn á aldur ef hann bara er í lagi. Eymundur í Vallanesi s. 899-5569 eða eymi@simnet.is

Óska eftir, Canon EOS 5D Mark ii eða iii, útvarpi í Range Rover 98. Mælitæki, spectrum analyzer og signalgenerator. Fiskroð Hlýri og Gína, s. 837-4757.

## Til sölu

Vel með farinn Captiva árg 2013 ekinn 137.000 km. Nýir spíssar, nýr kvarðakútur, millikassi,(kálfur) snjó- og vetrardekk á felgum. 7 manna bíll. Upplýsingar í s. 894-0776. Ásett verð kr. 1.250.000.

Til sölu ónotaður trérennibekkur Axminster AC305WL. Renni-patrónusett SK100. Ásamt 6 premium rennijárnum. Allt óhreyft í kössum og keypt í Handverkshúsinu. Upplýsingar í s. 892-1956.

206 fm af nýrri stálklæðningu með trapisu-prófíl. Litur ral 3.009. Verð alls kr. 420.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130 (viðbótarmagn kr. 3.300 fm. m/vsk.)

## Þjónusta

Bókhaldsþjónustan H7 ehf. Vantar þig aðstoð með bókhaldið? Bjóðum upp á alla almenna bókhaldsþjónustu fyrir einstaklinga og smærri fyrirtæki. Getum bætt við verkefnum bæði tímabundnum og veitt reglulega þjónustu. Helga Jónsdóttir, BS. í viðskiptalögfræði. Netfang: helga@h7bokhald.is

Þakmálun. Tek að mér þakmálun, sérhæfi mig í háum og bröttum þökum. Geri verðtilboð og kem hvert á land sem er. Sendið tölvupóst á magnussongudmundur40@gmail.com




Búvís
www.buvis.is Sími 465 1332
Rauch áburðardreifari
MDS 20,2 K kr. 890.000.- án vsk
Samasz
Sláttuvél KT341
miðjuhangandi
Vinnslubreidd 3,4 metra
Kr. 2.490.000.- án vsk
Samasz
Heyþyrla P8-890
Vinnslubreidd 8,9 metrar
Kr. 3.490.000.- án vsk
SaMASZ
Samasz
Rakstravél Z2-840
Vinnslubreidd 8,4 metrar
Kr. 4.890.000 - án vsk
Samasz
Snjóplógur PSV-271
Vinnslubreidd 2,7 metrar
Kr. 795.000.- án vsk
Samasz
Snjótönn RAM 300
Vinnslubreidd 3 metrar
Kr. 729.000.- án vsk
Samasz Tornedo 252
Snjóblásari
Kr. 1.790.000.- án vsk
Héraðsprent
TRAKTORSDEKK
ÝMSAR STÆRÐIR
Traktorsskóflur
1,2 metra Kr. 148.000.- án vsk
1,8 metrar Kr. 198.900.- án vsk
2,0 metrar Kr. 227.800.- án vsk
2,2 metrar Kr. 269.800.- án vsk
Afrúllari
3 Faza Kr. 1.369.000.- án vsk
1 Faza Kr. 1.390.000.- án vsk
TIKI KERRUR Í ÚRVALI
Ávinnsluherfi
4 metra Kr. 259.800.- án vsk
6 metra Kr. 498.900.- án vsk
Tiki CP-550 Snjósleðakerra
Burðargeta 1500 kg Kr. 717.742.- án vsk
kränzle
Háþrýstidælur
Verð frá kr. 65.355.- án vsk
Taðklær
1,2 metrar Kr. 269.900.- án vsk
1,5 metrar Kr. 339.900.- án vsk
1,8 metrar Kr. 379.900.- án vsk
Palmse Trailer
PALMSE
VAGNAR
Þyngdarklossar
400 kg. Kr. 169.800.- án vsk
600 kg. Kr. 169.800.- án vsk
800 kg. Kr. 209.800.- án vsk
1000 kg. Kr. 229.500.- án vsk
1200 kg. Kr. 289.000.- án vsk
1600 kg. Kr. 309.000.- án vsk
2500 kg. Kr. 562.800.- án vsk
Palmse
Malarvagn PT-1300
Burðargeta 13 tonn
Kr. 2.990.000.- án vsk
Palmse Vélaflutningavagn PT-5750
Burðargeta 16 tonn
Kr. 3.490.000.- án vsk

# AFLVÉLAR

# Öflug tæki í snjóhreinsun!

**Dráttarvélar, snjóplógar, snjóblásarar, salt/sanddreifarar.**



Tokvam | PRONAR | aebi schmidt group | solo by AL-KO | AL-KO QUALITY FOR LIFE


Tokvam fjölplógar


Pronar fjölplógar


Aebi-Schmidt snjóplógar


Al-ko snjóblásarar


Tokvam sanddreifarar


Pronar salt/sanddreifarar


Aebi-Schmidt salt/sanddreifarar


Aebi-Schmidt snjóblásarar


Tokvam snjóblásarar

**TRAUSTUR SAMSTARFSAÐILI**

**GARÐABÆ | AKUREYRI | SELFOSSI**
sími 480-0000 | www.aflvelar.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2018-2024